

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2021 til 2022

tekin saman af sviðsstjórum

Ida Løn
Kristjana Sigríður Skúladóttir

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2021 - 2022	5
1.1	Inngangur	5
1.2	Tölulegar upplýsingar.....	9
1.3	Fundarról skólaársins	12
1.4	Stiklur úr skólastarfinu	15
2	Skýrslur fagstjóra.....	24
2.1	Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó	24
2.1.1	Ergó	24
2.1.2	Íslenska.....	26
2.1.3	Danska.....	31
2.1.4	Enska	33
2.1.5	Samfélagsgreinar.....	35
2.1.6	Skapandi greinar	37
2.1.7	Þriðja tungumál.....	45
2.2	Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir.....	48
2.2.1	Hestabraut	48
2.2.2	Húsasmíði.....	52
2.2.3	Málm	54
2.2.4	Íþróttir.....	55
2.2.5	Rafvirkjun	57
2.2.6	Raungreinar.....	58
2.2.7	Stærðfræði	61
3	Bragi	64
4	Sérnámsbraut.....	67
5	Sjúkraliðabraut.....	75
6	Bókasafn.....	76
7	Skýrsla félagslífsfulltrúa	84
8	Flóafár 2022	85
9	Kátir dagar.....	89
10	Skýrsla jafnréttisfulltrúa.....	92
11	Skólastarf í fangelsum	93
12	Náms- og starfsráðgjöf.....	104
13	Grunnmenntabréf	110

14	Nemendur af erlendum uppruna	114
15	Ísan – íslenska sem annað mál	116
16	Kerfisstjóri og tölvuþjónusta	116
17	Prófstjórn	121
18	Fjarnám grunnskólanemenda	123
19	Sjálfsmat.....	125

Skólameistari

Olga Lís Garðarsdóttir

Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

Sviðsstjórar

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir, haustönn

Hafdís Garðarsdóttir, vorönn

Fagstjórar

Ágústa Ragnarsdóttir

Brynja Ingadóttir

Borgþór Helgason

Eyrún Björg Magnúsdóttir

Grímur Lúðvíksson

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir

Guðbjörg Grímsdóttir

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Lárus Gestsson

Ólafur Einarsson

Pelle Damby Carøe

Ragnheiður Eiríksdóttir

Sigprúður Harðardóttir

Sissel Tveten

Svanur Ingvarson

Sverrir G. Ingibjartsson

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorradóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

Bjarney Sif Ægisdóttir

Félagslífsfulltrúi

Gunnar Rafn Borgþórsson

Jafnréttisfulltrúi

Borgþór Helgason

Fréttastjóri heimasíðu

Jón Özur Snorrason

Aðstoðarskólameistari

Sigursveinn Már Sigurðsson

Tungumál, skapandi greinar,
samfélagsgreinar og Ergó
Stærðfræði, raungreinar, verknám,
hestamennska og íþróttir
Sérnámsbraut

Sérnámsbraut

Skapandi greinar

Þriðja mál

Málmiðngreinar

Samfélags- og viðskiptagreinar

Rafiðngreinar

Íslenska

Enska

Bragi

Stærðfræði

Húsasmíðagreinar

Raungreinar

Danska

Ergó

Ísan

Hestamennska

Verknám

Íþróttir

Sjálfsmatshópur

Ida Løn

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Sigursveinn Már Sigurðsson (formaður)

Kennslustjóri á Litla-Hrauni og Sogni

Gylfi Þorkelsson

Umsjón með Gettu betur

Stefán Hannesson

Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Umsjón með Grunnmenntabré

Bjarney Sif Ægisdóttir

1 Starfið veturinn 2021 - 2022

1.1 Inngangur

Skólaárið 2021 til 2022 var fertugastaogfyrsta starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og upptakur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknunum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og hvað má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, hvernig nemendur skiptast á brautir sem og hvernig þeim gekk að mæta í skólann og standast námskörfur.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, skólahalds fangelsa á Íslandi, sjálfsmats, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru birtar hér. Auk þess eru stakar skýrslur einnig aðgengilegar á vef skólans.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna mánudaginn 16. ágúst 2021 og starfsdegi kennara þriðjudaginn 17. ágúst, kennsla hófst samkvæmt stundaskrá kl. 8:15 miðvikudaginn 18. ágúst. Skrifstofan opnaði fimmtudaginn 5. ágúst.

Töflubreytingar voru rafrænar og fóru fram þriðjudaginn 18. ágúst á milli kl. 9:00 og 12:00.

Nýnemadagurinn fór fram þriðjudaginn 17. ágúst, nýnemar mættu í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla. Í meðfylgjandi töflu má sjá skipulag nýnemadags.

Nýnemadagur 2021								
17. ágúst								
Bragahópar 1 - 6 mæta kl 8:30								
Kynning m/ Bragakennara	Staðsetning Stofur	Tími	Hópur 1 - JSG 212	Hópur 2 - GRB 202	Hópur 3 - GGR 203	Hópur 4 - GG 204	Hópur 5 - SGI 205	Hópur 6 - RE 206
Lesið í gögn - IL og Bókasafn - Ella og Inga	201 og 202	8:50-9:10 9:10-9:30	Lesið í gögn 201 Bókasafn	Tölvukynning 303 Lesið í gögn 201	Námsráðgjafar - 310 Tölvukynning 303	Rölt um húsnæði Námsráðgjafar - 310	Bókasafn Rölt um húsnæði	Lesið í gögn IH 202 Bókasafn
Rölt um húsnæði		9:30-9:50	Rölt um húsnæði	Bókasafn	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar - 310	Rölt um húsnæði
Námsráðgjafar - AÓS, AF, BSÆ	310 og 315	9:50-10:10	Námsráðgjafar - 310	Rölt um húsnæði	Bókasafn	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar - 315
Tölvukynning - HH og KSS	303 og 306	10:10-10:30	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar - 310	Rölt um húsnæði	Bókasafn	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 306
Bragahópar 7 - 10 + sérnámsbr mæta kl 11								
Kynning m/ Bragakennara	Staðsetning Stofur	Tími	Hópur 7 - HC 207	Hópur 8 - BEJ 208	Hópur 9 - ÞMB 209	Hópur 10 - SS 210	Sérnámsbraut - LRL, ÞV, SP 211	
Lesið í gögn - IL	201	11:20-11:40	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar 310	Rölt um húsnæði	Bókasafn	
Bókasafn - Ella og Inga		11:40-12:00	Bókasafn	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar 310	Rölt um húsnæði	
Rölt um húsnæði		12:00-12:20	Rölt um húsnæði	Bókasafn	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar 310	
Námsráðgjafar - AÓS, AF, BSÆ	310	12:20-12:40	Námsráðgjafar 310	Rölt um húsnæði	Bókasafn	Lesið í gögn 201	Tölvukynning 303	
Tölvukynning - HH	303	12:40-13:00	Tölvukynning 303	Námsráðgjafar 310	Rölt um húsnæði	Bókasafn	Lesið í gögn 201	
Hvað er gert á hverri stöð?								
Kynning m/ Bragakennara	kynning á kennara, nöfn nemenda, kynning á Braga, hlutverk og innihald							
Lesið í gögn	kynning á Innu, stofunúmer, áfanganúmer, stundaskrá, skammstöfun kennara og fleira, áfangaskipting á þrep, fjölbrautakerfið, ábyrgð og sjálfstæði nemandans							
Bókasafn	kynning á bókasafni og þjónustu þar							
Rölt	sýna húsnæðið, fara í lðu, Hamar, koma við í mötuneyti, á skrifstofu							
Námsráðgjöf	kynning á þjónustu náms- og starfsráðgjafa							
Tölvukynning	nemendur fá skólalýkilorð til að tengjast Office365							
BRAG1SA01	Kennari	Fjöldi nemenda						
Hópur 1	Jón Sigursteinn JSG	25						
Hópur 2	Gunnar Rafn Bo GRB	24						
Hópur 3	Guðbjörg Gríms GGR	24						
Hópur 4	Guðfinna Gunnar GG	25						
Hópur 5	Sverrir G. Ingibjörk SGI	24						
Hópur 6	Ragnheiður Eirík RE	24						
Hópur 7	Hrefna Clausen HC	25						
Hópur 8	Bertha Ingibjörg BEJ	24						
Hópur 9	Þuríður Magnús ÞMB	24						
Hópur 10	Sólveig Sigmarsson SS	23						
Sérnámsbraut								
Hópur 1	Linda Rut Larsen LRL	7						
Hópur 2	Þorbjörg Vilhjálfr ÞV	6						
Hópur 3	Sigrún Þorkelsdóttir SP	7						
Nýnemar alls:	262							

Áfangamessan á haustönninni sem var haldin í salnum föstudaginn 22. október. Þar fá nemendur kynningu frá deildum á fjölbreyttu námsframboði skólans.

Síðasti kennsludagur haustannar var föstudaginn 3. desember.

Námsmatsvika haustannarinnar hófst mánudaginn 6. desember og lauk með sjúkraprófum mánudagurinn 13. desember.

Síðasti starfsmannafundur annarinnar var þriðjudaginn 14. desember en þá var **námsmat** einnig birt nemendum í Innu og rafræn prófsýning fór fram með þeim hætti að kennarar voru aðgengilegir nemendum sem vildu fara yfir námsmat annarinnar.

Brautskráning á haustönn fór fram laugardaginn 18. desember kl. 13:30. Tveir aðstandendur voru leyfðir með hverju útskriftarefni og þurftu allir að framvísa neikvæði covid-hraðprófi við komu.

Dúx skólans á haustönn 2021 var Ágúst Máni Þorsteinsson og hlaut hann jafnframt viðurkenning fyrir góðan árangur í ensku. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig verðlaun.

Viðurkenningar á brautskráningu, haustönn 2021

Nafn	Nánar
Alina-Mariana Rujuc	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í spænsku á stúdentsprófi.
Ágúst Máni Þorsteinsson	Viðurkenning fyrir góðan árangur í ensku á stúdentsprófi.
	Dúx skólans - viðurkenning fyrir mjög góðan námsárangur á stúdentsprófi.
Daniel Swiecicki	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku á stúdentsprófi.
Diljá Ósk Snjólfsdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íþróttum og íþróttifræðum.
Elísabet Anna Dudziak	Viðurkenning á stúdentsprófi fyrir mjög góðan árangur í félagsgreinum.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í þýsku á stúdentsprófi.
Hlynur Héðinsson	Viðurkenning fyrir framlag í þágu nemenda í stjórn NFSu.
Jónas Grétarsson	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íslensku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í þýsku á stúdentsprófi.

Vorönn 2022

Fyrsti kennsludagur vorannar var fimmtudagurinn 6. janúar. Kátir dagar voru miðvikudag 2. mars og fimmtudag 3. mars og Flóafár fylgdi svo í kjölfarið föstudaginn 4. mars. Allt kærkomnir uppbrotisdagar sem einkenndust af mikilli þátttöku og gleði. Áfangamessa var miðvikudaginn 9. mars og valdagur nemenda fimmtudaginn 17. mars. Síðasti kennsludagur vorannar var föstudagurinn 6. maí, námsmatsdagur hófust mánudaginn 9. maí og lauk með sjúkraprófum mánudaginn 16. maí. Síðasti starfsmannafundur vorannar fór fram þriðjudaginn 17 maí, en þá var námsmat birt nemendum í Innu auk þess sem prófsýningar fóru fram. Brautskráning vorannar var svo laugardaginn 21. maí.

Dúx skólans á vorönn 2022 var Bjarni Már Stefánsson og hlaut hann einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði, framúrskarandi árangur í íslensku, framúrskarandi námsárangur í náttúrufræðigreinum og viðurkenning raungreina frá Háskólanum í Reykjavík. Hildur Tanja Karlsdóttir hlaut Menntaverðlauna Háskóla Íslands sem er viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi þar sem fjölbreyttir hæfileikar hafa fengið notið sín, hér er sérstaklega nefnt: Tónlist, íþróttir, þátttaka í félagslífi og námsárangur. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig verðlaun.

Viðurkenningar á brautskráningu, vorönn 2022

Nafn	Nánar
------	-------

Anna Lára Ölversdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur í spænsku á stúdentsprófi.
Anton Björn Emilsson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur á starfsbraut allar 8 náms annirnar.
Bjarni Már Stefánsson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í íslensku á stúdentsprófi.
	Dúx skólans – viðurkenning fyrir mjög góðan námsárangur á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur í náttúrufræðigreinum á stúdentsprófi.
	Raungreina viðurkenning frá Háskólanum í Reykjavík.
Einar Ísak Friðbergsson	Viðurkenning fyrir frábær störf í félagslífi nemenda.
Elísabet Helga Halldórsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í skapandi greinum.
Friðgeir Stefánsson	Viðurkenning fyrir afburðar námsárangur í húsasmíðabraut, sérstakar þakkir fyrir góða viðkynningu og góða fyrirmynd fyrir aðra nemendur.
Guðmundur Bjarni Brynjólfsson	Viðurkenning fyrir frábær störf í félagslífi nemenda.
Guðmundur Heiðar Ágústsson	Viðurkenning fyrir góðan árangur í faggreinum húsasmíða.
Hákon Snær Hjaltested	Viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur í spænsku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir góðan árangur í þýsku á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku á stúdentsprófi.
Helga Melsted	Viðurkenning fyrir framsækni og sköpunarkraft í leiklist á stúdentsprófi.
Hildur Tanja Karlsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi.
	Menntaverðlauna Háskóla Íslands – viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi þar sem fjölbreyttir hæfileikar hafa fengið notið sín.
Hjalti Snær Helgasson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í rafvirkjun.
Hólmfríður Arna Steinsdóttir	Viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu, ástundun og dugnað í sögu á stúdentsprófi.

Hrund Isabien Gabon	Viðurkenning fyrir dugnað og einstakan stíl í myndlist á starfsbraut.
	Viðurkenning fyrir dugnað, vinnusemi og góðan árangur í ensku á starfsbraut.
Inga Jóna Þorbjörnsdóttir	Viðurkenning fyrir frábær störf í félagslífi nemenda.
Júlía Ingvarsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í rafvirki.
Júlía Lis Svansdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir glæsilegan árangur í félagsgreinum á stúdentsprófi.
	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í ensku á stúdentsprófi.
Kolbrún Birna Gunnlaugsdóttir	Viðurkenning fyrir glæsilegan árangur í sálfræði á stúdentsprófi.
Lilja Rós Júlíusdóttir	Viðurkenning fyrir mikinn sköpunarkraft, eljusemi og leikgleði í leiklist á stúdentsprófi.
Pétur Þór Brynjólfsson	Viðurkenning fyrir góðan metnað í vélvirkjanámi.
Sigrún Ólöf Sigurðardóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur, þrautseigju og einstaklega frjóa hugsun í myndlist.
Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir	Viðurkenning fyrir frábær störf í félagslífi nemenda.
Sunna Lind Sigurjónsdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur á hestalínu stúdentsbrautar.
	Verðlaun í reiðmennsku á vetrarleikum FSu, veturinn 2020-21.
Svala Norðdahl	Viðurkenning fyrir mikinn skapandi hugsun, frumkvæði og þor í leiklist á stúdentsprófi.
Þórhildur Nilam Kristjánsdóttir	Þórhildur hefur sýnt framúrskarandi árangur í matreiðslu á starfsbraut.
Þrúður Sóley Guðnadóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íþróttum og íþróttافرæðum.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2021 voru nemendur í dagskóla 894 talsins þann 9. september sem notaður er til viðmiðunar fyrir fjölda nemenda sem hóf nám þennan vetur. Þar af voru nýnemar 261 talsins, sem er mesti fjöldi nýnema í sögu skólans. Þá voru nemendur 20 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla voru 26 nemendur skráðir og í fangelsunum voru skráðir nemendur 52 talsins. Alls voru því 992 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi haustannar. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 26.563 einingar en stóðust við lok hennar 22.168 einingar. Þetta táknar að tæplega 17% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar má geta þess að haustið 2020 töpuðust rúmlega 21% eininga og haustið 2019 tæplega 18%. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt

Þessum tölum, er því talsvert betri en síðustu tvær haustannir. Einingatap tengist því til dæmis að nemendur standast ekki námsmat eða að þeir hverfa frá námi af ýmsum ástæðum fyrir lok annar.

Í upphafi vorannar 2022 voru, viðmiðunardaginn 27. janúar, 814 skráðir nemendur í dagskóla. Þá voru nemendur 25 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 16 og þá stunduðu 22 grunnskólanemendur staðnám í verklegum kynningaráföngum, annars vegar í hárgreiðslu og hins vegar í matreiðslu. Í fangelsunum voru skráðir nemendur 70 talsins. Alls voru það því 945 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi vorannar. Nemendur í dagskóla lögðu undir 23.568 einingar við upphaf annar og undir lok hennar höfðu nemendur staðist 19.179 einingar. Þetta táknar að tæplega 19% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar má geta þess að vorið 2021 töpuðust 16% eininga og vorið 2020 tæplega 19%. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því lakari en sl. vor en svipaður og vorið 2020.

Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárið 2021-2022 m.v. viðmiðunardagana 9. september og 27. janúar.

Fjöldi nemenda á brautum		Haustönn 2021	Hlutfall	Vorönn 2022	Hlutfall
GMF	Grunnnám matvæla- og ferðagreina	4	0.45%	0	0.00%
GHÁ	Grunnnám háriðna	12	1.34%	11	1.36%
GRB	Grunnmenntabré	45	5.03%	38	4.70%
HES	Hestaliðabré	2	0.22%	15	1.86%
HÚS	Húsasmíðabré	66	7.38%	74	9.16%
ÍPB	Íþróttabré	7	0.78%	5	0.62%
LNB	Listnámsbré	12	1.34%	13	1.61%
RA	Rafvirkjabré	65	7.27%	54	6.68%
SB	Starfsbré	69	7.72%	61	7.55%
SJ	Sjúkraliðabré	21	2.35%	15	1.86%
ST-1	Stúdentsbré - opin lína	264	29.53%	258	31.93%
ST1-A	Stúdentsbré - alþjóðalína	8	0.89%	3	0.37%
ST1-F	Stúdentsbré - félagsgreinalína	47	5.26%	39	4.83%
ST1-Í	Stúdentsbré - íþróttalína	56	6.26%	50	6.19%
ST1-N	Stúdentsbré - Náttúrufræðilína	81	9.06%	66	8.17%
ST1-VH	Stúdentsbré - Viðskipta- og hagfræðilína	23	2.57%	22	2.72%
ST-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	3	0.34%	1	0.12%
ST2-H	Stúdentsbré - hestalína	22	2.46%	8	0.99%
ST2-L	Stúdentsbré - listalína	29	3.24%	26	3.22%
VV	Vélvirkjabré	58	6.49%	49	6.06%
Samtals:		894	100.00%	808	100.00%

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands leggja nemendur stund á fjölbreytt nám og í eftirfarandi töflu má sjá hversu margir stunduðu nám í iðnnámi, starfsnámi, bóknámi og á sérnámsbré síðastliðinn vetur.

	Haustönn 2021	Vorönn 2022	
Nemendur á iðnbrautum	205	188	GHÁ, GMF, HÚS, RA og VV
Nemendur á starfsnámsbrautum	74	64	HES, SJ, ST2-H og ST2-L
Nemendur á bóknámsbrautum	546	495	GRB, ÍPB, LNB, ST-1, ST1-A, ST1-F, ST1-Í, ST1-N, ST1-VH og ST-2
Nemendur á starfsbré	69	61	SB

Samtals:	894	808	
----------	-----	-----	--


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig nemendur skólans skiptast eftir kyni:

Nemendafjöldi – Kyn	Haustönn 2021	Hlutfall	Vorönn 2022	Hlutfall
Kk	498	55.70%	453	56.06%
Kvk	396	44.30%	355	43.94%
Samtals:	894	100%	808	100%


Eftirfarandi tafla sýnir hvernig aldursskipting nemenda var þetta skólaárið:

Nemendur undir 18 ára	Haustönn 2021	Hlutfall	Vorönn 2022	Hlutfall
kk	276	30.87%	222	27.48%
kvk	243	27.18%	193	23.89%
Samtals:	519	58.05%	415	51.36%
Nemendur eldri en 18 ára	Haustönn 2021	Hlutfall	Vorönn 2022	Hlutfall
kk	222	24.83%	231	28.59%
kvk	153	17.11%	162	20.05%
Samtals:	375	41.95%	393	48.64%
Heildarfjöldi nemenda	894		808	


Nemendur í Fjölbautaskóla Suðurlands koma víða að. Stærstur hluti er þó úr Árborg, Hveragerði og Ölfusi. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig búseta nemenda sl. vetur skiptist eftirpóstnúmerum.



Eftirfarandi mynd sýnir hversu margar einingar nemendur höfðu í stundartöflunni sinni á viðmiðunardögum haustannar 2021 og vorannar 2022. Inni í þessum nemendafjölda eru allir nemendur skólans, þ.m.t. grunnskólanemendur sem stunda fjarnám í stökum áföngum.



Einkunnadreifingu fyrir skólaárið 2021-2022 má sjá á eftirfarandi mynd. F stendur fyrir fall án tölulegrar einkunnar, t.d. ef nemandi fellur á mætingu og er sjálfkrafa skráður úr áfanga eða hann skilar sér ekki til lokaprófs. H táknar að nemandi hætti sjálfur í áfanganum og S stendur fyrir staðinn áfanga án tölulegrar einkunnar.



1.3 Fundarról skólaársins

Fundir á haustönn voru að einhverju leyti á Teams vegna Covid19.

Haustönn 2021	Miðvikudag 12:40-13:10	Miðvikudag 15:00-16:00	Föstudag 14:35-15:30
25.-27. ágú.	Samráð í fögum	Samráð í fögum	
1.-3. sept.		Fundur með fagstjórum	Kennarafundur
8.-10. sept.	Samráð í fögum	Samráð í fögum	Afmæliskaffi á Sal
15.-17. sept.	Samráð í fögum	Samráð í fögum	Kennarafélagsfundur
22.-24. sept.	Sjálfsmat – ytra mat?	Sjálfsmat – ytra mat?	
29. sept.-1. okt.			
6.-8. okt.	Miðannarmat og undirbúning fyrir áfangamessu	Miðannarmat og undirbúning fyrir áfangamessu	Skil á miðannarmati og kennarafundur
13.-15. okt.	Áfangamessa		Haustfrí/verkefnadagur
20.-22. okt.	Valdagur	Valdagur	Kennarafundur – úrvinnsla efnis frá starfsdögum maí '21
27.-29. okt.			Kennarafundur
3.-5. nóv.			
10.-12. nóv.			Kennarafundur (RGB/HH)
17.-19. nóv.	Samráð í fögum	Samráð í fögum	Kennarafundur
24.-26. Nóv	Samráð í fögum	Samráð í fögum	Kennarafundur - lok annar
1.-3. des.	Samráð í fögum	Samráð í fögum	Síðasti kennsludagur
15. des.	Ritun á framhaldsskólastigi kl. 10:00-11:30		

Fundir á vorönn voru á staðnum eða Teams allt eftir eðli fundarins.

Vorönn 2022	Miðvikudag 12:40-13:10	Miðvikudag 15:00-16:00	Fimmtudag 14:35-15:30	Föstudag 14:35-15:30
12. - 14. jan.				Kennarafundur

19. - 21. jan.		Deildarfundir og samráð í fögum		
28. - 30. jan.		Deildarfundir og samráð í fögum		Fagstjórafundur
2. - 4. feb		Deildarfundir: Íslensku, stærðfræði og ensku		Kennarafundur
9. - 11. feb.		Deildarfundir og samráð í fögum		Sjálfsmat - fundur með nemendum og kennurum
16. - 18. feb.		Deildarfundir og samráð í fögum		
23. - 25. feb.		Deildarfundir: Íslensku, stærðfræði og ensku		Kennarafundur
2. - 4. mars	Skil á áföngum í boði fyrir H22 og Kátir dagar	Kátir dagar	Fyrirlestur fyrir kennarar	Miðannarmat (skil) og Flóafár
9. - 11. mars	Áfangamessa, undirbúningur	Áfangamessa		
16. - 18. mars	Valdagur	Valdagur		
23. - 25. mars				Kennarafundur
30. mars - 1. apr.		Deildarfundir og samráð í fögum		Kennarafélagsfundur í Hamri
6. - 8. apríl		Deildarfundir: Íslensku, stærðfræði og ensku		
11. - 19. apríl	Páskafrí	Páskafrí	Páskafrí	Páskafrí
20. - 22. apríl			Sumardagurinn fyrsti	
27. - 29. apríl		Fundur með grunnskólum kl. 14-16: Danska, enska,		Skólafundur


		Íslenska og stærðfræði		
4. - 6. maí				Síðasti kennsludagur og kennarafundur

1.4 Stiklur úr skólastarfinu

Fréttir eru úr smíðju Jóns Özurar Snorrasonar og teknar af heimasíðu skólans.

Nýnemar og kvöldskóli

Þrátt fyrir veirufaraldur fór skólastarf í FSu vel af stað, bjart var bæði yfir nemendum og starfsfólki og fjölbreytni og kraftur skólastarfinu. Segja má að miðrými skólans í aðalbyggingunni Odda sé vel hannað til að höndla þær ráðstafanir sem grípa þurftu til en bæði er þar hátt til lofts og vítt til veggja.



Að sögn Sigursveins Sigurðssonar aðstoðarskólameistara voru skráðir nemendur í dagskóla á haustönn 910 og þar af 261 nýnemi sem er metfjöldi nýnema frá upphafi skólastarfs í FSu. Heildartala nemanda í gegnum árin hefur farið yfir eitt þúsund en nýnemar hafa aldrei verið eins margir. Skýringin segir Sigursveinn liggja helst í fjölmönnum árgöngum og að mikil fjölgun eigi sér stað á upptökusvæði skólans og sérstaklega á Selfossi. Við FSu starfaði rúmlega eitt hundrað manns þar af 75 kennarar.

Kvöldskólinn hóf starfsemi sína en hann er nýjung til að svara eftirspurn um nám í anda gömlu öldungadeildarinnar. Um áramótin 2020-2021 var farið af stað með einn hóp í rafvirkjun og annan í húsasmíði. Þetta er viðbót við hefðbundið skólastarf og eflir menntun í héraði.

Grænu skrefin

Skólinn er virkur þátttakandi í verkefninu GRÆN SKREF en markmið þess er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í opinberum rekstri og efla umhverfisvitund starfsmanna. Þátttakan sjálf er fjármögnuð af umhverfisráðuneytinu en kostnaður hvernar stofnunar felst í því að skipta yfir í umhverfisvænni rekstur sem leiðir að lokum til sparnaðar og minni losunar á CO2. Verkefnið er skipt í sjö flokka, sá fyrsti nefnist Miðlun og stjórnun, annar nefnist Innkaup og Samgöngur er þriðji flokkurinn þar sem boðið er upp á samgöngusamninga við starfsfólk og að bílar gangi fyrir umhverfisvænum orkugjöfum. Rafmagn og húshitun er fjórði flokkurinn og snýst um orkusparnað. Fimmti felur í sér markvissa flokkun á sorpi. Sjötti um viðburði og fundi og sá sjöundi og síðasti um eldhús og kaffistofur þar sem draga skal úr matarsóun og nýta betur matvæli úr plönturíkinu.

Karl Hoffritz, húsvörður FSu er verkefnastjóri Grænna skrefa en með honum starfar teymi stjórnenda og starfsmanna. Skólinn festi kaup á splunku nýjum rafmagnsbíl af Nissan gerð á árinu, hann nýttist í margskonar þjónustu meðal annars á hestabraut þar sem nemendum er ekið í Votmúla, til daglegra erinda og á starfsbraut skólans svo eitthvað sé nefnt. Segja má að málsháttur gamla íslenska bændasamfélagsins að allt sé vænt sem vel er grænt hafi tekið sjálfbæra og óbendsíndrifna stefnu í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Fimmtudaginn 5. maí var úttekt í skólanum og bættum við þá við okkur fimmta skrefið.

Fjörutíu ára afmæli skólans

Fjölbrautaskóli Suðurlands átti fjörutíu ára starfsafmæli mánudaginn 13. september.

Vegna faraldurs var stórum afmælisfagnaði slegið á frest. En þó blésu stjórnendur og starfsmenn skólans til notalegrar samveru eftir kennslu síðastliðinn föstudag, 10. september þar sem Jóhann Böðvar Sigþórsson bakari FSu bar á borð dýrindis krásir og Agnes Ósk Snorradóttir námsráðgjafi skreytti borð í Gaulverjabæ, hátíðarsal skólans, með dyggri aðstoð margra starfsmanna.

Nokkrir tóku til máls þar á meðal fulltrúar ungmennafélags skólans, sem eru þeir sem hætt hafa störfum vegna aldurs, Elísabet Valtýsdóttir dönskukennari, Vera Valgarðsdóttir frönskukennari og Nanna Þorlákssdóttir skrifstofumær og færðu skólanum blómvönd. Sigprúður Harðardóttir, núverandi kennari og þáverandi nemandi (árið 1981) tók til máls og vitnaði til samtals sem hún átti nýverið við Heimi Pálsson, fyrsta skólameistara FSu þar sem hann sagði orðrétt: „Það var ungur, næstum barnungur skólameistari sem setti skólann fyrir 40 árum. Raunverulegur skólasetningadagur átti að vera mánudagur en skólameistaraefnið var nógu þjóðrækið og hjátrúarfullt til að segja við skólanefndina: Við byrjum ekki róður á mánudegi. Ég set skólann á sunnudegi þó svo ég brjóti kjarasamninga og allar reglur. Þetta verður nógu erfiður róður samt. Hann varð erfiður, en hann var undursamlegur.“ Síðast en ekki síst tóku Örlygur Karlsson fyrrverandi skólameistari og fulltrúi Hollvarðasamtaka FSu og hinn margfleygi Svanur Ingvarsson, fagstjóri verknáms og þáverandi nemandi árið 1981, til máls og sögðu sögur af menningu og menntun.

Hársnyrtið

Verknámshúsið Hamar var tekið í notkun árið 2017 og jókst þá framboð á fjölbreyttu iðn- og

starfsnámi við skólann. Nú eru starfræktar sex slíkar námsbrautir: grunnnám matvæla- og ferðagreina, grunnnám hársnyrtiiðnaðar, húsasmíðabraut, rafvirkjabraut, sjúkraliðabraut og vélvirkjabraut.

Byrjað var að kenna hársnyrtiiðni við FSu haustið 2017 sem var frábær og þörf viðbót við flóru verknámsins. Námið var upphaflega skipulagt sem þriggja ára nám sem telst vera grunnnám. Þá var ákveðið að bæta fjórðu önninni við haustið 2020. Fjöldi nemenda í háriðni eru að hámarki tólf og hafa stúlkur verið í meirihluta en strákar eru í sókn. Mikil aðsókn hefur verið í námið og fullsetnir bekkirnir frá upphafi en nýir nemendur eru teknir inn í deildina á tveggja ára fresti. Að loknum fjórum önnum í FSu geta nemendur lokið síðustu tveimur önnunum í Tækniskólanum í Reykjavík eða Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Fullt nám í hársnyrtiiðni tekur þrjú ár og þurfa nemendur að vera eitt ár að auki á námssamningi á hársnyrtistofu. Að þessu loknu fara þeir í sveinspróf og ná þá réttindum til að starfa við fagið. Nemendur læra allt sem viðkemur hári, höfuðlagi og líkamsbyggingu. Þeir læra þá miklu tækni sem snýr að klippingum og efnafræði er mikil í kring um litanir og permanent og verklýsingar af öllum verkefnum eru ítarlegar. Auk þess læra nemendur um mikilvægi mannlegra samskipta, góða mannasiði og líkamsbeitingu.

Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema

Árleg forkeppni í stærðfræðikeppni framhaldsskólanema fór fram í framhaldsskólum landsins að morgni þriðjudags 28. september 2021. Í FSu var keppnin haldin í kennslustofunni Iðu-5. Íslenska stærðfræðafélagið og Félag raungreinakennara standa fyrir keppninni.

Tengsl skólastarfs og atvinnulífs

Gjafir berast reglulega skólastarfinu í FSu. Að baki þeim býr stuðningur frá fyrirtækjum og félagasamtökum í þeim tilgangi að efla menntunina sem þar fer fram og uppfæra tæki og tækni sem eru í stöðugri þróun. Það er mikilvægt að atvinnulíf og öflugt skólastarf séu í gagnvirkni og skilningsríku sambandi og segja má að gjafir af þessu tagi séu tákmynd þessa samstarfs.

Við upphaf haustannar barst FSu höfðingleg gjöf frá Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi (FRS). Um er að ræða tíu skjástýrivélar af gerðinni Unitronics Samba 43. Þessi búnaður er notaður til kennslu í lokaáfangu stýringa. Vélarnar auka hæfni nemenda í forritun iðnstýringa auk gerð skjámynda og notendaviðmóts.

Vélvirkjun

Sveinspróf í Vélvirkjun var haldið í FSu dagana 10. til 12. september. Fimm nemendur þreyttu prófið sem skiptist í fjóra hluta. Fyrst var tekið tveggja tíma skriflegt próf úr öllu námsefni síðustu þriggja ára með fjölbreyttum spurningum þar á meðal um burðarþol stáls og um réttindi og skyldur á vinnustað. Þá var hafist handa við smíðina og unnið í rennibekk og fræsara. Að lokum voru tekin suðupróf, bilanagreiningarpróf á stórri díselvél og framkvæmdar slitmælingar á vélum.

Þá var á dögunum tekin í notkun smíðja eða það sem kallað er AFL og er það í fyrsta skiptið svo vitað sé að nemendur fá að hita stál í afli hér í skólanum. Mæltist þetta vel fyrir að sögn Borgþórs Helgasonar fagstjóra málmiðngreina og verður aflið keyrt í gang á næstu önnum sem kynning á gömlu handbragði. Svo gerðist sá merki atburður á síðustu vorönn að Títaníum var rennt í fyrsta skiptið hér í FSu. Títaníum er mög dýrt efni og fékkst þessi öxulbútur sem gjöf frá

stoðtækjafyrirtækinu Össuri. Títaníum er notað við smíði á gerfiliðum í fólk. Hjá Össuri starfa vélvirkjar og rennismiðir við smíði stoðtæki á sambærilegar vélar og eru í FSu. Þá gerðist það líka á vormánuðum að stór díselvél 28L Cummins var gangsett en hún er gjöf frá velunnurum skólans.

Önnur og sérlega glæsileg gjöf barst vélvirkjadeild FSu nú á dögunum frá fyrirtækjunum Össuri og Formúla1. Um er að ræða öxla úr áli, stáli og plasti sem nýtast við kennslu í rennismiði og CNC kennslu. Einnig fengust að gjöf stálhaldari og renniplatti fyrir rennibekkina, fræsitenur miðjuborar og fleira. Að sögn Borgþórs er þessi gjöf „gríðarlegur stuðningur fyrir vélvirkjadeild skólans en um er að ræða öxla og verkfæri í hæsta gæðaflokki. Stálhaldaranir komu frá Steingrími í Formúla 1 ehf og heita Kennametal en Formúla 1 er helsti innflutningsaðili á verkfærum fyrir rennismiði og CNC vinnslu á Íslandi.”

Öflugt samstarf hefur verið milli rafvirkjadeildar FSu, vélvirkjadeildar og Fablab við smíði á prentplötum og undirstöðum fyrir Arduino smátölvur. Voru notaðir CNC tæki bæði í Fablab og vélvirkjadeild til þess að útbúa þessa hluti. Þetta er í fyrsta skiptið sem CNC tæknin er notuð til þess að búa til prentplötur og leysir hún gamla tækni af hólmi. Þá skal að lokum nefna nýstárlega aðferð við kennslu í burðarþoli sem felst í notkun á þrívíddarteikniforritinu Inventor.

Trésmíði á Litla Hrauni

Á haustönn var í fyrsta skipti boðið upp á trésmíðaáfangu í skólanum á Litla Hrauni. Áfanginn er valáfangi þar sem nemendur kynnast grunnatriðum trésmíðinnar. Lögð er áhersla á að nemandinn tileinki sér faglega nálgun á þau verkefni sem unnin eru samhliða áfanganum. Kenndar eru samsetningar, lausnir og hugtök sem leggja grunninn að góðum vinnubrögðum við almenna trésmíði. Nemendur læra að meðhöndla og beita helstu tækjum og vélum sem notuð eru í smíðinni. Einnig er fjallað um tré sem smíðaefni og uppbyggingu þess. Sex nemendur eru í áfanganum, allir samstilltir og jákvæðir, mæta einstaklega vel og eru mjög áhugasamir um námið.

Til að styrkja þessa nýjung í kennslu fanganna voru keyptir fjórir hefilbekkir á trésmíðaverkstæðið og bæta þeir aðstöðuna til muna.

Vettvangsferð að gosstöðvunum

Mánudaginn 11. október fóru nemendur í jarðfræði að frumkvæði og undir leiðsögn Heklu Þallar Stefánsdóttur landfræði og jarðfræðikennara í vettvangsferð að gosstöðvunum sem kenndar hafa verið Fagradalsfjall á Reykjanesi. Tilgangur og markmið var að fræðast um eldgos, hraun, hraunrennsli og kanna steindir. Það var engin virkni í gýgnum þennan daginn en nemendur sáu brennisteinsútfellingar þekja gýgin og fundu steindirnar olivin og plagíóklas sem einkenna gjarnan basískt berg. Falleg hraunreiði var einnig hægt að sjá í hrauninu. Nemendur ræddu við erlenda ferðamenn á staðnum sem gengu á hrauninu og þeir upplýstu þá um hættur sem geta fylgt því.

Heimsókn bandaríks blaðamanns og skálds

Miðvikudaginn 20. október fengu nemendur á 3. þrepi í barna- og unglingabókmenntum í heimsókn bandaríska rithöfundinn og blaðamanninn Lori Kozlowski frá Los Angeles en hún dvaldi í sama mánuði á Gullkistunni á Laugarvatni við ritun eigin skáldsögu sem gerist á Íslandi og á meðal íslenskra unglinga.

Langaði hana að fræðast um viðhorf og gildismat ungs fólks á Íslandi. Eftir almenna kynningu og spjall um unglingabækur óskaði hún eftir að fá að taka viðtöl við sex nemendur. Svæðið fyrir framan

stofu 201er sérlega hentugt og hlýlegt til þess. Hún sat með blokk og spurði þau eins og reyndur blaðamaður hvernig væri að alast upp á Íslandi og um fyrstu minningu þeirra í barnæsku? Hvað þau gera sér til skemmtunar og hvernig þau skemmta sér? Hún spurði um vonir þeirra og væntingar um framtíðina og hvernig þau sjá heiminn eftir tíu ár? Hvað þau langar til að gera í framtíðinni og hvort þau séu meðvituð um loftslagsvána svo nokkuð sé nefnt.

Allt mun þetta rata í unglingabókina þegar hún kemur út. Nemendur sýndu Lori áhuga og því sem hún var að gera. Þeir stóðu sig allir með þrýði, voru afslöppuð og frjáls í hugsun og vildu öll halda áfram að búa á Íslandi í framtíðinni. Lori var bæði þakklát fyrir að fá þetta tækifæri og heilluð af nemendum FSu.

Heimsókn frá Kvikmyndaskóla Íslands

Stefán Hannesson kennari í íslensku og kvikmyndafræði stóð fyrir heimsókn Kvikmyndaskóla Íslands í FSu sem átti sér reyndar stað 16. nóvember. Í kynningunni var farið yfir starfsemi Kvikmyndaskólans og námskipulag. Einnig var stuttmynd nemenda skólans sýnd ásamt ýmsum tólum sem notuð eru við kvikmyndagerð. Stefán hefði orð á því að nemendur FSu voru sérlega áhugasamir um þetta nám og aldrei að vita hvort þeir leggi það fyrir sig enda má geta þess að fyrrum nemandi FSu, Hulda Kristín Kolbrúnardóttir var annar nemandi Kvikmyndaskólans sem kynnti starfsemi hans ásamt Pálma Heiðmanni Birgissyni.

Gettu Betur

Í undirbúningi liðsheildar FSu í keppninni í ár lá að baki metfjöldi þátttakenda og eftir langt inntökuferli stóðu þrír nemendur upp úr og skipuðu því lið FSu árið 2022: Ásrún Aldís Hreinsdóttir, Bjarni Már Stefánsson og Júlía Lis Svansdóttir. Fyrir jólahátíðina fóru fram stífar æfingar. Þjálfari liðsins var Stefán Hannesson.

Lið FSu sigraði fyrstu umferðunum, í fyrri umferðinni var lið Flensborgarskólans lagt að velli og í þeirri síðari lið Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Sannarlega glæsilegur árangur þriggja frábærra nemenda, þess má geta að mottó liðsins var CE LA VIE sem vísar í að dvelja í núinu þar sem leikgleðin er í fyrirrúmi.

Liðið tók þátt í sjónvarpskeppninni í fyrsta skiptið í þrjú ár og er þetta í tólfta sinn sem FSu kemst í sjónvarpskeppnina. Mörgum er það minnisstætt að FSu er fyrsti sigurvegarinn í sögu Gettu betur þegar þeir lögðu einmitt Flensborgarskólann að velli árið 1986. Andstæðingur FSu í sjónvarpinu föstudagskvöldið 4. febrúar var Verslunarskóli Íslands sem sigraði með 30 stigum gegn nítján og þar með lauk okkar þátttaka að þessu sinni.

Myndlistasýning og skapandi áfanga

Nemendur í framhaldsáföngum fékk þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum þegar þeir settu upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Að þessu sinni voru það aðallega nemendur í módeláfanga á þriðja þrepi og einn til sem sýndi í Listagjálni á Bókasafni Árborgar. Sýningin var opin frá 20. janúar til 20. febrúar. Verkin voru unnin á haustönn 2021 út frá skissum af lifandi módeli. Valdar skissur voru síðan unnar áfram í blýant, grafík, leir, vatnsliti og fjölbreytta blandaða tækni og lokaverkefni þar sem unnið var með akrýl á striga.

Aðrar fréttir af listalínu FSu eru þær að margt er þar á seyði og áhugi nemenda mikill. Boðið er upp á fjölbreytt úrval áfanga sem eru opnir öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á brautinni

eður ei. Veggjalistin færir út kvíarnar og á vorönninni var veggurinn vallar megin fyrir austan Odda málaður.



Kátir Dagar og Flóafár

Kátir Dagar og Flóafár voru haldnir í fyrstu viku marsmánaðar og tókust sérlega vel að þessu sinni. Skipulag var gott og þátttaka góð og mikið líf í gula húsinu við Tryggvagötu. Segja má að flestir hafi verið búnir að bíða nokkuð lengi eftir uppákomum af þessu tagi eftir veirufrestun síðustu tvö ár.

Á Kátum dögum voru haldin fjölbreytt námskeið, kynningar og uppákomur en í Flóafári hópuðust nemendur í lið og kepptu í öllum námsgreinum skólans. Hvert lið fær sérstakt heimasvæði til að skreyta og síðan keppa þau í þrautunum út um allan skóla sem kennarar hafa útbúið. Hugmyndaauði liðanna í útliti og skipulagningu heimasvæða var mikil að venju og fór keppnin vel fram.



Fjögur lið voru skráð til leiks að þessu sinni og fá þau þrjár vikur til að undirbúa þema og skipuleggja sig. Þau nefndust Wild West, Harry Potter, Premier League og Himnaríki. Svo fór að Harry Potter liðið sigraði að lokum en einnig voru veitt sérstök verðlaun fyrir árangur í einstökum greinum. Starfsmenn skólans leggja mikið á sig í Flóafári við undirbúning og íklæðast svo skemmtilegum búningum. Að þessu sinni var það Pelle Damby Carøe dönskukennari sem fékk viðurkenningu fyrir sinn búning þegar hann mætti í gervi ofurhetjunnar sem kennd er við leðurblöku og heitir á ensku Batman.

Ferð til Kýpur

FSu tekur reglulega þátt í Erasmus+ samstarfsverkefnum. Í mars fór hópur frá skólanum til Kýpur til að taka þátt í verkefni sem kallast Reduce. Samstarfslöndin í þessu verkefni eru Þýskaland, Kýpur, Reunion og Azoreyjar. Tilgangur og markmið er að framfylgja markmiði verkefnisins og að kynnst nýrri menningu og þetta samstarf milli Evrópuþjóða. Reduce verkefnið miðar að því að draga úr vist- og kolefnisspori. "Reduction of our Ecological footprint and oUr Co2 Emission" og það er dregið saman í skammstöfuninni "REDUCE".

FSu hópurinn sem fór til Kýpur stóð saman af tveimur kennurum og 12 nemendum sem tengjast umhverfisnefnd skólans og umhverfisfræðiáfanga auk fulltrúa úr nemendaráði. Dagskráin á Kýpur snerist m.a. um fyrirlestra um umhverfismál og neysluvatn, kynningu á sjálfbærri fiskeldi, framsetningu á listrænum skilaboðum um gildi vatns og rannsókn á náttúrulegri vatnsuppsprettu. Farið var mjög víða um eyjuna og margt áhugavert bar fyrir augu auk upplifunar á samfélagi sem er að mörgu leiti frábrugðið því íslenska. Það er mikilvægt að nefna hversu jákvæðir nemendur okkar voru og viljugir til að taka þátt í öllu og sýna frumkvæði. Ferðin krafðist mikillar lífsleikni þar sem krefjandi samvinna milli ólíkra menningarhluta, ólíkra einstaklinga og ólíks aldurs átti sér stað á löngum vinnudögum. (Ágústa Ragnarsdóttir skrifaði.)

Söngkeppni

Emilía Hugrún Lárusdóttir vann söngkeppni NFSU sem var haldin í mars. Emilía Hugrún söng lagið Í'd

rather go Blind með Ettu James. Keppnin var að venju stórglæsileg og umgjörðin öll til fyrirmyndar en að þessu sinni var yfirskrift keppinnar Mamma Mía.

Í öðru sæti varð Elísabet Björgvinsdóttir, en hún söng lagið Jealous með Labrinth Smith og í þriðja sæti varð Klara Ósk Sigurðardóttir en hún söng lagið New York State of Mind með Billy Joel. Verðlaun fyrir skemmtilegasta atriðið fékk Aron Birkir Guðmundsson sem flutti lagið Don't stop me now með Queen. Hljómsveitin No Sleep sá um undirleik og rúmlega fimm hundruð manns sátu í salnum og nutu góðgerðanna.



Tólf keppendur tóku þátt en þeir voru valdir í forvali fyrir á skólaárinu og var kynnir kvöldsins Vilhelm Anton Jónsson eða Villi Naglbítur og var hann „gjörsamlega frábær“ að mati nemenda. Og gildi það sama um hljómsveitirnar og skipulag tæknigúrúsins og fyrrum nemanda FSu, Sigurgeirs Skafta Flosasonar. Söngatriðin voru öll mjög góð og átti dómnefnd úr vöndu að ráða.

Sigurvegari kvöldsins var fulltrúi skólans í aðalkeppninni, Söngkeppni Framhaldsskólanna, en Emilía gerði sér litið fyrir og vann þegar aðalkeppnin fór fram í Íþróttahöllinni á Húsavík sunnudaginn 3. apríl.

Hestabrautin

Vetrarleikum Hestabrautar FSu fóru fram 3. mars.

Segja má að Unnsteinn Reynisson frá Hurðarbaki í Flóa hafi rúllað vetrarleikum ársins upp að þessu sinni á gæðingnum Styrk frá sama bæ. Það var erfitt færi og mikil hálka sem reyndi mikið á knapana sem urðu að ríða eftir aðstæðum. Kristín Hrönn Pálsdóttir frá Dverghamri í Flóa, á hestinum Gaumi frá Skarði, varð í öðru sætið og Sunna Lind Sigurjónsdóttir, frá Efstu-Grund undir Eyjafjöllum, endaði

þriðja á Sókrates frá Árnanesi. Sunna Lind hlaut einnig reiðmennsku verðlaunin frá hestavöruverslun Baldvins og Þorvaldar.

Mjólkurtöltilið sigraði Arndís Ólafsdóttir frá Halakoti við Selfoss, á Álfasteini frá Magnússkógum, en hann er stóðhestur úr ræktun ömmu og afa Arndísar. Sunna Lind Sigurjónsdóttir var önnur á heimaræktaða hestinum Skjálfta frá Efstu-Grund og Svandís Ósk Pálsdóttir frá Stokkseyri varð þriðja á hesti sínum Prinsi frá Kolsholti 3.

Fyrsta árs nemendur á hestabraut sáu um allan undirbúning og framkvæmd mótsins og tókst það virkilega vel, þrátt fyrir erfiðar veður aðstæður. Vetrarleikar FSu eru orðnir skemmtileg hefð sem hafa verið haldnir á ári hverju í sambandi við Káta daga í FSu, allt frá árinu 2006.

Leikfélagið endurvakið

Leikfélag FSu var endurvakið eftir langan veirusvefn en hefð hefur verið fyrir því í starfi skólans að setja upp leiksýningar. Þetta eru mikil gleðitíðindi og uppskeran eftir því: frumsamin gamansöngleikur sem ber nafnið Á bak við tjöldin. Höfundar verksins eru fjórir nemendur: Hanna Tara Björnsdóttir, Helga Melsted, Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir og Svala Norðdahl. Jafnframt því að semja verkið saman leikstýra þær því einnig og leika burðarhlutverk.



Fjölmarginir nemendur komu að sýningunni á einn eða annan hátt við að leika, syngja, dansa, hanna og sauma búninga, búa til sviðsmynd og stýra lýsingu. Verkið var sýnt í leikhúsi Leikfélags Hveragerðis dagana 22., 23. og 24. apríl. Viðbrögð leikhúsgesta var mjög jákvæð.

Umhverfisfréttafólk

Síðastliðinn vetur hafa nemendur í landafræði unnið verkefni þar sem þeir taka fyrir vandamál sem tengist nærumhverfi þeirra og hafinu. Þeir þurfa að rannsaka vandamálið og reyna að finna leiðir til að leysa það eða fjalla um það á gagnrýninn hátt. Mörg frábær verkefni hafa verið unnin á báðum önnum þar sem hannaðar hafa verið heimasíður, gerðar skoðanakannanir, búnir til hlaðvarpspættir, samdar fréttagreinar og ótal margt annað áhugavert. Nemendum gafst tækifæri til að senda verkefni sín í samkeppni sem Landvernd stendur fyrir og kallast Umhverfisfréttafólk. Það er í raun stór samkeppni sem gefur tækifæri á að kynna sér umhverfismál og koma á framfæri til almennings.

Við komumst í fimm skóla úrslit. Það voru þau Bjarni Már Stefánsson og Kolbrún Rósa Gunnarsdóttir sem áttu verkefnið sem komst í úrslit. Það kallast Langreyður í Skötubótinni. Þau rannsökuðu hvað verður um hvali sem reka á land. Verkefnið er rekið í 44 löndum um allan heim.

Maðurinn og lírfan

Nemendur í leiklistaráfanga tóku þátt í Þjóðleik á Suðurlandi 6. maí með sýningu á verkinu Maðurinn og lírfan eftir Matthías Tryggva Haraldsson. Sýningin gekk vonum frammar en sýnt var í Litla Leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks sem haldin er annað hvert ár á landsbyggðinni. Verkefnið er haldið að frumkvæði Þjóðleikhússins í góðu samstarfi við menningarráð, skóla, leikfélög og fjölda annarra aðila. Viðurkennd leikskáld eru fengin til að skrifa krefjandi og spennandi verk fyrir 13-20 ára leikara sem svo eru sett upp í hinum ýmsu byggðum landsins. Í hverjum landshluta fer fram lokahátíð að vori þar sem allar sýningarnar eru sýndar.

Hópurinn lagði mikið á sig til að æfa þegar nær dró frumsýningu og mættu nemendur á æfingar utan skólatíma. Hópurinn vann í góðu samstarfi við Leikfélag Selfoss sem veitir hópnum aðgang að húsnæði sínu og aðstoðaði við tæknivinnu, ljós og hljóð.

Námsferð til Gaeda á Ítalíu 22.- 29. maí

Þrátt fyrir nokkrar upptökur við undirbúning, tókst ferðanefndinni að setja saman góða ferð. Fróðlega og skemmtilega ferð fyrir starfsfólk skólans, sem ásamt mökum taldi 112 manns. Þar sem stutt var á milli staða dugðu tveir dagar í þrjár framhaldsskólaheimsóknir. Siglingaskóla í göngufæri frá hótelinu, tækniskóla og matreiðsluskóla í um hálf tíma akstursfjarlægð. Við fengum góða kynningu í öllum skólunum og skoðunarferðir um þá í kjölfarið. Þriggja rétta máltíð með kokkum og þjónum í sínu fínasta pússi var sérstaklega ánægjuleg. Að vera í brúnni á stóru flutningaskipi, í siglingahermin, var mjög sérstakt sem og veran í lítilli hvelfingu með allar stjörnur himinsins fyrir ofan sig. Pompei og Vesuvius voru áfangastaðir í skipulagðri hópferð einn daginn. Aðra daga naut fólk lífsins í góðu veðri á ströndinni eða annars staðar. Allt gekk þetta vel og tíminn vel nýttur.

2 Skýrslur fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó

Sviðsstjóri: Ida Løn

2.1.1 Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

Kennarar og áfangar, Ergó A og B

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Eyrún Björg Magnúsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðbjörg Grímsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Hekla Þöll Stefánsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ragnheiður Eiríksdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Sabína St. Halldórsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Tómas Davíð Ibsen	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Thelma María Marinósdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir í þessum áföngum voru með svipuðum hætti og áður, 2 og 2 kennarar að vinna saman með stóran nemendahóp. Kennarar í áfanganum skiptu með sér verkum þannig að hvert þema var skipulagt og kynnt fyrir hinum. Þetta fyrirkomulag kemur vel út og síðan var upplýsingafundur í upphafi hvers þema.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfangarnir eru báðir símatsáfangar og eru mjög verkefnamiðaðir þar sem leitast er við að hafa fjölbreytt verkefni, bæði hópa- og einstaklingsverkefni. Ígrundun er mikilvæg þegar fengist er við svona málefni og því var í báðum áföngum haldin hugleiðingabók sem gildir líka til einkunnar. Verkefnin eru frekar mörg og gilda svipað svo vinnan varð jöfn yfir önnina.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

RE sótti námskeið á vegum Erasmus+ um spuna og núvitund þar sem áhersla var á sjálfbærni.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar eiginlegar kennslubækur eru í Ergó-áföngunum en stuðst var við bókina *Hugskot* í FÉLA1SA05 og bókina *Verður heimurinn betri* sem er gefin út af SP í UMHV1SU05. Mikið af góðu efni og myndböndum af netinu voru nýtt og eru kennarar duglegir að uppfæra það.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að þróa áfangann. Vera duglegri að skipta verkum milli kennara. Bæta við meiri fræðslu um fjármálalæsi og kynjafræði.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Við óskum eftir að skólinn standi undir kostnaði varðandi vettvangsferð á hvorri önn. Við fórum í vel heppnaða gróðursetningarferð í vor en viljum ná að fara líka í menningarferð að hausti. Nemendur óska eftir meiri óformlegu námi utan skólahúsnæðis.

Annað

Nauðsynlegt að breyta nöfnum áfanganna.

- Væri gott að koma á „Ergóferð“ sem væri menningarferð, hópefli og fleira - safnaferð, listagallerí, leikhús, ratleikur ... ?

2.1.2 Íslenska

Fagstjóri: Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir/Bertha Ingibjörg Johansen

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Bertha I. Johansen	ÍSLE2BV05 ÍSLE3NB05 ÍSLE3HE05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3MV05 ÍSLE3HE05
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE2OS05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3RT05	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3PJ05
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3MV05
Jón Özur Snorrason	ÍSLE2BV05 ÍSLE3BB05 ÍSLE3RT05	ÍSLE1GA05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3PJ05
Katrín Tryggvadóttir		ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05
Rósa Marta	ÍSLE3NB05 Goði í sérdeild	ÍSLE3YL05
Sigprúður Harðardóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE1GA05	ÍSLE1FA05
Stefán Hannesson	ÍSLE2OS05 RX (starfsbraut)	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 RX (starfsbraut)
Puríður M. Björnsdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3HE05	ÍSLE1GA05 ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3HE05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla var almennt með nokkuð hefðbundnum hætti í íslenskuhópunum í vetur. Oftast fór kennslan fram í skólanum en stundum þurfti að nýta fjarnám þegar veður og veikindi nemenda og kennara hömluðu staðkennslu. Fjarnámi fylgja fjölmargir góðir kostir og gott að grípa til þess þegar veður og önnur utanaðkomandi atriði hamla því að hægt sé að mæta í skólann. En gallar finnast líka, því nú er kominn ákveðinn þrýstingur á kennara að sjá til þess að nemendur geti ávallt sinnt námi sínu hvort sem kennari kemst í skólann eða ekki vegna veikinda eða annarra orsaka.

Almennt hefur verið lögð áhersla á að vera með sem fjölbreyttasta kennsluhætti og sífellt er verið að skoða og meta það sem gert er nemendum til hagsbóta. Kennarar leggja mikla áherslu á að nemendur sýni vönduð vinnubrögð og vinnusemi í tímum og sinni heimanámi eftir því sem þörf er á. Þá hafa kennarar sýnt ákveðinn sveigjanleika vegna veðurs, covid, influensu og alls konar vandamála sem upp hafa komið hjá nemendum jafnt sem kennurum. Sumir hafa verið með streymi úr kennslustundum, aðrir skellt upp fjarkennslu og enn aðrir búið til auka skýringarefni eða aðlagað verkefni, en allir hafa þurft að beita ýmsum ráðum til að laga kennslu að sífellt fjölbreyttari þörfum nemenda.

Undanfarin ár hefur kennsla verið að færast úr hefðbundinni innlagnarkennslu til verkefnamiðaðs náms og leitaráms. Oft er unnið í þörum eða hópum til að ná fram teymishugsun, samræðum og samvinnu. Margir vinna með einhverja útgáfu af leiðsagnarmati og leggja áherslu á að nemendur ræði um námsefnið og eigin verk, með og án stýringar frá kennara. Þá hafa sumir stýtt innlagnir og aukið uppbrot í tímum þar sem nemendur hafa minna úthald en áður til að hlýða á lengri innlagnir og útskýringar, þrátt fyrir að þörfin á meiri aðstoð hafi aukist þar sem nemendur hafa í auknum mæli minni grunn í ýmsum þáttum íslenskunnar úr grunnskólanum. Hvort þar valda afleiðingar breytts skólahalds á covid tímum eða eitthvað annað er erfitt að átta sig á. Verkefnaskil eru almennt tíð og hjá mörgum kennurum vikuleg. Dreifingu námsefnis er að miklu leyti stýrt í gegnum Innu og þar er einnig haldið utan um heimanám og skilaboð.

Áfangar á 1. þrepi

Í áföngunum á fyrsta þrepi hefur verið reynt að stytta námsþætti og einfalda til að nemendur geti tileinkað sér efnið. Á köflum verður kennari að leysa verkefnin með nemendum. Áhugaleysi er þó nokkuð á þrepinu og stundum skortir nemendur þroska til að leysa þau verkefni sem fyrir þá er lagt, þrátt fyrir að efnið teljist ekki þungt. Þetta er breyting frá því sem verið hefur og kennarar eru sífellt í leit að leiðum og nýju efni til að koma til móts við nemendur.

Nemendur virða illa skilafresti og í raun er það orðið það mikið vandamál, sérstaklega í áföngum á fyrsta þrepi, að taka verður á því með ákveðnum hætti strax á næstu önn. Nemendur á fyrsta þrepi og jafnvel öðru skila oft og jafnvel alltaf eftir að eiginlegur skilafrestur er liðinn sem gerir það að verkum að kennarar þurfa sífellt að vera að rifja upp hvernig yfirferð verkefna hafi verið háttað til að jafnræðis sé gætt í yfirferð. Þetta veldur vissulega álagi á kennara. Auka verður ábyrgð nemenda á eigin námi í stað þess að gefa sífellt meira svigrúm til að skila verkefnum. Huga þarf þó áfram að þeim nemendum sem eru með leshamlanir, málþroskaröskun eða aðrar raskanir og bæði taka tillit til þarfa þeirra og beina þeim á réttar brautir námslega s.s. með því að fá þá til að nýta sér þau úrræði sem í boði eru s.s. talgervla, hljóðbækur og annað sem í boði er frekar en að leyfa þeim að seinka skilum. Á næstu önn verður tekið á skilaforðun nemenda með samræmdum hætti í deildinni.

Áfangar á 2. þrepi

Í Orðsporsáfanganum (ÍSLE20S05), fyrri áfanga á öðru þrepi, voru litlar sem engar breytingar á kennsluháttum á önninni. Í seinni áfanganum, Bókviti (ÍSLE2BV05) var sú nýjung gerð á skipulagi áfangans að lesa skáldsögu eftir Vilborgu Davíðsdóttur sem fjallar um tíma landnáms í stað Íslendingasögu. Slíkt þótti flestum kennurum áfangans gott en einn benti á að þá lesi nemendur skólans ekki Íslendingasögu til stúdentsprófs og með því hafi samhengi tungumálsins verið rofið. Ekki er þó víst að svo sé þar sem bæði lesa nemendur Íslendingasögur í grunnskóla og geta að auki valið að taka miðaldabókmenntir á 3. þrepi þar sem Íslendingasaga er lesin.

Sú nýjung var gerð þegar liðið var vel á vorönn að bjóða upp á aukatíma í íslensku. Tímarnir voru misvel sóttir en kennarar töluðu um að flestir sem leituðu sér hjálpar væru að kljást við námsefni bókvisáfangans. Nauðsynlegt er að halda áfram að bjóða upp á aukatímana á næsta skólaári.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Námsmat í öllum áföngum er byggt á fjölbreyttu símati. Oft eru próf lögð fyrir nemendur, bæði krossapróf og próf með flóknari úrlausnum. Þá eru alls konar ritunarverkefni unnin, ferlisritanir, tímaritgerðir, heimildaritgerðir og fjölbreyttar styttri ritanir, allt eftir tilgangi verkefnis í hvert eitt sinn. Þá er verkefnavinna fjölbreytt og byggir oft á skapandi vinnu. Tjáningarverkefni eru einnig í öllum fögum. Þau geta verið með ýmsu móti s.s. geta nemendur þurft að ræða saman og tjá sig um verkefni og ýmis málefni, flytja ræður og kynningar auk þess sem þeir vinna munnleg verkefni sem þeir taka upp og skila. Símat með blönduðum aðferðum sýnir oft stöðu nemenda nokkuð vel en það er þó galli að nemendur ná ekki alltaf þeirri yfirsýn yfir námsefni sem næst með góðri upprifjun fyrir

lokapróf. Í mörgum áföngum eru höfð stór próf á önninni til að nemendur fái þjálfun í að taka próf. Þess ber þó að geta að sumir áfangar henta illa sem prófáfangar eins t.d. heimildaritun þar sem lokapróf eða annars konar stórt próf sýnir síður getu nemenda í áfanganum en ritgerðin sem skrifuð er. Mikilvægt getur verið að hafa nám lotubundið og markmið hverrar lotu séu öllum nemendum skýr, hvort sem þar er lotupróf eða lokapróf.

Skoðanir kennara í deildinni eru ekki allar í eina átt um mikilvægi lokaprófa en mikill meirihluti er þó hlynntari símati en lokaprófum þar sem með núverandi eyktaskipan gefst góður tími til langra og ítarlegra prófa á önninni. Sumum finnst lokapróf mikilvæg því þá yfirfari nemendur allt námsefnið og rifji upp og nái þar með samhengi og dýpri skilningi enda gengur nám að miklu leyti út á endurtekninguna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GGR: Bikram Method of Hot Yoga. Yoga kennaranám. 200 klst.

PMB, BIJ, GDS, RMG: Námskeið í nútímabókmenntir á vegum Endurmenntun HÍ og Samtaka móðurmálskennara (12 klst.)

KT: Námskeið um Fóstbræðrasögu hjá Endurmenntun HÍ (16 klst.)

RMG: Námskeið í Grettis sögu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Lítið sem ekkert var um nýjar kennslubækur á árinu. Nýjar kjörbækur eru þó sífellt að bætast við flóruna og eldri að detta út. Þá er í sumum áföngum skipt út skáldsögum sem lagðar eru til grundvallar í einstökum áföngum. Í nokkrum áföngum s.s. Grunni A, Grunni B og Orðspori eru notuð hefti sem kennarar hafa útbúið og eru þau í sífelldri þróun og endurskoðun. Áhugi er einnig til þess að útbúa verkefnahefti í FA áfanganum í sama anda og heftið sem notað er í GA. Þess má líka geta að styrkur fékkst úr Fagfölingarsjóði til endurskoðunar á málfarshluta Orðsporsheftisins og er það mjög jákvætt og hjálpar til að gera gott námsefni enn betra.

Í ÍSLE2BVB05 var skáldsaga Vilborgar Davíðsdóttur Undir Yggdrasil lesin á báðum önnum. Kemur hún í stað Íslendingasögu. Segja má að þetta sé tilraun í samræmi við það markmið í kennsluáætlun að tengja saman gamalt og nýtt. Sagan er nútímaskáldsaga en umfjöllunarefnið er mannlíf á Íslandi á landnámsöld. Sagan er vönduð og höfundur vinnur mikið með minni og atburði úr heiðinni goðafræði og tengir við kristna trú þess tíma. Kennarar sömdu bæði próf og verkefni upp úr bókinni.

Í Þjóðskáldunum (ÍSLE3PJ05) var ákveðið að lesa Sjálfstætt fólk eftir HKL. Sagan var lesin til margra ára í lokaáfangi íslenskunnar í gamla kerfinu. Núna er hún endurútgefin með skýringum. Hraðar breytingar á íslensku (í meðförum ungs fólks) gera það að verkum að erfitt er að kenna svona viðamikla og stóra skáldsögu eins og Sjálfstætt fólk. Nemendur bókstaflega skilja hana ekki. Í barnabókmenntum (ÍSLEBB05) var tilraun gerð með að lesa Blíðfinn eftir PP og Maðurinn sem hataði börn eftir PL auk annars lesefnis. Og þá var Aprílsólarkuldi eftir Elísabetu Jökulsdóttur kennd í Ritun og tjáningu.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Kennarar deildarinnar vilja benda á nokkra þætti sem þeim þykja brýnir og skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Í fyrsta lagi verður að geta þess að líklega má telja víst að allir í skólanum, starfsfólk jafnt sem nemendur, myndu taka undir að við viljum gera skólann okkar að enn betri og öflugri menntastofnun. Það eru ákveðin vonbrigði eftir þennan vetur hve margir hafa gefist upp í námi eða sinna því ekki nógu vel. Auðvitað hafa aðstæður verið óvenjulegar en samt er almennt þörf á viðhorfsbreytingu. Við þurfum að auka metnað í skólanum og setja markið jafnhátt og

Íþróttapjálfarar og -iðkendur virðast gera á Suðurlandi. Nemandi eins kennarans í heimildaritun skrifaði mjög góða ritgerð um mikilvægi þess að íþróttafélög og skólar í samfélaginu vinni saman. Viðkomandi nemandi er afreksíþróttamanneskja sem finnst vanta að íþróttafélögin á svæðinu „setji í áætlanir sínar að námið komi ekki á eftir íþróttinni“. Þetta er frábært markmið og mikil þörf á samvinnu og samræðu þarna á milli. Það er nefnilega sannað, eins og nemandinn benti á, að þátttaka í íþróttum bætir námsárangur. Þetta er sóknarfæri þar sem íþróttir eru stundaðar af kappi af ótalmörgum sunnlenskum ungmennum. Margar leiðir eru færar s.s. að setja upp gott námsumhverfi á svölum annarrar hæðar og beina tölvuleikjum og annarri afþreyingu niður í matsal eða á annan stað þar sem síður er truflun af. Það er ekki gott að ekki sé hægt að opna stofur fram á gang vegna gauragangs í þeim sem eru að leika sér. Allt annað væri ef af svölunum bærisk vinnukliður frá nemendum sem legðu áherslu á nám sitt.

Í öðru lagi má nefna að virkilega vantar orðið áfanga á 1. þrepi fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Sífellt stækkandi hópur er „of góður“ fyrir þá áfanga sem boðið er upp á í ÍSLA en „of slakir“ í íslensku til að takast á við hefðbundnu áfangana (FA og GA). Þessir nemendur hefðu þörf fyrir áfanga sem byggir á miklum lestri og vinnu með einfalda texta og svo þjálfun í ritun í skólanum undir leiðsögn kennara.

Í þriðja lagi þarf að gera eitthvað róttækt til að minna líkur á skólaforðun og uppgjöf nemenda. Allt of algengt er að skrá þurfi nemendur úr áföngum vegna fjarvista. Sumir nemendur líta á fjarvistakvótann sem sjálfgefin frí sem þeir taka út í upphafi annar og eiga svo ekkert svigrúm ef þeir veikjast eða þurfa leyfi til að fara til sjúkrahjálfa, tannlæknis eða annað nauðsynlegt. Sem dæmi um þetta mætti nefna að í áfanga á öðru þrepi þar sem í upphafi voru skráðir 49 nemendur voru 13 skráðir út, allir nema einn vegna fjarvista. Benda má á að margir þessara nemenda gáfust upp eða skrópuðu sig út úr áfanganum áður en fullreynt var hvort þeir næðu honum eða ekki. Hugsanlegt er þó að ytri aðstæður hafi leikið þar stórt hlutverk. Veikindi voru mikil og nokkrir gáfust upp þegar þeir sáu fram á að þurfa að vinna upp það sem þeir misstu af. Það var eins og margir áttuðu sig ekki á að námsefnið í áfanganum héldi áfram að vera til staðar þótt þeir væru ekki á staðnum. Veður var einnig ekki hagstætt þannig að margir skýldu sér á bak við vont veður og mættu ekki. Það vantar meiri seiglu hjá nemendum. Vinna er allt sem þarf.

Í fjórða lagi voru margir kennarar óánægðir með að skólinn væri að senda út tilkynningar til nemenda þegar gul veðurviðvörðun var í gangi enda leiddi það oft til að nemendur sem vel gátu mætt í skólann gerðu það ekki. Nemendur ásamt forráðamönnum þeirra verða að taka sjálfir þá ákvörðun hvort þeir mæta eða ekki. Þeir eru fullfærir um þá ábyrgð. Nemendur verða að taka ábyrgð á námi sínu sjálfir. Þeir eiga aldrei að geta skýlt sér á bakvið ákvörðun skólayfirvalda.

Í fimmta lagi ætti að reyna að halda nemendafjölda í GA-hópum í lágmarki, 20 nemendur í hóp er mikið meira en nóg. Of fjölmennir hópar bitna á nemendum þar sem í þessum hópum er mikil einstaklingskennsla að eiga sér stað og stór hluti hópanna oft með lágt getustig og miklar greiningar.

Í sjötta lagi gætu skólayfirvöld mótað heildræna stefnu varðandi lokapróf. Ef fólki finnst mikilvægt að þjálfa nemendur í stærri lokaprófum þá væri mögulegt að fara þá leið sem þekkist (þekktist) í Danmörku að nemendur tækju ávallt 2 lokapróf á önn. Það yrði þá mismunandi í hvaða greinum hverja önn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda þarf upp metnaðarfullu skólastarfi áfram jafnt hjá kennurum sem nemendum og heldur að gefa í. Ekki má slaka á kröfum og nauðsynlegt er að hvetja nemendur sífellt áfram. Skoða þarf hvort of mikill slaki sé að komast á í skilum og námsmati. Setja þarf skýrari ramma og hugsanlega finna aðferðir svo nemendur geti betur fundið innri hvatningu sem er svo mikilvæg í öllu námi. Ekki má

heldur draga úr færni og hæfni nemenda, hvorki til sköpunar né annarra þátta námsins enda allir þættir náms mikilvægir fyrir komandi tíma í vinnu jafnt sem frekara námi.

Flestir telja að í heildina sé ágætis samfella hvað flest varðar frá 1. þrepi upp á 3. þrep en auðvitað þarf stöðug endurskoðun að eiga sér stað. Mörgum ber saman um að það þurfi að auka málfræðikennslu á 1. þrepi og byggja hana betur upp og jafnvel að bæta í á öðrum þrepum.

Kennari sem kennt hefur ÍSLE2BV05 segist vilja sjá áherslubreytingar í áfanganum. Þær breytingar lúta að efnisröðun frekar en efnisvali. Efnisval segir hann ágætt en hann telur að hægt sé að skapa meiri stíganda í námi nemenda með því að breyta og aðlaga efnisröðunina. Byggja þarf grunninn í byrjun sem nemendur endurtaka síðan með mismunandi nálgun. Í fyrsta lagi væri hægt að byrja á goðafræði, kynna nemendum hana. Námsmatið fælist þá aðallega í verkefnavinnu og prófum. Því næst læsu nemendur nútímaskáldsögu sem byggir á goðafræðinni. Þannig þyrftu þeir að tengja efnisþætti saman og beita þekkingu sem þeir hafa þegar aflað sér. Námsmatið fælist aðallega í ritun, t.d. tímaritgerð. Í þriðja lagi væri farið í eddukvæði og drótt kvæði. Að lokum fengju nemendur í hendur lokaverkefni sem byggði á þessum námsþáttum.

Annar kennari bendir á að hugsanlega sé sum bókmenntafræðikennsla að gleymast á 2. þrepi eða a.m.k. að hún sé ekki alveg samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla. Þar segir að nemendur eigi að hafa skilning og þekkingu á mismunandi tegundum bókmennta og nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta ásamt grunnhugtökum í bókmenntafræði. Þá gerir leikni markmið sama þreps ráð fyrir að nemendur lesi sér til gagns og gamans nokkur bókmenntaverk og fjalli um inntak þeirra.

Fyrri áfangi 2. þreps tekur fyrst og fremst á málfari, ritun og tjáningu. Þótt einnig sé þar lesin kjörbók er ekki tekið á bókmenntafræði í tengslum við hana. Seinni áfanginn, sem kallast bókvit, er bókmenntaáfangi þrepsins. Hann hefur hins vegar fyrst og fremst tekið á fornum tíma. Þar mætti bæta inn kennslu og vinnu með bókmenntahugtök og byggingu hefðbundinna bragarháttar og nýta í umræðu um nútímaskáldsöguna sem lesin er í áfanganum ásamt fornum kvæðum.

Á þriðja þrepi eru áfangar almennt í ágætum farvegi og í stöðugri endurskoðun. Í öllum íslenskuáföngum hefur verið símat en það mætti hugsa sér aðra nálgun á því, þ.e. að nemendur „velji“ sig frá símati. Hvað þýðir það? Jú, að nemendur viti fyrir fram að þeir þurfi að skila öllum verkefnum og prófum sem vega t.d. 10% og meira, annars þurfi þeir að taka lokapróf. Þá þurfa nemendur að virða skilafrest því kennarar taka ekki við verkefnum eftir að skilafrestur er liðinn (2ja-3ja daga sein skil leyfð). Þannig þjálfast nemendur í agaðri vinnubrögðum og kennarar losna við að elta nemendur uppi alla önnina og fá verkefni allt of seint með tilheyrandi vinnu.

Á lokadögum annar lögðu kennarar deildarinnar drög að samræmingu hvað varðar skil og ætla að einhenda sér í að koma þeim málum í lag. En einnig þarf að halda áfram að skoða einkunnagjöf og annað námsmat sem sífellt þarfnast endurskoðunar. Yfirfara þarf mats kvarða og gera þá enn auðveldari í notkun. Gæta þarf vel að samræmi milli áfanga og að samfella sér eðlileg, áfangar hvorki of þungir né of léttir til að allir fái eðlilega og nauðsynlega áskorun. Kennsla og námsmat er ekki alltaf einfalt í útfærslu og stundum er fín lína sem þarf að finna til að allt gangi upp. Að pakka nemendum í bómull er ekki af hinu góða en þar er heldur ekki jákvætt að hafa nám svo þungt að nemendur gefist upp. Í samfélagi dagsins í dag eru áskoranir miklu fleiri en áður hafa þekkst og skólinn er ekki fær um að taka á nema hluta þeirra. Á næstu önn þarf að halda áfram þeirri góðu vinnu sem hefur átt sér stað í deildinni undanfarin ár. Eftirfarandi punktar sýna hvað vert væri að taka upp á deildarfundum á næstu önn.

- Fjarkennsla/staðkennsla. Hvenær nýtum við okkur fjarkennslu? Hvaða kröfur er eðlilegt að gera um skiptingu á milli fjarkennslu og staðkennslu? ...
- Halda áfram með umræðuna um leið nemenda í íslensku, fjölda áfanga á 1. þrepi.

- Skoða skylduáfangana á 2. þrepi í framhaldi af umræðunni um 1. þrep. Er áhersla á gamla tíma of mikil? Er þörf á aukinni almennri bókmenntafræði á 2. þrepi?

Annað

Kennarar deildarinnar eru ekki einvörðungu samviskusamir og duglegir við að kenna nemendum sínum fræðin heldur búa þeir í stórum stíl til námsefni fyrir þá og styðja þá og styrkja í ýmsum persónulegum málum þeirra. Nemendur og velferð þeirra eru í huga kennaranna alla daga og þegar þeir hittast ræða þeir um allt mögulegt sem komið getur nemendum, kennurum, skólanum og skólasamfélaginu öllu vel og það er vissulega af því góða. Nauðsynlegt er að kennarar fái stöðugt að hleypa skoðunum sínum á flug og láta hugmyndir fæðast og blómstra. Þeir þurfa jafnframt að vera óhræddir við að láta þær í ljós. Það er einmitt það sem kennarar deildarinnar gera í miklum mæli. Þótt þeir séu ekki alltaf sammála um alla hluti þá deila þeir skoðunum, leyfa eðlilegum ágreiningi að eiga sér stað og finna leiðir sem allir geta langoftast sætt sig við.

Þó nokkrir deildarfundir voru á önninni þar sem tekið var á alls konar úrbótamálum nemendum og íslenskukennslu til hagsbóta. Á lokafundi deildarinnar ræddu kennarar leiðir til að ýta nemendum til betri verkefnaskila og um leið ætti það að hafa áhrif á ábyrgð þeirra og vonandi árangur. Vonandi mun það sem þar var ákveðið hjálpa til við að ná þessu markmiði.

Fundur var haldinn með grunnskólakennurum á vorönn þar sem skipst var á skoðunum og mál íslenskukennslu rædd. Slíkir fundir eru af hinu góða.

Að lokum

Góður vetur í heildina þótt erfiður væri. Nemendur og kennarar voru mjög fegnir að fá að vera í skólanum þegar það mátti og að fá að taka niður grímuna í lokin.

2.1.3 Danska

Fagstjóri: Pelle Damby Carøe

Kennarar og áfangar

	Hautönn 2021	Vorönn 2022
SS	DANS2DL05	DANS2DL05 DANS2ME05
PDC	DANS2FJ05 DANS2ME05	DANS2FJ05 DANS2ME05
IL	DANS2FJ05	DANS2FJ05 DANS3BF05
BI	DANS2DL05	DANS2DL05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Við höfum verið að taka inn nýja skáldsögu, Iqbal Farooq og den sorte pjerrot, í DANS2ME05 á vorönn 2022. Ástæðan fyrir þessu var að okkur fannst „De gale“, sem var notuð áður, of langdregin og krefjandi fyrir nemendur að skilja. Það hefur verið lærdómsríkt að vinna með nýja skáldsögu og að

búa til ný próf yfir önnina. Við höfum verið að leggja áherslu á að nemendur lesi meira í tímum. Það virkar eins og nemendur eigi auðveldar með að skilja söguna, sem er jákvætt og hvetjandi. Því miður erum við þó enn að sjá að nemendur eru misvanir því að lesa. Þrátt fyrir að skilningur á sögunni virðist almennt betri erum við að upplifa að nemendur eiga mjög erfitt með því að einbeita sé yfir langan tíma og að vinna með heimanám/lestur. Þess vegna þurfum við að endurskoða hvernig við ætlum að halda áfram með lesturinn og kennsluaðferðir í sambandi við þetta á næsta skólaári. Við höfum verið að byggja prófin upp þannig að við tryggjum að nemendur séu búnir að lesa til þess að það gangi vel í prófum.

Við höfum verið að gefa nemendum mikinn tíma í undirbúning fyrir próf (2-3 tímar í viku), og það hefur ekki skilað af sér eins mikilli vinnu og einbeitingu og við höfðum séð fyrir okkur. Þetta þýðir líka að við höfum rætt möguleikann á því að breyta fyrirkomulaginu í sambandi við námsmatið á næsta skólaári.

Hugsunin er líka að sleppa undirbúningstímum fyrir próf og láta nemendur lesa heima fyrir próf, allavega ekki vera með 2-3 undirbúningstímar, en kannski frekar einn tími. Ástæðan fyrir þessu er að undirbúningstíminn í skólanum er ekki eins vel nýttur og við höfðum séð fyrir okkur líkt og áður nefnt. Þess vegna viljum við frekar nýta tímann í önnur fagleg verkefni.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Áfangarnir í dönsku eru símatsáfangar, og við höfum verið mjög ánægð með það fyrirkomulag. Við í dönskudeildinni erum mjög vakandi og vel á verði gagnvart svindli í prófum og verkefnum. Því miður erum við að upplifa svindl í prófum. Sumir nemendur eru einfaldlega að reyna að finna einföldustu leiðina til þess að klára námið með því að fá svör frá öðrum úr verkefnum og prófum. Út af þessu höfum við verið að breyta hluta prófa úr rafrænu formi yfir á blað til þess að koma í veg fyrir það. Þó svo að við höfum breytt þessu, þá erum við samt enn að upplifa svindl í prófum.

Við höfum líka verið að ræða að endurskoða námsmatið, sérstaklega símatið. Við ætlum yfir sumarið að ígrunda hvort við viljum halda áfram að vera með símat, eða breyta yfir í að nemendur taki lokapróf sem gildir 50% og þurfi að ná lágmarkseinkunn (4.5) til þess að ná áfanganum. Þetta er til að koma í veg fyrir, að nemendur fái svör og upplýsingar hjá öðrum, en þurfi hins vegar að undirbúa sig vel undir lokaprófin. Þetta er sem sagt ekki staðfest, en eitthvað sem við höfum verið að hugsa um að breyta. Það er engin spurning að COVID ástandið hefur haft áhrif á þessa þróun í skólastarfinu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

SS - haust 2021 (leiklist í tungumálakennslu - Endurmenntun HÍ).

IL - 4 dagar í nóvember („Choice of possibilities“, rafrænt).

IL - 4 dagar í febrúar („Foundation“ í Kaupmannahöfn).

Okkur langar að bæta við, að það að hafa verið að kenna í COVID ástandinu hefur verið stöðug endurmenntun í að vinna með fjarkennslu, fjarnám, nýjar námsaðferðir og kennsluhætti yfir skólaárið.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við höfum verið að taka inn nýja skáldsögu, Iqbal Farooq og den sorte pjerrot, í DANS2ME05 á vorönn 2022, sem hefur haft jákvætt áhrif. Við erum stöðugt að nýta okkur nýtt námsefni af netinu (t.d. www.dr.dk, þættir/sjónvarpsefni). Við notum oft greinar og sjónvarpsþætti í mismunandi verkefni (lestur, ritun, hlustun og munnlegt). Markmiðið okkar er að leggja áherslu á að búa til nýtt námsefni (verkefni og próf) á hverri einustu önn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Halda stöðugt áfram að uppfæra námsefni (verkefni og próf).
- Endurskoða námsmátið heilt yfir í öllum áföngum (símat eða lokapróf).

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Það er mikilvægt að það sé eins búnaður í öllum kennslustofum.
- Það er erfitt að kenna stórum hóp í stofu 212 (25 nemendur+). Það er mun betra að vera í stofu 211 með stóran hóp í dönsku.

Annað

Það hefur verið margt og mikið að gera á þessari önn (COVID/sóttkví/slæmt veður) og við höfum ekki átt möguleika á því að hittast eins oft og við vildum.

2.1.4 Enska

Fagstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Kennarar og áfangar

	Hautönn 2021	Vorönn 2022
Ágústa Rúnarsdóttir	ENSK1RX05 ENSK1HA05 ENSK2HC05	
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3FO05 ENSK3VI05 ENSK2OL05 (grunnskóli)	ENSK1RX05 ENSK2YL05 (grunnskóli)
Ingunn Helgadóttir	ENSK1HA05	ENSK1HA05
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1HF05	ENSK2HB05
	ENSK1RX05	ENSK1HA05
Luis Felipe Torres Meza	ENSK2HB05	
	ENSK2HC05	
	ENSK2OL05	

Magnús Huld Sigmarsdóttir	ENSK2HB05	ENSK3AE05
	ENSK3NF05	ENSK2HC05
Paola Daziani	ENSK2OR05	ENSK2OR05
	Litla Hraun	ENSK3YL05
		Litla Hraun
Thelma María Marinósdóttir	ENSK2OR05	ENSK2OR05
	ENSK2HC05	
	ENSK1HA05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áfanganum ENSK1HF05 var breytt þar var unnið með hæfnimiðuð verkefni og verkefni tengd sjálfbærni, mikið sjálfsmat og hugleiðslu, öndun og slökun. Þema áfangans ENSK3HI05 þetta skólaárið var saga tölvuleikja og vann kennari nýtt kennsluefni fyrir áfangann.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Inna hefur æ stærra hlutverk í verkefna- og prófagerð sem er í samræmi við stefnu enskudeildar að vera með símat í öllum áföngum. Kerfið hentar einkar vel til að halda utan um kennslu og upplýsingagjöf til nemenda.

Kennarar nota símat á fjölbreyttan hátt. Í símati rúmast vel möguleikar til að skoða alla færniþætti í tungumálakennslu, orðaforða, lestur, hlustun, ritun og talað mál. Munnleg próf eru einnig mikið notuð. Sumir kennarar nota sjálfsmat og leiðsagnarmat.

Niðurstöður á námsmati á báðum önnum benda ekki til „einkunnabólgu“ heldur er jöfn og í samræmi við undanfarin ár.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

PD (Yoga, Breathing and Cold Therapy, Mindfulness)

KHB – ýmis námskeið í sjálfbærni, jákv. sálfræði og hugarfrelsi.

GG – sótti námskeið sem kallast Leikarinn sem skapandi listamaður og tvö trúðanámskeið.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Deildin hefur sett sér þá stefnu að bjóða nemendum í verknámi upp sértækt námsefni og verkefni sem tengist beint við þeirra sérgrein í verknámi. Markmiðið er að eiga tiltæk verkefni sem nema allt að 25% af heildarnámsmati sem snúa að færni nemenda í sértækum orðaforða tengdum verkgreinininni sinni í grunnáföngum (þ.e. kjarnáföngum í ensku á verkgreinabrautum). Þarna kemur fagefningarsjóður sterkur inn og fengu tveir enskukennarar styrk úr sjóðnum til að útbúa sértæk verkefni sem snúa að þessu markmiði. Verkinu er engann veginn lokið, en fer vel af stað og hjálpar mikið til að hafa sjóðinn til að leita í vegna þessarar vinnu.

Bókalisti í yndislestri var uppfærður og í mörgum áföngum var aukið við lestrarverkefni yfir á rafrænt form sem er í samræmi við aukna notkun á heildarnotkun Innu í kennslu. Færst hefur í aukana að kennarar setji ekki skáldsögur á bókalista, heldur setji þær beint í kennsluáætlun, þar sem nemendur nota orðið fjölbreyttar leiðir til að útvega sér bækur.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Mikilvægt er fyrir deildina að fá að halda áfram að þróa verkefni í tengslum við verkgreinaensku til að safna upp verkefnabanka sem hentar nemendum í áföngum á ólíkum þrepum. Jafnframt er mjög mikilvægt að halda á lofti kennslu í ensku á 3. þrepi, þar sem vitað er að enska er grundvallartungmál í námi á háskólastigi. Þannig þarf að hvetja nemendur til að velja sér ensku á 3. þrepi umfram það magn sem gert er ráð fyrir í kjarna.

Annað

Deildin ígrundaði og ræddi um breytingar og áhrif á nemendur, námsframvindu og kennara vegna heimsfaraldurs undanfarinna tveggja ára. Áhrifanna mun væntanlega gæta næstu 3 ár, en strax í haust sáum við breytingu í gegnum hlutfall nýnema í innritun, þ.e. mun fleiri nemendur voru skráðir í áfanga á 1.þrepi en venja er, einkum í áfangann ENSK1HF05 þar sem nemendur koma inn með einkunnina D. Að öðru leiti voru kennarar á því að nemendur væru mjög glaðir að koma í skólann að læra og mikilvægt að ýta undir námsgleði og að búa til gott lærdómsumhverfi.

Fundað var með grunnskólakennurum í apríl eins og venja er og er mikil ánægja með þessa fundi þar sem samtal milli skólastiga er mikilvægt. Þar gefst tækifæri fyrir báða hópa að ræða og kynna hvað er verið að vinna með, fólk deilir sögum af verkefnum og námsefni og svo er þarna tækifæri til að ræða helstu áskoranir. Sameiginlega veit þessi hópur að lestur og ritun eru það sem þarf helst að vinna með sem og vinnubrögð. Þarna eiga enskukennarar meira sameiginlegt með íslenskukennslu þar sem svipaðir þættir eru til umræðu.

2.1.5 Samfélagsgreinar

Fagstjóri: Eyrún B. Magnúsdóttir

Kennarar og áfangar

	Hautönn 2021	Vorönn 2022
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA2AF05	FÉLA2AF05
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA3MP05	FÉLA3RS05
Eyrún B. Magnúsdóttir		UPPE2UM05
Erla Brimdís Birgisdóttir	SÁLF2IN05	SÁLF2IN05
Erla Brimdís Birgisdóttir	SÁLF3FÖ05	
Erla Brimdís Birgisdóttir		SÁLF3JÁ05
Erla Brimdís Birgisdóttir		UPPE2UM05
Erla Brimdís Birgisdóttir	SÁLF3PS05	SÁLF3PS05
Helgi Hermannsson		FÉLA2AF05
Ingunn Helgadóttir	VIÐS2SM05	LÖGF2LÖ05
Lárus Bragason	SAGA2YA05	SAGA2YA05
Lárus Bragason	SKAK1XE01	SAGA3SS05

Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05	HEIM2BY05
Ragnheiður Eiríksdóttir		HUGI2NÚ05
Stefán Hannesson	KVIK2ÚK05	
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2YA05	SAGA2YA05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA3FM05	SAGA3MS05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA3MS05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýjungar einkenndust áfram af meiri rafrænu námi og blöndu af stað- og fjarnámi. Í raun er ekki hægt að tala um miklar nýjungar þar sem síðustu annir hafa verið undirlagðar af þessu „vertu tilbúin/n“ ástandi. Það var reglulega sem þurfti að bjóða upp á fjarnám/dreifnám vegna veðurs eða Covid og langt fram á vorönn biðu kennarar enn eftir því að fá jafnvel skipun að kenna heima. Við höfum lært að fljóta meira í skipulaginu okkar fyrir vikið en það veldur líka álagi að þurfa að vera með fast skipulag sem unnið er eftir en stöðugt að vera í breytingum með það, eða að hugsa um breytingar fyrir það.

Í Kvikmyndasögu var töluverð breyting á kennsluháttum. Þar hefur ekki verið breyting í margar annir svo það er vert að taka fram að töluverð endurmatsvinna er í gangi á áfanganum. Á haustönn voru nú tvö stór verkefni. Fyrri verkefnið var einstaklingsverkefni þar sem nemendur tóku fyrir kvikmynd og gagnrýndu og greindu. Verkefnið reynir á sjálfstæða hugsun nemenda og þá færni sem þeir hafa tileinkað sér í áfanganum. Seinna verkefnið var hópverkefni þar sem hóparnir tóku saman kynningu á leikstjóra, fóru í gegnum feril hans og stílbrögð.

Bæði verkefnin gengu mjög vel heilt yfir, en hópverkefnið var þó full yfirborðskennt í flestum tilvikum. Líklega munu áfram verða breytingar á verkefnalýsingum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Allir sátir við það. Erum á einhvern hátt öll að vinna með að nemendur komi að eigin námsmati líka.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Einn kennari sótti námskeiðið í spuna og núvitund í Grikklandi á vegum Erasmus+. Aðrir sóttu sumarnámskeið Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum og námskeið sögukennara.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- FÉLA3RS05 notaði rafbókin Kynjafræði fyrir byrjendur í fyrsta sinn og gekk vel.
- FÉLA2AF05 notaði rafbókin Félagsfræði Ég við og hin og gekk það ágætlega. Þarf aðeins lengri aðlögunartíma mögulega.
- HEIM2BY05 uppfærir á hverri önn það aukaefni sem notast er við og heimsfréttir sem tengjast áfanganum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Notast áfram við blöndu af sögulegri kennslu og tengingu við samtímann. Vinna að enn meira samtali innan deildarinnar, skoða möguleika á samvinnuverkefnum milli áfanga.

Fundur deildar um samvinnuverkefni innan deildar

Ekki náðist að vinna að samvinnuverkefnum innan deildar á þessu skólaári. Margar hugmyndir hafa komið upp og verður unnið að því áfram að reyna að útfæra þær svo raunhæft sé að vinna þær.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Félagsgreinar myndu græða á að vera alltaf í sömu stofu eða með 2-3 stofur eyrnamerkar þeim og jafnvel geta haft vinnusvæði tengt eins og við myndlistarstofu og Ergó stofu. Þar sem mikið er um hópavinnu, spilagerð og veggspjaldanotkun er gott að geta haft hlutina á sama stað frekar en að flakka milli margra stofa. Viljum geta treyst því að við getum geymt efni og áhöld milli anna.

Þjóða upp á áfanga sem fjarnámsáfanga líka, val um fjarnám eða staðnám. Ef ekki næðust nógu margir nemendur í báða möguleikana væri búið að hafa þann fyrirvara á að kannski þyrfti að þjóða upp á hann sem bara staðnám eða bara fjarnám, eftir valtolum. Með því myndum við einfalda heilmikið varðandi eldri nemendur sem eru að vinna með námi og eru á samning um mætingu og í endalausum relli um hitt og þetta öðruvísi en þeir sem mæta gera, myndum mæta þeim sem eru með langvarandi hamlandi veikindi og lenda í falli önn eftir önn af því þeir hafa ekki getað mætt nóg eða sinnt kröfum nóg vegna uppsetningar áfanga og þeim sem koma lengra að og hafa ekki möguleika á húsnæði eða hafa ekki efni á húsnæði. Gæti vakið 3ja þreps áfangana upp aftur.

Annað

- Viljum sjá upplýsingatækni, aðferðafræði og kynjafræði sem skyldufag á bóknámsbrautum. Öll aðferðafræði sem er í boði í dag er í vali. Ef að það er ekki hægt að koma þessu ákveðið meira inn á brautina í sér fögum þá eru sumir innan deildarinnar sem telja sniðugt að hafa nýnemaáfanga sem snúa meira að þessum sviðum, svo það sé öruggt að þetta sé markvisst kennt.
- Mikil vöntun er á nýrra / uppfærðu kennsluefni í uppeldisfræði.
- Eru hlynnt því að einblína meira á brautirnar og hafa frekar aðeins meira val á hverri braut fyrir sig en að hafa opna línu. Keðjur greina detta frekar upp fyrir.

2.1.6 Skapandi greinar

Leiklist, matreiðsla, myndlist, nýsköpun og miðlun, textill og hönnun

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

Leiklist - kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK2UP05
	LEIK2AB05	
	LEIK2AC05	
	LEIK3AD05	

Leiklistarkennsluárið skiptist skýrt í tvennt. Á haustönn var unnið í þverfaglegu samstarfi við íslenskuáfanga á 3. þrepi (ritlist og tjáning). Þar sem hóparnir voru í kennslu á sama tíma var auðvelt að láta hópana hittast. Nemendur í ritlist komu í leiklistartíma og fengu að upplæfa og prófa ýmsar aðferðir við spuna sem tól til hugstormunar og skrifa. Næst hittust hóparnir þegar ritlistarnemendur höfðu skilað inn örverki sem nemendur í leiklist fengu í hendur til að vinna með. Að lokum var haldin stuttverkahátíð í salnum þar sem verkin voru flutt. Þetta samstarf hefur ávallt komið vel út og hefur

festis í sessi. Einnig fór kennari með nemendahópinn í Borgarleikhúsið að sjá sýninguna Pétting hryggðar.

Á vorönn var boðið upp á uppsetningaráfangar þar sem tekið var þátt í Þjóðleik. Fyrir valinu varð verkið Maðkurinn og lírfan eftir Matthías Tryggva Haraldsson. Hópurinn æfði í húsi Leikfélag Selfoss frá miðjum mars og mætti á æfingar utan skólatíma til að verkefnið gæti orðið að veruleika. Er Leikfélagi Selfoss sérstaklega þakkað fyrir að sýna hópnum áhuga og að taka þátt í þessu verkefni með tæknaðstoð og aðgang að aðstöðu félagsins. Hópurinn lagði mikið á sig til að klára æfingar og mætti á aukaæfingar eftir að kennslu lauk í aðdraganda frumsýningar.

Þjóðleikur var svo haldinn hátíðlegur föstudaginn 6. maí þar sem hópurinn sýndi verkið fyrir troðfullum sal og fengu gríðarlega góðar móttökur.

Það gleður hjarta leiklistarkennarans að sjá kraftmikla nemendur úr leiklist sýna frumkvæði og þor innan kennslustunda sem utan. Þarna myndast mjög oft sterk vinabönd og fallett traust. Ein afleiðing þessa er að hópur nemenda í leiklist tók sig til og samdi söngleik, leikstýrði og lék og náði að frumflytja verk sitt í nafni leikfélags nemendafélags FSu. Er það mikið gleðiefni ef að tekist hefur að endurvekja uppsetningar nemendaleikfélagsins til langframa.

Engin leiklist verður í boði á næsta skólaári vegna námsleyfis GG. Eru listgreinakennara sem og aðra að halda nafni leiklistar á lofti og minna á leiklist í boði skólaárið 2023-24.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Júní 2021. Námskeið: Leikarinn sem skapandi listamaður, kennari Rúnar Guðbrandsson.

Október 2021. Trúðanámskeið. Kennari Rafael Biancotti

Mars 2022. Trúðanámskeið, kennari Gríma Kristjánsdóttir

Matreiðsla - kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Guðríður Egilsdóttir	MATR1VB02 (x2)	MATR1VB05 (x3)
Kenndi þessa hópa í veikindaleyfi Jórunnar	MATR1XS02 BAKA1SK02 (x2) SMÁR1SK02 (x2)	MATR1GR03
Jórunn S. Birgisdóttir		BAKA1SK02 (x2)
		SMÁR1SK02 (x2)
		MATR1SX05
Bjarni Haukur Guðnasson		MATR1GR03
		MATR1SX02 (x2)
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	BAKA1SK02	
	MATR1SX02	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á þessu ári höfum við lagt mikla áherslu á sjálfbærni og matarsóun. Kynnt vel fyrir nemendum hvernig hægt er að nýta betur hráefni þegar verið er að elda. Í fyrsta skipti voru Grunnskólanemendum boðið að taka val áfanga í matreiðslu. Þetta var fyrir nemendur sem hafa hug á að fara inn á GMF braut skólans.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í öllum áföngum. Það eru bókleg og verkleg verkefni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Guðríði var boðið að taka þátt í vinnustofu hjá MATÍS. Vinnustofan fjallaði um: Frá hugsjón til sameiginlegra aðgerða um jákvæða ímynd íslensk matar og matarmenningar. New Nordic Food programme, Nordic Council og Ministers. Mjög áhugavert efni og margir sem þátt tóku í vinnustofunni eru að kenna og vinna með íslenskan mat og matarmenningu.
- Jórunn fór á námskeið í HÍ sem að fjallaði um kvíði og þunglyndi hjá nemendum á starfsnámsbraut.
- Bjarni er í kennsluréttinda námi hjá HÍ.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á þessu skólaári höfum við notað þessa nýju bækur:

- Kanntu brauð að baka eftir Svan Kristjánsson.
- Matur frá ýmsum löndum eftir Þuríði Helgu Guðbrandsdóttur .

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að bjóða upp á fjölbreytt val svo nemendur kynnist sem flestum greinum. GMF braut verði í boði. MATR1VB05 í vali er góður áfangi fyrir alla nemendur þeir öðlast færni og þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Nemendur fá fræðslu í umhverfisvernd eins og matarsóun og flokkun. Áfanginn kemur að góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, þar sem nemendur eru margir hverjir að vinna á veitingarstöðum. Við þurfum að leggja áherslu á að nemendur kynnist íslenskum mat og matarhefðum, við getum gert það með því að fá inn t.d. bændur sem segja frá framreiðslu sinni. Nú þegar Garðyrkjuskólinn er komin inn í FSu þá hlökkum við til að nýta tækifærin sem það gefur okkur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Áfram þarf að passa upp á að verklegt nám í FSu sé fjölbreytt. Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar. Sjá tækifærin við að samþætta áfanga betur en gert er.

Myndlist - kennarar og áfangar

	Hautönn 2021	Vorönn 2022
Elísabet Helga Harðardóttir	MYNL1LM05	MYNL1LM05
	MYNL3MA05	MYNL3TK05
	MYNL1SX05	MYNL1SX05
	MYNL1SX02	LEIR1SX02

Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL2TK05	MYNL2TK05 (X2)
	MYNL1SX05 (X2)	MYNL2VL05
	LITLA HRAUN - teikning	MYNL3VL05
Anna Kristín Valdimarsdóttir		MYNL1SX05
		MYNL1SX02
		MYNL2TK05 - afleysing í janúar

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Fjarkennslureynsla og allt það efni sem hefur orðið til í Covid og kennarar hafa þróað nýttist vel þegar ófært var í skólann ítrekað í vetur. Á vorönn tóku kennarar upp enn samhæfðari og nákvæmari matskvarða en verið hefur og hefur það gefist mjög vel, einfaldað einkunnagjöf mjög sem og dregið úr mögulegri einkunnabólgu. Síðastliðnar annir hefur borið meira á að nemendur nái ekki, fyrir ýmissa hluta sakir, að klára tilskilinn fjölda verkefna í myndlistaráföngum. Hafa kennarar brugðist þannig við því að nemendur geta komið aftur í áfangann á næstu önn og haldið áfram þar sem frá var horfið, þó nokkrir hafa nýtt sér það og þökkum við skólayfirvöldum fyrir þennan sveigjanleika með okkur.

Áfanginn MYNL1LM05, *Litir og myndbygging* er í boði á hverri önn. Áfanginn var vel sóttur, fjölmenni og fjör. Þrír nemendur komu aftur og kláruðu núna. Breytingar sem gerðar voru virka vel og munu þær halda áfram. Stokka þarf upp þó enn frekar upp.

MYNL2TK05, *Teikning*. Mikil ásókn í þennan áfanga í vetur. Tveir hópar í gangi eftir áramót og sjaldan hefur kennari upplifað jafn ólíka hópa í sama fagi. Áfanginn í sífelldri þróun og breyting sem gerð var um áramót virkaði vel og verður aftur keyrð að hausti. Nýr kennari kom í afleysingakennslu með stuttum fyrirvara í janúarmánuði, kennslan gekk vel og forsenda þess er að hann gekk inn í fullmótað og skýrt skipulag kennara í leyfi og hafði þar að auki aðgengi að kennslumyndböndum og glærum sem gerði honum auðveldara með að kynna sér efnið og miðla til nemenda. Hann varð því öruggur í nýju og krefjandi starfi og upplifunin var virkilega ánægjuleg fyrir vikið.

Teikning var kennd á Litla-Hrauni á haustönn. Þátttaka var óvenju lítil og áfanginn því hvíldur á vorönn.

MYNL3MA05, *MANNSLÍKAMINN*. Engar breytingar voru gerðar á uppbyggingu áfangans. Árangur var óhemju góður og nemendur öflugir í módelteikningunni og ekki síður flottir í mismunandi útfærslum. Við fengum líka til okkar ágæt módel sem nemendur útveguðu sjálfir. Áfanginn verður kenndur óbreyttur næst þegar kemur að honum. Sýning nemenda í Listagjanni eftir áramótin var með ágætum.

MYNL2og3VL05, *Veggjalist*. Nýr vegghluti tekinn fyrir. Um var að ræða vegginn á milli bílastæðis FSu og gervigrasvallar nema núna var unnið á hann vestan megin og helmingurinn tekinn, en þessi flötur var alveg óunninn fyrir. Útkoman gríðar góð. Gefst mjög vel að vinna veggjalistina í tórnum eins og gengið var út frá í þetta skipti þ.e. hugmynda- og skissu vinna fyrstu 4 vikur annarinnar, síðan pása fram á vor þegar veður skánar og mikil törn tekin dag eftir dag.

MYNL3TK05, *Teikning framhald*, var kenndur með nokkrum breytingum og nýjum áherslum. Gerð var meiri krafa um fjölbreytni í skyggingum og tilraunir með mörg atriði í hverju verki. Þetta reyndist erfitt í byrjun en þegar á leið áfangann skilaði það sér með ágætum. Nemendahópurinn var að stórum hluta sá sami og á 3. Prepi fyrri önninni og stóð sig mjög vel. Afraksturinn verður sýndur í Listagjanni, Bókasafni Árborgar í september.

Starfsbrautaráfangar voru fjölmargir að venju og líflegir. Nýr kennari slóst þar í hópinn eftir áramót og með honum nýjar og ferskar áherslur. Unnið var með fjölbreytta miðla og skapandi tilraunir, út frá áhugasviði og styrkleika nemenda. Má þar nefna: dúkristu, frauðþrykk, stimplagerð, ýmsar útfærslur af einþrykki, tví - og þrívíð verk með endurvinnanlegum efnivið, teikning og eitthvað var um að nemendur spreyttu sig á fyrstu tækniæfingunum í MYNL2TK05, *Teikning* (verkefni 1-3), einnig var eitthvað um að nemendur máluðu á stiga, eitt verkefni (margbrotið form) var nýtt úr áfanganum MYNL1LM05, *Litir og myndbygging*. Lögð var áhersla á jákvæða upplifun nemenda og sköpunarferlið var tekið fram yfir afurðir og nemendur voru hvattir til að stíga út fyrir þægindaramman og gera tilraunir. Þeir fengu innsýn í endur nýtingu óhlutbundinna mynda sem eru tilkomnar vegna þrifa á þrykkplötu og hvernig hægt væri að skapa eitthvað nýtt með ímyndunaraflinu, með því að rýna í myndirnar og greina óljósar myndir og draga fram nýja veröld eða fígúrur. Það gæti verið áhugavert að þróa þetta verkefni áfram því að það hentar vel í einstaklingsmiðuðu námi og gæti stuðlað að auknu flæði og ánægju við myndsköpun, sérstaklega fyrir þá nemendur sem upplifa vanmátt í myndlist.

Boðið var upp á leirmótunaráfanga á starfsbraut á þessari önn. Nemendur voru áhugasamir og vildu flestir fá að móta verk eftir sínum hugmyndum en tóku við leiðbeiningum þegar þess þurfti. Þeir lærðu grundvallaratriði sem nýttust þeim vel. Heimsmarkmiðin voru kynnt og var þeim boðið upp á að vinna út frá þeim sem aðeins einn nemandi gerði. Nemendum er alltaf frjálst að leira á starfsbraut en það verður markvissara að kenna þegar um hóp er að ræða.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur jafnóðum að verkefnum loknum inn í INNU þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum og geta ef þeir vilja og þurfa, betra um bætt sitt verkefni og skilað aftur. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf.

Námskeið/endurmenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið

ELÍSABET:

- Áframhald á vinnu heima með akrýl á striga, vatnsliti, leir og fleira.
- Endurhæfing í veggjalist hjá Ágústu.
- Rafræn myndvinnsla og æfingar í myndbandagerð á nanó skala.

ÁGÚSTA:

- Endalaust óformlegt nám hjá umsjónarmanni FabLab á Selfossi er varðar tæknikunnáttu í FabLab.
- Sjálfstæð vinna og þjálfun við teikningu og vatnslitun.

- Hélt 30 tíma veggjalistarnámskeið fyrir unglinga og fullorðna í Þorlákshöfn um mánaðarmótin júní/júlí. Alltaf lærdómsríkt að halda námskeið.

ANNA KRISTÍN:

- Starfsnám í Grunnskólanum í Hveragerði og þróun skapandi rannsóknarvinnu út frá heimsmarkmiðunum, M.Ed verkefni.
- Vann fyrstu grunnverkefni í áfanganum MYNL2TK05 *teikning*, áhorf kennslumynda og stefnt er að áframhaldandi vinnu í áfanganum næsta sumar, ef tækifæri gefst.
- Sjálfstæðar tilraunir með þrykk og ímyndunaraflíð, endur nýting eldri verka ásamt vatnslita tilraunum.
- Kennsluáhorf/ faglegar fyrirmyndir: fylgdist grannt með kennslu Ágústu og Elísabetar þegar aðstæður leyfðu, sem var gefandi og lærdómsríkt.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Nýjar og/eða bættar glærur og kennslublöð í öllum áföngum.
- Ný "heimagerð" kennslumyndbönd þar sem handbragð og nálgun á ákveðin verkefni er sýnt.
- FSu myndlist á Facebook er gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á drif, s.s. glærur, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífelld er bætt þar við efni.
- INNA: Og allt ofan talið fer undir EFNI á Innu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Þróa ...

- enn frekar námsmats kvarða sem tekinn var upp um áramótin og aðlaga verklýsingar að breyttum mats kvarða til að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim. Mögulega hlutföll (%) við matsþættina og þá er ljóst hverjar áherslurnar eru,
- áfram einstaklingsmiðuð skapandi verkefni sem krefjast þess að ímyndunaraflinu sé beitt
- skapandi leiðir með endurvinnanlegum efnivið í einstaklingsmiðuðu námi
- enn frekar verklega hæfni og fagþekkingu.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Þegar ófærðardagar koma að ákveða annað hvort af eða á staðnám eða fjarnám, alls ekki setja það í hendur kennara og nemanda.
- Stækka borðplötur (fá nýjar) á þau borð sem fyrir eru í stofu 301.

Nýsköpun og miðlun - kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Ágústa Ragnarsdóttir	NÝMI2FL05	NÝMI2FL05
	NÝMI3HF05	
Magnús St. Magnússon	NÝMI3HF05	NÝMI2FL05 (afl. í jan)
		NÝMI3HF05
Margrét Blöndal		NÝMI2KV05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

NÝMI2FL05 (Fab Lab) hefur nú verið kenndur í nokkrar annir og hefur fest sig í sessi. Komin er mjög góð mynd á hann þó alltaf sé þróun í gangi. Kennari tók upp nýjan námsmats kvarða á vorönn sem hefur gefist vel.

NÝMI3HF05 (Fab Lab framhald) var kenndur samhliða 2. þreps áfanganum að venju á haustönn en vegna góðrar aðsóknar í áfangann var hann kenndur sér á vorönn. Áfanginn er í mikilli þróun, sífellt koma nýjar græjur sem eykur möguleika og nálganir á verkefnum. Breytingar voru þær helsta að kennt var á nákvæmara og öflugra 3d forrit sem kallast Fusion 360 auk þess var farið í það að bæta við kennslu á CNC viðarfræsara og framleiðslu með honum. Kynning var á Arduino iðntölvu forritun og á næstu önn verða gerð forritunar verkefni tengt þeim.

NÝMI2KV05. Áfanganum var breytt töluvert enda tiltölulega nýr og í mótun og nýjar áherslur með nýjum kennara. Farið var yfir undirstöðuatriði í handritsgerð, upptökutækni, gerð klippihandrita, klippingar og hljóðsetningu. Nemendur fengu þjálfun í að koma hugmyndum og sögum á blað og þaðan í myndrænt form. Skoðaðar voru mismunandi leiðir til að miðla efni; sjónvarp, útlarp, samfélagsmiðlar, streymisveitur, heimildamyndir, leiknar myndir. Nemendur lærðu viðtalstækni og tóku upp efni, klipptu, hljóðsettu og gerðu efni sýningarhæft.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmats aðferðum

Fab Lab: Í báðum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur að verkefnum loknum inn í INNU þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum og geta ef þeir vilja og þurfa, betra um bætt sitt verkefni og skilað aftur. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf.

NÝMI2KV05: Nemendur unnu 5 verkefni, 4 einstaklings og 1 hópverkefni. Kennari lagði áherslu á mikilvægi þess að vinna með hugmyndir og finna leiðir til að miðla þeim. Frásagnartækni og hugmyndaauðgi vógu þyngra en tæknilegar útfærslur. Góð saga stendur þrátt fyrir lélega tækni en lélegri sögu verður ekki bjargað með flottri tækni stendur einhversstaðar. Ef nemendur leystu verkefnin skv. verkefnalýsingu fengu þeir 8 í einkunn. Og síðan gátu ýmsir þættir, s.s. heimildavinna, vel valin tónlist, sérstök vandvirkni, metnaður og óvænt hugmyndaauðgi hækkað þá einkunn.

Námskeið/endurmenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið

ÁGÚSTA:

- Stanslaust óformlegt nám hjá Magnúsi St. Magnússyni.

MAGNÚS:

- Árlegt FabLab endurmenntunar námskeið var haldið vikuna 2.-6. Maí. Á þessum námskeiðum koma FabLab starfsmenn saman af öllu landinu og að þessu sinni var það haldið í FabLab Ísafirði. Þar nýtum við tækifærið til að hittast, læra af hvort öðru og styrkja tengslanetið okkar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

FabLab: Engar kennslubækur, en nýjar eða bætтар glærur og annað kennsluefni s.s. kennslumyndbönd í báðum áföngum. FSu myndlist, nýsköpun og miðlun á Facebook er gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar.

NÝMI2KV05: Fjórir gestafyrirlesara komu í heimsókn á önninni. Kennara fannst það mikilvægt til að víkka kennsluna út. Þetta voru þau Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur, Margrét Jónasdóttir framleiðandi hjá SAGA Film, Gunnar Árnason hljóðmeistari og Friðrik Erlingsson rithöfundur og handritshöfundur.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- FabLab áfangar: Samræma námsmatsaðferðir.
- NÝMI2KV05: Kennari er meira en til í að koma að því að skipuleggja þennan áfanga áður en hann verður kenndur aftur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- FabLab: Hafa samráð við Magnús og Ágústu áður en tímasetning áfanga eru settar í töflu.
- NÝMI2KV05: Það vantar myndavélar, hljóðnemanætur ... og sennilega fleira. Það er mikilvægt að fara yfir tækjakost skólans.

Annað

NÝMI2KV05: Kennari ræddi um áfangann við nemendur sína og þau töldu að þessi áfangi ætti að ná yfir tvær annir. Þá væri hægt að fara yfir kennsluefnið (frásagnartækni, viðtalstækni og fl.) á haustönn og svo væri vorönnin nýtt til að vinna mynd, annað hvort heimildamynd eða leikna mynd.

Textill og hönnun, listir og menning – kennari og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN1SX05	FATN1SX05 (x2)
	HÖTE2HU05	HÖTE2HU05 (x2)
	HÖTE3FH05	LIME2MM05
	LIME1IN05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

- Listir og menning var alveg nýtt fyrir kennara sem tók þá ákvörðun að breyta áfanganum mikið og gera hann bæði bóklegan og verklegan. Góð ásókn var í áfangana og ýmsar flottar afurðir litu dagsins ljós frá nemendum. Kennari fór með hópana í ýmsar vettvangsferðir s.s. á myndlistarsýningu í Hveragerði, bókasafnið í Árborg og á leiksýningu í Reykholti.
- Áhersla lögð á sjálfstæða vinnu við verkefnin.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum :

- Símat með verkefnaskilum í öllum áföngunum og notaðist við excel.

Námskeið sem kennari hefur sótt :

- Stafræn framsetning á verklegri kennslu fyrir listgreinar á vegum Fatex
- Útsaumsnámskeið á Hallormstað
- Sólarlitun hjá Heimilisiðnaðarfélaginu
- Prikknámskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu :

- Sjálfbærni í textíl
- Lopapeysuprjón
- Prjónabók frá Stroff

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

- Halda áfram með netverkefni
- Fá gestakennara

Annað

- Kennsla gekk vel í vetur þó það hafi verið covid og ófærð. Kennari notaði þá netverkefni og allir héldu áætlun.

2.1.7 Þriðja tungumál

Fagstrjóri: Brynja Ingadóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Brynja Ingadóttir	ÞÝSK1AA05	ÞÝSK1AA05
	ÞÝSK1BB05	ÞÝSK1BB05
	ÞÝSK1CC05	ÞÝSK1CC05
Sigríður Guðmundsdóttir	SPÆN1AA05	SPÆN1AA05
	SPÆN1BB05	SPÆN1DD05
		Litla Hraun
Gunnþórunn K. Sveinsdóttir	SPÆN1BB05	SPÆN1BB05
	SPÆN1CC05	SPÆN1CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í þýskukennslu var áhersla aukin á þjálfun hlustunar í öllum áföngum og voru hlustunarverkefni lögð fyrir sem heimanám. Nemendur gátu hlustað eins og oft og þeir þurftu og vildu og leystu verkefni úr efninu. Notaðir eru þýskir þættir sem ætlaðir eru til kennslu og mælast þeir vel fyrir meðal nemenda. Í þýsku var áhersla aukin á lestur stuttra texta og greina í efsta áfanga, þar sem vöntun er á slíku í námsbókunum.

Í þýsku var á haustönn unnið að fjölgun verkefna í munnlegri færni í öllum áföngum. Á vorönn var þetta erfiðara í framkvæmd sökum þess hve margir skóladagar féllu niður vegna veðurfars og einnig vegna hægrar framvindu í námi og kennslu vegna covid-veikinda nemenda og kennara.

Í þýsku eru léttlestrarbækur áfram notaðar til munnlegs prófs í efri áföngum. Nemendur geta bæði hlustað og lesið sögunnar. Þessi lestur eykur bæði orðaforða og lesskilning nemenda og eflir þá mjög í munnlegri færni. Nemendur skila endursögn úr sögunni áður en þeir mæta með stikkorð í munnlegt próf. Koma þeir oft sjálfum sér á óvart á munnlegu prófi. Í þessu ferli er unnið með alla færnisþætti tungumálsins; hlustun, lestur, ritun og tal.

Í námsbókunum er fleiri atriðum sleppt en áður og bækurnar í meira mæli notaðar sem rauður þráður, en öðru efni er bætt við og aukin áhersla er lögð á fjölbreyttari verkefnavinnu í hlustun, lestri, tali og ritun.

Í spænskukennslunni voru kenndir skylduáfangarnir þrír á báðum önnum að auki var DD-áfanginn kenndur á vorönn og þrír nemendur á Litla-Hrauni hófu einnig nám í AA-áfanganum, á vorönn, þar af lauk einn áfanganum. Áfangarnir voru keyrðir mjög svipað og undanfarnar annir og svipað og er gert í þýskunni, með jafnri áherslu á færnisþættina fjóra: lesskilning, ritun, hlustun og tal.

- Nýjungar voru helst gerðar í námsmati (komum að því í liðnum hér fyrir neðan).
- GKS notaði Kahoot-forritið á enn hnitmiðaðri hátt en áður og tengdi það við bæði málfræði- og menningartengd atriði í náminu.
- Mikill tími fór í að undirbúa og búa til námsefni fyrir nemendur í DD-áfanganum sem SG kenndi, enda áfanginn ekki verið kenndur í dágóðan tíma.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat er í öllum áföngum í spænsku og þýsku.

Í spænskunni breyttu kennarar lágmarksviðmiðum kaflaprófa, nú þurfa nemendur að ná 4,5 í meðaleinkunn úr tveimur kaflaprófum sem lögð eru fyrir yfir önnina. Þeir hafa tækifæri til að taka prófin upp í BB og CC ef þeir ná ekki lágmarksviðmiðunum. Í AA-áfanganum er talið farsælla að nemendur taki ekki upp próf þar sem um algjöran grunnáfanga er að ræða og þarf að vera meiri sía úr AA-áfanganum upp í BB-áfangann svo að nemendur nái grunnatriðum tungumálsins áður en lengra er haldið. Þeir nemendur sem náðu síðan ekki þessum lágmarksviðmiðum í kaflaprófunum var boðið að taka lokapróf í námsmatsvikunni.

Helstu breytingar í námsmati hjá okkur er að við höfum unnið markvisst með ritanir og undirbúið nemendur mjög vel fyrir munnleg próf. SG lét þau vinna nokkrar ritanir fyrir munnlegu prófin vel tímanlega og svo gátu þau nýtt sér þær þegar í munnlega prófið var komið og gafst það mjög vel. Mörg hver mættu án nokkurra punkta og komu bæði sjálfum sér sem og kennaranum á óvart. Einnig breyttum við aðeins mats kvarðanum í munnlegu prófunum og vorum með hann skiptan í skilning og tjáningu og síðan framburð. Þá fá þau visst marga punkta fyrir innihald svara og hvort þau skilji það sem við þau er sagt og síðan er framburðurinn metinn sér. Þau fá að vita hvað þau þurfa að leggja áherslu á varðandi framburðinn og fá líka lista yfir framburðarreglur.

Einnig var strangar tekið á verkefnaskilum yfir höfuð, t.d. var farið í sumum áföngum mánaðarlega yfir stöðu verkefna, þannig að þau verkefni sem lögð voru fyrir í janúar þurftu öll að vera komin inn í lok janúarmánaðar. Ef þau skiluðu verkefnum eftir settan skiladag þá fengu þau mínusstig fyrir hvern dag umfram skilafrest.

Kennararnir í spænskunni hafa reynt eftir fremsta megni að samræma uppbyggingu áfanganna þannig að nemendur finni fyrir góðri samfellu í spænskunáminu óháð því hvaða kennari kennir hvern áfanga. Mikið og gott samstarf á sér stað í spænskudeildinni og eru kennararnir mjög samtaka í kennslunni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Það er á við langt námskeið að kenna 5 annir í covid-ástandi þar sem hver önn er ólík annarri og kennslan oft eins konar spuni. Vorönn 2022 var séstaklega erfið vegna mikilla covid-veikinda bæði meðal nemenda og starfsfólks. Einnig hafði slæmt veðurfar í febrúar og mars mikil áhrif á nám og kennslu. Þessi reynsla er því á við námskeið í einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem reynt hefur verið af fremsta megni að ná sem flestum nemendum til lands.

- SG fór á námskeið á vegum Endurmenntunar í ágúst sl. sem hét *Frásagnir sem lykilþáttur í kennslu spænsku sem erlends tungumáls*.
- SG mun síðan fara í námsferð á vegum AIPE (félags spænskukennara á Íslandi) til Cádiz á Spáni í júní, einnig mun hún fara á námskeið á vegum Endurmenntunar í júní: *Raddvernd og raddvandamál kennara – Nemendur með málþroskaraskanir*.
- SG er einnig að taka námskeið á netinu sem heitir „Aprender“ á vegum UNAM (Þjóðarháskóli Mexíkó) í gegnum símenntunarvefsíðuna *Coursera*.
- BI, GKS og SG fara síðan allar í námsferð FSu til Ítalíu í lok maímánaðar.
- GKS og BI hafa í hyggju að taka þátt í sumarnámskeiði STÍL í ágúst nk.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

BI er áfram í samstarfi við kollega í FVA og Borgó. Við áttum góða fundi bæði í lok vorannar 2021 og einnig í ágústbyrjun sama ár og unnum við að breytingum í þýskukennslunni. Hugmyndir voru uppi um að skipta um námsbækur, en við völdum þess í stað að minnka vægi bókanna í kennslu og bæta frekar við fjölbreytilegum verkefnum í öllum færnisþáttum.

Í spænskunni eru kennarar sammála um að nota fyrirliggjandi kennslubækur í bili. Verkefnahefti eru reglulega uppfærð og endurskoðuð. Eins og áður hefur verið nefnt hefur GKS notað Kahoot-forritið á markvissari hátt og þar sem SG er nú komin betur inn í allt námsefnið, hyggst hún gera slíkt hið sama á nk. önnum. Stefnt er að því að taka aftur inn léttlestrarbækurnar um Lolu Lago.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

BI leggur til að próftafla verði felld niður og í stað hennar komi námsmatsvika þar sem allt námsmat fari fram í tímum inni á venjulegri stundarská. Fróðlegt væri að vita fjölda og vægi þeirra prófa sem lögð eru fyrir í próftöflu og hvort þau próf megi ekki allt eins leggja fyrir í námsmatsviku í venjulegri stundatöflu. Þannig myndi síðasta vika hverrar annar nýttast mun betur.

BI, GKS og SG eru ekki hrifnar af núverandi stokkatöflu, fyrir nemendur og telja að t.d. annað hvort 2-1-1 eða 1-1-1-1 myndu nýttast mun betur en núverandi fyrirkomulag. Nemendur í 3. tungumálinu þurfa meiri og tíðari örvun, upprifjun, innlögn og æfingu þar sem þau hafa lítil sem engin kynni af námsefninu utan skólastofunnar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Eftir tveggja ára covid-ástand mættu skólayfirvöld og kennarahópurinn vinna markvisst og heildrænt innan skólastofunnar að styrkingu sjálfsmyndar nemenda og félagshæfni þeirra. Gott væri að hafa hugmyndavinnu meðal kennara í byrjun haustannar til að byggja upp og undirbúa þessa vinnu og gera okkur meðvitaðri um hvernig við getum með fjölbreytilegum kennsluaðferðum unnið með nemendum þannig að þeir kynnist hver öðrum og eignist vini og samstarfsfélaga í hinum ýmsu námsgreinum þær 15 – 17 vikur sem hver önnur spannar.

Kennurum í þriðja tungumáli finnst að fyrirmæli mættu vera skýrari frá skólastjórnendum þegar tímar eru felldir niður t.d. vegna veðurs, hvort þá eigi þá að kenna í fjarkennslu, staðkennslu (Selfyssingar) eða hvort nokkur kennsla eigi að fara fram, ekki að setja það í hendur kennara. Sérstaklega þar sem margir kennarar og nemendur eru ekki búsettir á Selfossi og hefur það gerst oftar en einu sinni að kennarar sem búsettir eru á Selfossi eru kannski með 4 nemendur í tíma hjá sér og aðrir eru veðurtepptir heima hjá sér en vilja kannski fylgjast með á netinu. Þá er e.t.v. einfaldara að hafa bara fjarkennslu en ekki þessa blönduðu kennslu sem að hefur vakið óánægju hjá bæði starfsfólki og nemendum.

Annað

Á haustönn 2021 tóku 4 nemendur stöðupróf í þýsku, skv. formi sem kennarar þriðja tungumáls bjuggu til og hafa notað síðan stöðupróf voru lögð niður í MH. Þrír nemendanna eiga annað foreldrið þýskt og tala þýsku alla daga. Fengu þeir alla þrjá áfangana metna, samtals 15 einingar. Fjórdi nemandinn hafði búið í Svíþjóð og lært þýsku í grunnskóla þar. Hann fékk fyrsta áfangann metinn.

Eftir umræður og undirbúning á fundum deildarinnar á haustönn, var send umsókn til skólastjórnenda um færslu þriðja áfanga þriðja tungumáls upp á 2. þrep. Ekki var orðið við þeirri beiðni. Bl lagði þetta efni fyrir á aðalfundi Félags þýskukennara þann 20. maí sl. og var fulltrúa þýskukennara í STÍL falið að leggja það fyrir á aðalfundi STÍL þann 30. maí n.k.

Fram kom ósk frá nemendum á Litla-Hrauni að fá að sækja nám í spænsku og var orðið við því á vorönninni. SG, í samráði við Gylfa Þorkelsson, tók 3 nemendur í AA-áfangann. Það gekk vel í upphafi en síðan kom upp Covid-sýking í fangelsinu og síðar einhver óregla á einum nemenda, að endingu þreyttu tveir nemendur próf, annar þeirra stóðst áfangann.

2.2 Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir

Sviðsstjóri: Kristjana S. Skúladóttir

2.2.1 Hestabraut

Fagstjóri: Sissel Tveten

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Sissel Tveten	HEST1GR05, REIM1GR05, VINU2FH02, REIM2GP05, VINU3SH02, HEST3PG04, REIM3PG05	HEST2KF04, REIM2KF05, REIM3PK05

Freyja Hilmarsdóttir	REIM1GR05, VINU2FH02, VINU3SH02	REIM1GF05, REIM2KF05
Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	VINU2FH02, HEST2GP05, REIM2GP05, VINU3SH02	HEST1GF05, REIM1GF05, VINH2FH10, VINH3SH10, LEIH2HE04
Johannes Amplatz	HEST2GP05, FÓHE2HU03, FÓHE2FU05	FÓHE1GR03, FÓHE3AU03, LOKH3HB03
Gestakennarar á árinu	Óskar Guðbjörn Jónsson, smiðakennari. Susanne Braun, dýralæknir og Kírópraktór. Caroline Aldén, járningamaður. Ragnhildur Haraldsdóttir, reiðkennari. Sigríður Pétursdóttir, íþróttadómari og reiðkennari. Sveinn Ólason, dýralæknir.	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Við fengum styrk úr fagefningarsjóði til að endurskipuleggja áfangann LOKH3HB03. Við endurskipulögðum áfangann og kenndum hann sem tilraun eftir nýtt skipulag á vorönn. Þetta heppnaðist mjög vel og kynntum við verkefnið fyrir kennara núna í lok annar. Við stefnum á að kenna næst eftir nýja skipulaginu með smávægilegum breytingum. Næstu önn munum við skoða hvort við ættum að fara með áfanganum í að láta samþykkja breytingarnar.
- Við nýttum tækifærið þegar að samkomutakmörkunum var aflétt í að fara í fjölmargar vettvangsferðir.
- Við fórum í heimsókn á hrossaræktarbúið Kjarr og fræddumst um starfsemina þar.
- Við fengum kynningu á girðingarefni og verklagi við að setja upp rafmagnsgirðingu í Byko.
- Við heimsóttum fódurblönduna og fengum kynningu fódurfræðings á vörurnar frá þeim.
- Við heimsóttum hestaleiguna Eldhestar og fengum kynningu á starfseminni þar.
- Við áttum samstarf við Suðurlandsdeildina í hestaíþróttum þar sem nemendur voru að rita fyrir dómarar og fengu verðmæta reynslu, og innsýn í starf dómara í hestaíþróttum.
- Við tókum upp þráðinn í samstarfi við hestamannafélagið Sleipni og æskulýðsnefndin þar. Nemendur tóku þátt í að undirbúa og aðstoða við reiðkennslu barna á Selfossi og bauð krökkum úr Sleipni í sætisæfingatíma í Votmúla á hestum skólans.
- Nemendur tóku þátt í reiðhallarsýningunni „Stórsýning sunnlenskra hestamanna“ á Hellu.
- Við vorum með sér skipulag fyrir afreksknapa á hestabraut. Nemendur sem voru að keppa í meistaradeild æskunnar og meistaradeild ungmenna voru að hluta í dreifinámi tengdu mótum og undirbúningi fyrir mótin.

Þetta var gert til þess að koma til móts við það gríðarlega vinnuframlag sem liggur á bakvið þátttöku í afreksíþróttum. Þau skiluðu inn nokkrum verkefnum tengdu dreifináminu og kynntu fyrir samnemendum. Eins og síðast fannst okkur þetta hafa jákvæð áhrif á metnað og áhuga á hestíþróttinni hjá öllum í hópnum.

Þetta er krefjandi en spennandi fyrir bæði kennarar og nemendur og krefst mikils skipulags. Nemendur þurfa að sýna sjálfsæð vinnubrögð til þess að hægt sé að framkvæma þetta.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Við vorum með símat í öllum áföngum, þar sem okkur finnst það vera lang besta fyrirkomulagið fyrir okkar grein og það eina sem virkar í verklegum áföngum.

Í nokkrum bóklegum áföngum nýttum við okkur að hafa upprifjunarpróf í prófa vikunni, þessi upprifjunarpróf voru með svipað vægi og stærri kaflaprófin. Okkur fannst gott að rifja upp námsefnið í lok annar, án þess að hafa auka álagið og pressuna sem fylgir því að taka lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Íþróttadómaranámskeið á vegun Hestaíþróttadómarafélags Íslands.
- Rafræn menntaráðstefna Landssamband Hestamannafélaga.
- Ýmsar sýnikennslur á degi reiðmennskunnar hjá hestamannafélaginu Fákí.
- Benedikt Lindal, sýnikennsla um frumtamningar.
- Rafræn endurmenntun og próf fyrir knapamerkjakennarar og dómarar.
- Reiðtímar hjá ýmsum reiðkennurum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við erum ekki búin að taka nýjar kennslubækur í gagnið, en við erum búin að fjölga bókum á bókasafninu til að styðja við kennsluna. Þetta nýtist bæði nemendum og kennurum. Við höfum áhuga á að bæta nokkrum bókum í safnið á næstu önn, og erum að vinna í að finna þær á ensku.

Bækurnar sem bættust við á bókasafnið eru:

- Tölum um hesta, Benedikt Lindal og Sigríður Ævarsdóttir
- Heillaðu hestinn, Súsanna Sand Ólafsdóttir
- Equine Applied and Clinical Nutrition, Raymond J. Geor & Pat Harris & Manfred Coenen
- Nutrient Requirements of Horses, National Research Council

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Girðingaverkefni í Votmúla Næsta vor ætlum við gera tilraun með verklegt verkefni í að búa til rafmagnsgirðingu í Votmúla. Freyja leggur til efni og nemendur girða einhvern spotta og búa til hlið. Í leiðinni búum við til randbeitiaðstöðu fyrir skólahestana yfir sumartímann.

- Undirbúa jakka með merkingar fyrir 1. árs nemendur strax um áramótin. Ath. Græja merktar húfur og ábreiður ef áhuga ef fyrir því.

- Okkur langar að nýta okkur hestamyndir frá fyrrum nemendum, þeim Önnu og Kötlu. Við viljum athuga hvort við fáum leyfi hjá þeim til að útbúa eftirprentun sem við getum rammað inn og nýtt

sem gjöf þegar við förum í vettvangsferðir. Við eigum gott samstarf við fjölmörg fyrirtæki sem hafa tekið á móti okkur oftar en einu sinni. Það væri gaman að geta komið með fallegan þakklætisvott til þeirra.

- Búa til handrit fyrir kynningarmyndband fyrir hestabraut.

- Job shadowing- hugmyndir að samstarfsaðilum og hvar er hægt að sækja um. Uppsala yrkesgymnasium hafa óskað eftir samstarfi við okkur. Þau eru komin með styrk hjá Erasmus+ í nemendaskipti og job shadowing. Við höfum áhuga á báðum kostum, en að senda nemendur 2 eða 3 saman í stað þess að vera í stóran hóp með kennara. Það væri gott ef við gætum farið í job shadowing fyrst og síðan í nemendaskipti.

- 13.-15. júní. Storsteigen vgs. (Mari Dalen Jordet.) Kemur til Íslands til þess að kanna möguleika á samstarfi við íslensk hestafyrirtæki og skóla. Við stefnum á að hitta hana og ræða möguleika á samstarfi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Aðstoðað okkur við að markaðssetja brautina.

- Halda áfram að styrkja kaup á úlpum merktum brautinni. Við teljum þetta vera eina bestu auglýsingaleiðina fyrir okkur. Nemendur finnst mjög gaman að eignast þessar úlpur og það er flott að geta verið vel merkt þegar við förum á sýningar eða sýnikennslur á vegum skólans.

- Styðja okkur og greiða fyrir akstur og vinnutíma í sambandi við sýningarhöld hjá nemendum. Að taka þátt í reiðhallarsýningu er verðmæt reynsla fyrir nemendur og góð auglýsing fyrir brautinni. Kennarar hafa verið að vinna mikla auka vinnu við að aðstoða við æfingar og að skutla hesta og nemendur á sínum bilum og kerrum.

- Leigja myndatökumann til að gera kynningar vídeó fyrir hestabraut, þar sem það var ekki gert þegar að tekið var upp hjá hinum verknámsbrautunum.

- Prenta nýja bæklinga sem við, og námsráðgjafar geta nýtt í kynningar.

Annað

- Við fórum í verkefni að kaupa nýja jakka fyrir nemendur merktar hestabraut FSu sem hluti að því að auglýsa skólann. Það voru keyptir 20 jakkar á nemendur hestabrautar. Skólinn styrkti þessi kaup. Kennarar sá um að finna úlpurnar og semja við framleiðendur um verð. Næst munum við stefna á að láta nemendur vinna þetta verkefni sjálf að mestu leiti, undir handleiðslu kennara.

- Við söfnuðum saman undirskriftum frá nemendum og aðstandendum á brautinni, um að við mættum nota myndefni í þeim tilgangi að kynna brautina á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum. Við höfum blásið líf í Facebook síðu skólans og stofnað Instagram aðgang til þess að geta auglýst okkur betur.

2.2.2 Húsasmíði

Fagstjóri: Lárus Gestsson

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Lárus Gestsson	TRÉS1HV08 - HÚSA3HU09 - TRÉS1VT08-K	LOKA3HU08 - INRE2HH08 - HÚSA3PÚ09 - HÚSA3HU09-K
Svanur Ingvarsson	GRTE1FA05 - GRTE1FB05 – LEÐU1SX02	GRTE1FB05 - GRTE1FB05 - TRST3HH05
Óskar Guðbjörn Jónsson	FRVV1FB05 - GLUH2GH08 - TRÉS1VÁ05 -	INNK2HH05 - LOKA3HU08 - TRÉS1VT08 – FRVV1FB05-K
Jón Sigursteinn Gunnarsson	EFRÆ1EF05 - TRÉS1SX02 - BRAG1SA01 - LHRTRÉ	TRÉS1VT08 - LHRTRÉ - HÚSAV3HU05 - BRAG1SB01
Hjalti Guðmundsson	GLUH2GH08 - TRÉS1HV08 - TRÉS1VA05 - TRÉS1VÁ05	INRE2HH08 - HÚSA3PÚ09 - GLUH2GH08-K

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýr kennari, Hjalti Guðmundsson tók til starfa í haust.

Í vetur gerðum við góðar endurbætur á lakkklefanum í trédeild. Sett var upp braut í loftið til að hengja upp glugga eða aðra smíðisgripi meðan verið er að sprauta þá.

Gluggarnir hafa ekki áður verið sprautaðir þannig að þetta er þetta er góð viðbót í fjölbreytta kennslu hjá okkur. Einnig settum við upp hillukerfi á einn vegg til að taka við hlutum úr lökkun.

Í innréttingaáfanganum smíðum við skáp sem er allur spónlagður, í vetur gerðum við tilraun með að sprauta hann með vatnslakki í staðin fyrir sýrulakki sem áður hafði verið notað. Ekki hefur verið lakkað undanfarin ár með sýrulakki vegna mengunar og óþoli þess sem þetta skrifar. Þessi tilraun kom mjög vel út og engin óleysanleg vandamál komu upp við að nota vatnslakkið.

Kostirnir við að nota vatnslakk eru ótvíræðir, það er vistvænt sem passar vel inn í stefnu skólans í grænum skrefum, lakkspautan og önnur áhöld eru þrífinn með vatni í stað eiturefna eins og þynni svo eitthvað sé nefnt.

Markmiðið okkar síðastliðið haust var að trédeild yrði eiturefnalaus fyrir haustið 2022, við teljum okkur vera búna að uppfylla það markmið. Fram undan er svo að taka næsta skref sem er að fara dýpra í innihald annara efna og sjá hvort við getum notað einhver náttúruvænni efni þó þau flokkist ekki sem eiturefni.

Í vetur höfum við lagt mikið upp úr að nemendur og kennarar tileinki sér flokkunarkerfið okkar, í stuttu máli hefur sú þróun verið mjög jákvæð og mikill árangur hefur náðst. Mjög mikilvægt er að við kennarar sýnum það fordæmi sem þarf til að sú þróun haldi áfram.

Það getur verið styrkur í að hafa áfanga á sama tíma í verklegu, þarf samt að velja áfanga saman í samráði við fagstjóra.

Innleiðing INNU gengur vel hjá kennarahóp trédeildar og verður þróuð áfram í öllum áföngum í markvissum skrefum.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat og leiðsagnarmat eru eingöngu notuð í trédeild, engin lokapróf í trédeild.

Þessar námsmatsleiðir teljum við að henti okkar kennslu vel og skili góðri niðurstöðu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

LG: Málstofa/ráðstefna um leiðsagnarmat.

Námskeið varðandi gæðakerfi og virkniskoðun.

Upplýsingaöflun varðandi vatnslakk og lakksprautu, eigið námskeið er í gangi alla daga bæði á staðnum og alls staðar þar sem góðar og áreiðanlegar upplýsingar eru í boði.

OGJ: Námskeið um gæðakerfi og virkniskoðun AJOUR

Námskeið um gluggaísetningar við íslenskar aðstæður.

JSG: Námskeið um gæðakerfi og virkniskoðun AJOUR

HJG: Var í kennsluréttindanámi

SI: Tekur þátt í innleiðingu ferilbókar hjá skólanum, gott námskeið það.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- „Mannvirkjgerð - Ferli- Öryggi- Gæði“ ný bók sem komið hefur vel út í kennslu í vetur.
- „Innréttingar“, ný bók um innréttingasmíði, við erum að meta hana eftir vorönnina og gefum álit á henni til Iðnú þegar yfirferð er lokið.
- „Verkefnasafn fyrir fagteikningu í húsasmíði“ var í kynningu í vetur og verður tekinn í notkun næsta haust.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Reyna að koma á samstarfi við Iðuna um fagnámskeið sem yrðu haldin í Hamri. Mætti hugsa sér til dæmis tvisvar á önn, ekkert nema sjálfsagt væri að bjóða iðnaðarmönnum úr atvinnulífinu að vera með á námskeiðinu.

Það er ekki ásættanlegt hversu lítill áhugi er hjá atvinnulífinu (Iðunni) að vera í samstarfi við okkur varðandi samráð um fagleg málefni, fræðslu og kennsluefni. Væri ekki eðlilegra að við værum í sama liði og stæðum meira saman?

Tillaga um að hugleiða Hamarsdag með nemendum og kennurum, taka til, grilla og hafa gaman til dæmis síðasta kennsludag að vori.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Koma stækkun á skýlinu í portinu við Hamar í ferli hjá Ríkiseignum. Við erum með ákveðnar hugmyndir um hvað þyrfti að gera til að leysa hljóðvist varðandi spónakerfi og geymslupláss úti fyrir tré og málmdeild.

2.2.3 Mál

Fagstjóri: Borgþór Helgason

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Borgþór Helgason	TSVÉ2GV05 IÐNT2MI05 IÐNA2EL05 STÝT3GR05 HVMÁ3NH05	EFRÆMI05T TÉSVÉ3TV05 HLGS2TI05 IÐNA3EI05 IÐNT3ML05
Magnús Tryggvason	HLGS2MI05 LOGS1UM05 RAFS1SU05	HAMÁ1NH05 MÁLM1SV02 MÁLM1VA05
Gísli Viðar Oddsson	AVVI2BB05 HLGS2MI05 IÐNA2EL05 LOGS1UM05 VÉLF3FA05	AVVI1VB05 AVVI3UV05 RENN1GR05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Teikniforritið Revit var tekið í notkun í samhliða Innventor í teiknikennslu. Nemendur notuðu þrívíddarprentara til að búatil hluta af skilastykkjum samhliða cnc vélunum. Einnig var farið dýpra inní Inventor forritið til þess að leysa stærðfræðiþrautir varðandi horn massa og fl.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat tókst vel í öllum áföngum, í IÐNA2EL05 fóru þeir sem ekki náðu 7 í annareinkunn í lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- MH: Lóðningar Iðan nóvember 2021
- GVO: Lóðningarnámskeið hjá Iðunni

- BH: Námskeið í Innventor, þunnplötuteikningu, hjá iðnunni. Réttindarnámskeið í kælitækni hjá iðnunni

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Bætt var við verkefnum í lðna eðlisfræði einnig var smíðaður rokkerarmur (hluti af sveinsprófs stykkjum) í cnc áfanga. Ný kennslugögn var bilanagreinatölva og búnaður til að þjónusta kælikerfi í bílum og almennum kælitækjum.

Annað

Það er búið að vera frábært að vera hluti af þessari uppbyggingu sem er búið að koma skólanum á meðal þeirra fremstu á Íslandi.

2.2.4 Íþróttir

Fagstjóri: Sverrir Geir Ingibjartsson

Kennarar og áfangar

	Hautönn 2021	Vorönn 2022
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	HBFR1HH05 ÍÞRÓ1BX02 ÍÞRÓ1GX02 ÍÞRÓ1PX02 ÍÞRÓ1PH03 ÍÞRÓ2BA02 ÍÞRÓ2JF02	NÆRI2ÍP05 ÍÞRG3HA03 ÍÞRÓ1PX02 ÍÞRÓ2BL02 ÍÞRÓ2JF02 ÍÞRÓ2PL03 ÍÞRÓ2PR02
Gunnar Rafn Borgþórsson	BRAG1SA01 FÉLA1SA05 ÍÞRÓ1PH03 ÍÞRÓ2KN02	BRAG1SB01 ÍÞRÓ1BX02 ÍÞRÓ1PH03 ÍÞRÓ2PL03
Magnús Tryggvason	ÍÞRÓ1GX02 ÍÞRÓ1PH03	ÍÞRÓ1GX02 ÍÞRÓ1PX02
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍÞRÓ2JÓ02 ÍÞRÓ2JH02	ÍÞRÓ2JÓ02 ÍÞRÓ2JH02
Sabína Steinun Halldórsdóttir	FÉLA1SA05 ÍÞRÓ1PX02 ÍÞRÓ1SX01 ÍÞRÓ1PH03 ÍÞRÓ2PL03	ÍÞRÓ1GX02 ÍÞRÓ1PX02 ÍÞRÓ1PH03 ÍÞRÓ2BL02 ÍÞRÓ2KK02 ÍÞRÓ2PL03 UMHV1SU05
Sverrir G Ingibjartsson	BRAG1SA01 ÍÞJÁ3AÐ03 ÍÞRF2PJ05 ÍÞRG3KÖ03 ÍÞRÓ1PH03 ÍÞRÓ2JF02	BRAG1SB01 ÍÞJÁ3AÐ03 ÍÞRF2SS05 ÍÞRF3LL05 ÍÞRÓ2PL03 ÍÞRÓ2JF02

	ÍPRÓ2ÚF02 LHRÍÞR	LHRÍÞR
--	---------------------	--------

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Tókum upp hlutapróf í bóklegum íþróttum í stað eins prófs í lok annar. Ekki var efni prófana aukið, heldur minnkaði efni og lengd hvers prófs um leið og þeim fjölgaði.
- Nýttum Selfosshöllina töluvert, sérstaklega starfsbrautar göngu- og boltahópar. Það er góð viðbót og býður uppá nýja möguleika.
- Verkefni sett upp sem „próf“ í Innu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í íþróttum er eingöngu notast við símat sem við teljum henta vel í íþróttakennslu. Eins og kemur fram hér fyrir ofan fjölguðum við hlutaprófum í bóklegum íþróttum og teljum við það til bóta. Í verklegum íþróttum er virkni og mæting stærstu þættirnir í námsmati.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Burt með vöðvabólgu, netnámskeið um vinnuheilsu, líkamsbeitingu og hléæfingar (SGI)
- Stjórnaðu sjálfum þér, stjórnunarnámskeið ÍSÍ (GRB)
- Excel grunn atriði, Endurmenntun HÍ (ÁBI)
- Microsoft Teams og One Drive, Endurmenntun HÍ (ÁBI)
- Sjálfsskaðar og sjálfsvígshegðun unglinga, Endurmenntun HÍ (ÁBI)
- Vansvefta unglingar – hvað er til ráða, Endurmenntun HÍ (ÁBI)

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

NÆRI2ÍÞ05 – Bókin Næringin skapar meistarann eftir Elísu Viðarsdóttur höfð til hliðsjónar. Við erum líka nokkuð dugleg að nota efni af netinu okkur til hjálpar, enda er þekking manna á heilsusamlegum lífnaðarháttum í stöðugri þróun

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að uppfæra verkefni og próf.

Halda áfram við að finna leiðir til að hvetja nemendur til heilsusamlegra lífnaðarháttá.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Passa að stórir hópar hafi heilan sal í íþróttum svo kennsla skerðist ekki í verklegum íþróttum. Hvetja alla kennara til að huga að útivist og hreyfingu í almennri kennslu.

Ósk um að gera matar- og kaffiaðstöðu starfsfólks í lðu meira aðlaðandi. Hugmynd að færa handboltann þannig að starfsfólk fengi herbergið inn af eldhúsinu þar sem komið væri fyrir sófa og sófaborði.

Hugmyndir um að skólinn eigi reiðhjól sem hægt væri að nota í kennslu t.d. hjá sérnámsbrautinni og hjá þeim nemendum sem velja að fara út að hreyfa sig frekar en að vera inni í íþróttasal.

Annað

Tvöfaldir stokkar hafa bæði kosti og galla í för með sér í íþróttakennslu. Það er kostur að geta byrjað tímann inni í stofu og fylgja svo tímanum eftir með verklegum tíma. Hins vegar ef tími fellur niður eins og gerðist nokkrum sinnum á þessari önn, þá líða tvær vikur á milli þess að við hittum nemendur sem er galli.

2.2.5 Rafvirkjun
Fagstjóri: Grímur Lúðvíksson

Kennarar og áfangar

	Haustönn	Vorönn
Grímur Lúðvíksson	RATM2GA05 VGRV1ML05 VGRV2PR03 VGRV1RS03-K	RATM2GB05 VGRV1RS03 VGRV3TP03 RATM2GA05-K VGRV2PR03-K
Jóhann Snorri Bjarnason	RAFM2GC05 STÝR3GC05 STÝR3RD05 STÝR2GB05-K	RAFL3GD05 RRVV2RS05 STÝR2GB05 RAFM2GC05-K
Sigurður Ágúst Pétursson	FRLA3RA05 LYST3RB05 RAFL1GA03 RAFL2GC03 RAFM3RE05 RAFL1GB03-K	FRLA3RB05 RAFL1GB03 RAFL3RE04 RAFM3RF05 RAST2RB05 RAFL2GC03-K
Stefán Birnir Sverrisson	TNTÆ1GA03 TNTÆ3GC05 RAFM1GA05 TNTÆ2GB05-K	TNTÆ2GB05 VSME2GR05 TNTÆ3GC05-K
Þór Stefánsson	RAFM1GA05 STÝR1GA05 RLTK2RB05 RAFM2GB05-K	RAFM2GB05 RAFM3GD05 RLTK3RB05 STÝR3GC05-K

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum
Almennt er símat, sérstaklega í verklegum áföngum en lokapróf í nokkrum áföngum eins og

Rafmagnsfræði, rafeindatækni og tölvutækni. Oftast var hægt að sleppa við lokapróf ef vetrareinkunn var 8.5 eða hærri og einnig í einhverjum áföngum ef vetrareinkunn var 7.5 eða hærri.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Mest hefur farið fyrir kennsluréttindanámi hjá Sigurði og Jóhanni og eru þeir að klára það núna í vor. Einnig hefur Stefán verið í kennsluréttindanámi og að auki tekið 4 áfanga við FSU samtals 20 einingar.

Þar að auki hefur Sigurður tekið námskeið hjá Rafiðnaðarskólanum, raflagnastaðalinn og hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla. Grímur hefur tekið námskeið í 3D fræsurum hjá FABLAB FSU.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Rafbok.is er sem fyrr kennslubókarsafn deildarinnar en að auki höfum við fengið töskur ásamt kennsluefni frá Grenton sem Reykjavell og Félag Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi gaf FSU. Þær eru notaðar til kennslu í forritanlegum raflögnum.

Í tölvutækni eru Arduino kit notuð ásamt rafrænum kennsluvef WOKWI ásamt kennslumyndböndum sem Stefán hefur útbúið sérstaklega.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Töluvert hefur verið unnið í að endurskipuleggja námið í rafvirkjun til að flæði kennslunnar milli þrepa og einnig milli áfanga sé samfelldara og markvissara. Sú vinna heldur áfram.

Dæmi um hvað mætti betur fara er loftstýringaráfangi sem mætti koma síðar t.d. á 5.önn, enginn grunnþekking kominn á stýringum eins og ferlið er núna. Mætti keyra saman áfanga á sömu önn sem tengjast mikið eins RAFM3RE05 og kennslu í rafmóturum RRVV2RS05. Svo mætti skoða að kenna 2 áfanga í sama rými og á sama tíma eins og raflagnir.

Einnig er hafin vinna varðandi endurskipulagningu allra tölvutækniáfanga.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Kennslurými er sprungið í rafvirkjun. Nú er gríðarleg eftirspurn eftir þessu námi og komast færri að en vilja. Að auki þarf að auka og uppfæra kennslubúnað á mörgum sviðum, ekki síst í rafmagnsmóturum. Atvinnulífið hefur reynst okkur vel og vonandi mun það verða áfram.

Annað

Þetta er fyrsti kennsluveturinn hjá Stefáni og hefur hann reynst honum ansi krefjandi. Hið sama má segja um Jóhann og Sigurð sem eru núna að klára kennsluréttindanámið.

Veturinn var erfiður vegna Covid veikinda og vondra veðra sem felldu niður staðkennslu.

2.2.6 Raungreinar

Fagstjóri: Ólafur Einarsson

Kennarar og áfangar

	Hautönn 2021	Vorönn 2022
Brynja Valgeirsdóttir	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05

Hekla Þöll Stefánsdóttir	LAND2EL05	LAND2EL05
	JARÐ2JÍ05	
		STJÖ2AS05
		EÐLI1XB02
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AE05	EFNA2AE05
	EFNA3BB05	EFNA3BB05
	NÆRI2AA05	NÆRI2AA05
	EÐLI2GR05	
		STÆRBB05
Ólafur Einarsson	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05
	LÍFE2LN05	
		LÍFF3DÝ05
		JARÐ2JÍ05
	UMHV2UU05	
Thelma María Marínósdóttir		EÐLI2GR05
		EÐLI3VB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Það var mikið álag á kennurum þessar annir vegna Covid. Enn fremur gengu illviðri yfir landið á vorönn og tók það einnig á nemendur og kennara. Þess vegna reyndi aftur mikið á rafræna kennslu þetta skólaárið. Sú reynsla sem hafði skapast í fjarkennslu Covid á vorönn 2021 nýttist vel í þessum aðstæðum. Þessa önnina var því enn um mikla endurmenntun og nýjungar í kennsluháttum á sviði fjarkennslu.

Hekla fékk styrk frá Fageflingarsjóðnum á vorönn til að endurskipuleggja og búa til námsefni fyrir STJÖ2AS05 og EÐLI1XB02, það er allt aðgengilegt á Innu.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat í líffræðigreinum (LÍFF2EL05, LÍFE2LN05 og LÍFF3DÝ05), umhverfisfræði (UMHV2UU05) og jarðfræði (JARÐ2JÍ05). Próf voru að hluta rafræn í öllum áföngum í líffræðigreinum og alfarið rafræn í umhverfisfræði á haustönn og dýrafræði á vorönn. Rafræn próf í líffræðigreinum voru þróuð frekar eftir Covid-tíma á síðasta skólaári. Það er að vísu galli á prófum í Innu að ekki er hægt að stjórna því hversu margar spurningar birtast í einu, best væri að hægt væri að stilla rafræn próf þannig að einungis ein spurning birtist í einu. Þessari ábendingu hefur verið komið á framfæri en það hefur ekki verið brugðist við því af Advania. Það ætti að þrýsta á um frekari úrbætur á prófakerfinu í Innu.

Stuðst var við símat í eftirfarandi áföngum: LAND2EL05, STJÖ2AS05, EÐLI1XB02, EÐLI2GR05, EÐLI3VB05.

Í efnafræði og næringarfræði var 55 % lokapróf í öllum áföngum náttúrufræðigreina. Í þessum greinum endurspegla námsmatsaðferðir vel vinnuframlag og getu nemenda. Jón Grétar Hafsteinsson kenndi EÐLI2GR05 á haustönn og þá var einnig 55% lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hekla fór á námskeiðin „veðurfræði“ og „næturhiminn“ hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og námskeið í grafískri hönnun hjá Frami (<https://frami.is/>) á haustönn. Á vorönn fór hún á námskeið um Loftslagsmál: Verkefni, tækifæri og skyldur sveitarfélaga, ríkisstofnana og fyrirtækja í opinberri eigu hjá Háskóla Íslands, á námskeið hjá Innu um undirbúning og prófagerð í Innu og netnámskeið hjá PASCO sem heitir Get Started with SPARKvue sem er forrit sem er notað í landafræðiáfanganum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í jarðfræði var byrjað að nota rafræna kennslubók frá lðnú og nefnist hún „Jarðfræði fyrir framhaldsskóla“ og er höfundur Jóhann Ísak Pétursson (<https://vefbok.is/jardfraedi-fyrir-framhaldsskola/>). Rafbókin reyndist ágætlega og gekk vel að nota hana og ekki voru nein tæknileg vandamál við notkun bókarinnar.

Á vorönn var keyptur stjörnusjónauki fyrir skólann sem nýttist vel í stjörnufræðikennslunni. Það verður spennandi að nýta hann áfram næstu skólaár.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Vinnudagar í upphafi annar þyrftu að vera a.m.k. tveir til að gefa meira svigrúm til undirbúnings.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sjá umfjöllun um Innu undir námsmat.

Núverandi skipulag brauta er orsök þess að fáir 3ja þreps áfangar eru kenndir á náttúrufræðibraut. Skólayfirvöld ættu að beita sér fyrir nýju skipulagi sem tekur á þessu vandamáli.

Verkleg kennsla er mikilvæg í öllum raungreinum, það er ekki hægt að sinna fleiri nemendum en 12 í verklegu. Hópastærð í raungreinum ætti að miða við það. Rými í kennslustofum leyfir enn fremur ekki að fleiri séu í verklegu.

Annað

Það er mikil vinna fyrir kennara að byrja með nýja áfanga, nýja kennslubók eða jafnvel engar kennslubækur og er afar undarlegt að vinna við þetta sé ekki tekið inn í vinnumat eða laun á einhvern máta.

Á haustönn var minna um verklega kennslu í raungreinum vegna Covid-farsóttar og samkomutakmarkanna. Áhrif farsóttar á verklega kennslu á vorönn voru einnig nokkur.

Ólafur Einarsson og Ágústa Ragnarsdóttir höfðu umsjón með umhverfisnefnd (FUND1UN01) Grænfánaverkefnisins. Starfið lagðist af þegar skólanum var lokað vegna Covid-farsóttar. Eftir áramótin var þráðurinn tekinn upp og byrjað að hittast og vinna. Grænfánanefndin hittist í hádeginu á þriðjudögum. Stytttri hádegishlé í nýju stokkatöflunni drógu úr starfinu þar sem fundatími stýttist. Þema var áfram loftslagsbreytingar/samgöngur og vistheimt (<https://landvernd.is/grafenfaninn-themu/>). Stefnt er að grænfánaútekt og endurnýjun grænfánans á haustdögum en umsókn um endurnýjun hefur dregist vegna Covid-farsóttar. Umhverfisnefndin tók þátt í Erasmusverkefninu „Reduce“ og nemendur stóðu sig með sóma í því verkefni.

Í samstarfi við kennara í ERGÓ (FÉLA1SA05/UMHV1SU05) var farið í gróðursetningarferð. Ólafur Einarsson hefur talað fyrir þessu í nokkrar annir en loks varð af þessu í vor. Ferðin og gróðursetningin tókst vel og vonandi verður framhald á þessu verkefni.

Það þyrfti að fara yfir raungreinageymslu og taka til. Tól og tæki þarf að yfirfara, laga það sem er bilað og kaupa ný þar sem vantar. Steinasafn er enn fremur í ólestri og þarf að fara yfir það, skipuleggja, greina og merkja sýni.

Ólafur Einarsson er að vinna ásamt Jóhanni Óla Hilmarssyni að vef um fjörulífverur. Vefurinn verður opnaður á þessu ári og í framhaldinu verður unnið að bók um fjörulífverur. Vefurinn og bókin munu koma til með að nýtast nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi ásamt almenningi.

2.2.7 Stærðfræði
Fagstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn	Vorönn
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1RX05 STÆR2RU05 STÆR2PT05 STÆR2TL05 STÆR3TL05	STÆR1RX05 STÆR2PT05 STÆR2TL05 STÆR3TL05
Ingvar Bjarnason	STÆR2AR05	
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Jón Grétar Hafsteinsson	STÆR1AA05	STÆR1BB05
Kjartan Ólason	STÆR1AA05 STÆR1AJ05 STÆR2VF05	STÆR1AJ05 STÆR1BB05 STÆR2RU05 STÆR2VF05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1AA05 STÆR2TL05 STÆR2RU05	STÆR1AJ05 STÆR2RU05
Magnús Másson	STÆR1AJ05 STÆR2RU05 STÆR2AF05	STÆR2RU05 STÆR2HV05
Renata Lis	STÆR2HV05 STÆR2AF05 STÆR3FD05 STÆR3HD05	STÆR2AF05 STÆR3FD05 STÆR3HD05 STÆR3TD05
Ægir Sigurðsson	STÆR1AJ05 STÆR2AR05	STÆR1AJ05 STÆR2AR05 STÆR2AF05

Kennsluhættir á skólaárinu

Fárið var enn að plaga okkur þetta skólaár svo haustönnin var undirlögð af sóttvarnaraðgerðum og fjarnámi inni á milli staðkennslutilrauna. Á vorönn stóð hugur til að kenna í staðnámi en mikið var um fjarveru bæði kennara og nemenda á vorönn. Þetta var vegna sóttkvía, fárviðris og veikinda þegar flestir fengu covid og svo margir einnig flensuna sem var mjög svæsin. Nemendur og kennarar voru langþreyttir á ástandinu og stöðuleikinn á vorönn ekki mikill. Þetta mátti því miður greina í falltölum. Sérstaklega var mikið um fall og úrsagnir í hægferðum þessa vorönn.

Við buðum öllum stærðfræðinemendum skólans upp á valfrjálsan stoðtíma á miðvikudögum klukkan 14:35 líkt og í fyrra. Úrræðið var að hluta til að mæta mikilli fjarveru en einnig til að ýta undir ábyrgð nemenda á námi sínu. Allir sem vildu þiggja hjálp gátu fengið hana. Þetta úrræði var oft vel nýtt, sérstaklega vikurnar fyrir lotupróf. Reynt var að hafa mismunandi kennara í boði. Þá voru alltaf tveir kennarar ásamt eldri nemendum til aðstoðar með hvaða þá stærðfræði sem nemendur vildu hjálp við. Hjálparnemendurnir voru kallaðir „mentorar“ þeir voru fengnir úr hópi þeirra nemenda sem eru komnir lengst í stærðfræði innan skólans. Þeir „mentorar“ sem stóðust mætingakröfur fengu eina 3. þreps einingu fyrir sína vinnu. Þetta úrræði kom mjög vel út fyrir þá sem nýttu það. Þarna voru bara þeir sem vildu læra af fúsum og frjálsum vilja og mikil lærdómsstemming myndaðist.

Nemendum þykir oft gott að fá útskýringar frá jafnöldrum og finnst þeir skilja þá betur og eru oft óhræddari við að spyrja. Stundum komu hópar af nemendum sem voru í sama áfanga sem þurftu ekki endilega mikla hjálp en fannst gott að hittast, reikna saman og tala við hina um stærðfræðina. Stoðtímarnir eru mikilvægir fyrir stærðfræðinemendur og svar við óskum foreldra og námsrágjafa. Við viljum halda áfram að bjóða upp á þetta góða úrræði.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Flestir stærðfræðiáfangarnir eru settir upp í þrjár til fjórar lotur sem hverri um sig lýkur með lotuprófi. Nemendur sem ná ákveðinni lágmarkseinkunn úr lotunum eiga þá kost á að sleppa lokaprófi. Þessi viðmið miðast við einkunnina 6 í hægferðarhópum en einkunnina 7 í öðrum hópum. Þeir sem ekki ná viðmiðum eiga þá kost á að taka lokapróf. Virkni flestra nemenda yfir önnina er mun meiri í lotukerfinu en ella svo við viljum halda þessu hvatningarkerfi áfram.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Stærðfræðikennarar hafa sótt hin ýmsu námskeið á skólaárinu eins og venjulega, má þar nefna:

- Calculus applied - EdX
- Unity leikjaforritun - HA
- Jákvæð heilsa - EHÍ
- Leiðsagnarnám FMOS
- INNA – stutt fjarnámskeið
- Spuni - námskeið í skólanum
- Fagmennska og fjör – námskeiðsdagur í annarlok
- Stærðfræðikennsla unglunga – sveigjanlegir kennsluhættir

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Bókalistinn hélst óbreyttur þetta skólaár. Næst munum við prófa aðrar bækur í hægferðaráföngunum STÆR1AJ05 og STÆR2RU05. Í stað STÆ103 Jóns Þorvarðarsonar munum við taka bókina *Stærðfræði 1 frá lðnú* fyrir STÆR1AJ05 strax fyrir áramót en sömu nemendur fá svo *Sko - kennslubók í horna- og rúmfræði frá lðnú* STÆR2RU05. Sú bók inniheldur QR kóða sem vísa í kennslumyndbönd. Í áfanganum STÆR3FD05 munum við taka upp bókina *Stærðfræði 3B frá lðnú* á næsta skólaári.

Lærum hvert af öðru

Skólinn fór af stað með fageflingarsjóð nú á vorönn þar sem kennarar innan skólans geta sótt um styrki til að efla sig faglega. Við í stærðfræðideildinni sóttum um styrk og fengum úthlutun.

Styrkurinn var nýttur í verkefni sem gekk undir heitinu „*fimm fimmtudagar til framfara*“.

Fyrirhugaðar voru fimm vinnustofur þar sem við myndum kynna okkur tölvutækni sem nýtist vel í stærðfræðikennslu, þær voru:

1) Myndbandagerð, 2) Geogebra, 3) Kahoot, 4) Geogebra Classroom, 5) Desmos.

Við frestuðum fyrst myndbandagerðinni um óákveðinn tíma og endum svo á að fresta henni alveg fram á haust. Þannig að þetta voru samtals 4 vinnustofur sem við héldum. Þar gafst okkur stærðfræðikennurum tími til að fikta í þessum frábæru forritum og máta við okkar áfanga. Það fer mikill tími í svona grúsk og er það því dýrmætt tækifæri að fá tíma til að kynnst forritunum aðeins í sameiningu og sjá möguleikana í þeim. Hver og einn getur svo hellt sér í frekari dýpkun og verkefnagerð á eigin spýtur í kjölfarið. Við söfnuðum saman verkefnum og glósum um þessi forrit inn í stærðfræðibankann (sameignarskjal í one-note) sem var settur á laggirnar í fyrra. Við kynntum verkefnið fyrir öðrum kennurum á námskeiðsdeginum „fagmennska og fjör“ í lok vetrar. Þessi vinna var skemmtileg og mun örugglega skila sér í áhugaverðum nemendaverkefnum á komandi önnum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun ætti að vera að mestu óbreytt frá fyrra skólaári helstu áherslur eru:

- Gott væri að í upphafi annarinnar í öllum stærðfræðiáföngum væri unnið með hugarfarið og hve miklu máli það skiptir fyrir námárangur að tileinka sér gróskuhugarfar. Taka svo að minnsta kosti smávegis tíma 2 vikum seinna í að láta nemendur setja sér markmið.
- Halda áfram að safna gagnlegum verkefnum í stærðfræðibankann.
- Halda áfram með stoðtíma fyrir alla stærðfræðinemendur með aðstoð mentora úr röðum eldri nemenda sem komnir eru langt í stærðfræði.
- Þjóða upp á vinnustofur þar sem við lærum hvert af öðru. Það er möguleiki að sækja aftur um í fageflingarsjóðinn.
- Senda nokkra kennara á námskeið fyrir framhaldsskólakennara í stærðfræði hjá menntafléttunni og fá svo kynningu frá þeim sem sækja námskeiðið.
- Kynna betur „thinking Classroom“ aðferðafræði meðal stærðfræðikennara og mögulega innleiða aðferðina í skrefum inn í stærðfræðikennslu FSu.
- Nota eina kennslustund á haustönn fyrir Bebras og fara með nemendur í tölvustofu.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Við höfum sum haft áhuga á að færa okkur í átt að „thinking classrooms“ en þar þurfa nemendur að hafa „töflupláss“ á veggjunum, hraunaðir veggirnir hindra okkur að miklu leiti í þessu. Þannig að stærðfræðistofur með töfluplássi á öllum veggjum væru alger draumur. Húsvörðurinn hefur nú þegar sett upp stóra töflu á stofu 312 og á hann þakkir skildar fyrir það.

3 Bragi

Fagstjóri: Guðbjörg Grímsdóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Jón Sigursteinn Gunnarsson (hópur 1)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Gunnar Rafn Borgþórsson (hópur 2)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Guðbjörg Grímsdóttir (hópur 3)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Guðfinna Gunnarsdóttir (hópur 4)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Sverrir Geir Ingibjartsson (hópur 5)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Ragnheiður Eiríksdóttir (hópur 6)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Brynja Ingadóttir (hópur 7)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Bertha Ingibjörg Johansen (hópur 8)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Þuríður M. Björnsdóttir (hópur 9)	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Linda Larsen/Sigrún Þorkelsdóttir (hópur 10)	BRAG1SA01	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Það er gott að Bragi fer að líkjast sjálfum sér á ný. Ætlunin var að prófa nýtt fyrirkomulag þess efnis að hafa mentora á vorönn frekar en haustönn eins og áður var gert. Markmiðið var að setja kennarann í stærra hlutverk á haustönninni og hjálpa nemendum enn frekar að fóta sig í skólastarfinu, kynna Innu og fleira. Mentorar áttu að koma inn á vorönn og spila stórt hlutverk þar.

Raunin varð önnur því ljóst var að vorönnin færi í viðtöl til að styrkja nemendur og hjálpa við námsferil, val og fleira. Kennarar voru sammála um mikilvægi viðtala og þar sem Bragi er einn tíma á viku var lítið svigrúm fyrir annað. Þannig að starf Mentora verður fært á haustönn, það hentar betur þar og er mjög mikilvægt að halda því starfi áfram. Bragastjóri auglýsti á vorönn eftir Mentorum og margir sóttu um. Það starf fer af stað strax í upphafi haustannar. Mentorastarf hefur verið gefandi, bæði fyrir kennara og nemendur og er mikilvægur hluti af starfi Braga.

Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Áfanginn er símatsáfangi. Gefið er S eða F í lok annar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Það kemur fram í skýrslum annarra deilda.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Eins og áður nýtum við efni á netinu og uppfært efni frá námsráðgjöfum skólans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Sterkur vilji er hjá Bragakennurum að færa Bragatímamann í töflunni þannig að hann sé ekki í síðasta tíma á fimmtudegi. Þetta hefur ekki gefist vel og

- Bragatími var áður á þriðjudegi, fyrr að deginum. Tíminn var fluttur til að mæta kröfum covid og átti að vera tímabundin lausn en ekki varanleg.
- Er ósjálfráð gengisfelling á námi ríflega 200 nýnema sem eiga að sitja eftir meðan aðrir fara heim.
- Móralskt er ekki rétt að hafa tímann á fimmtudegi, að halda nýnemum í húsi meðan aðrir fá að fara. Hluti af því að vera í framhaldsskóla er að vera í gati - þá er hægt að nýta það til náms.
- Erfitt sé að skapa stemmingu og fjör í tómun skólanum og þannig verður Bragastarfið ekki sýnilegt.
- Einnig bíður far nemenda og það er ekki vinsælt og hefur skapað vandamál hjá mörgum nemendum.
- Mikilvægt að tengja Bragahópana við félagslíf nemenda. Má gjarnan horfa til miðvikudagsgats í þeim tilgangi.
- Með tilfærslu verður auðveldara að tengja Bragatímana við félagslíf skólans og samvinnu við nemendafélagið.
- Skiptir máli að vera með Bragatíma fyrr í vikunni, þá eru nemendur orkumeiri og hægt að undirbúa nemendur og nýta Bragatímamann sem undirbúning fyrir viðburði, val, áfangamessu og fleira.

Og að lokum er vert að nefna að þetta er ekki einungis skoðun Bragastjóra heldur bæði nemenda og allra þeirra Bragakennara sem hafa kennt Braga, þannig að það er stór hópur á bakvið þessa skoðun og tillögu.

Tillaga 1 - færa Bragatímamann á fim kl 12:40 (stokkur 5 skiptir við Braga).

Tillaga 2 - færa Bragatíma á þri kl 12:40 (þá fer stokkur 7 niður og stokkur 3 á miðvikudag - deildarfundir í Bragatímamann á fimmtudag).

Tillaga 3 - færa Bragatíma kl. 8:15 ... þá haldast stokkar saman sem verið er að passa vegna verknáms til dæmis.

Haustönn 2022

- Mentorar verða á haustönn og sjá um nýnemaferð. Bragastjóri hittir mentora í upphafi haustannar og fer yfir önnina. Mentorar skipuleggja stigakeppnina í Braga í samráði við Bragastjóra.
- Nýnemaferð. Mentorar undirbúa og sjá um framkvæmd nýnemaferðar í samvinnu við Bragastjóra. NFSU verður fengið til að taka kosningu í Fulltrúa nýnema að sér - fullur vilji er til þess. Eðlilegt að nemendafélagið komi að þessari vinnu og allt sé unnið og undirbúið í samráði við Bragastjóra og yfir mentora.
- Byrjað verður á námsferli sem kláraður er á vorönn. Hugmyndir eru komnar um að breyta vinnu með námsferil. Hver Bragakennari kynnir fyrst brautir og fleira í sínum hópi en skiptir honum síðan í minni hópa sem vinna með kennara að námsferli.
- Lokahátíð Braga verður í salnum með mentorum (kahoot eða annað).

Vorönn 2023

Í lok annar eiga nemendur að vera orðnir fullfærir um að velja áfanga í aðalval og varaval. Einnig að geta skoðað og uppfært námsferil sinn eftir þörfum auk þess að geta lesið námsferil sinn á Innu. Á þessari önn eru kennarar og nemendur í aðalhlutverki og nemendafélagið kemur inn með kynningar á viðburðum og fleira. Aðalmarkmið þessarar annar er námsferill, viðtöl, kynningar frá NFSU og annað sem til fellur í fjölbreyttu og lifandi skólastarfi FSu.

Það sem þarf að hafa í huga frá síðustu vorönn:

- Viðtöl þurfa meiri tíma. Viðtal þarf að vera tekið á dýptina þar sem í lok annar eiga nemendur að vera orðnir sjálfbjarga í vali og fleira. Fara þarf vel yfir námsferil, ábyrgð í námi, val og fleira. Og að auki horfa til framtíðar, hvað tekur við og skoða þá möguleika sem í boði eru.
- Námsferil á að fullvinna og skila.
- Virkja nemendur í félagslífi skólans með því að styðja NFSU og þá góðu vinnu sem þar á sér stað.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Námsaðstaða nemenda má gjarnan batna. Útbúa aðstæður í skólanum þannig að hægt sé að vinna, spjalla og læra. Horfa til svæðisins sem er fyrir framan 201 og vinna í þess anda. Þannig umhverfi býður nemendur velkomna og hvetur til spjalls, spilamennsku og lærdóms.

Covid ýtti nemendum úr húsi, ekki mátti vera saman og samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif. Við viljum gjarnan hafa nemendur í húsi og draga þá aftur inn. Gott að hafa samvinnu á milli Braga, Nemendafélags og fleiri. Sköpun stemmingu í húsinu á ný.

4 Sérnámsbraut

Sviðsstjóri: Jóhanna Guðjónsdóttir á haustönn og Hafdís Garðarsdóttir á vorönn

Ársskýrsla sérnámsbrautar 2021-22

Sérnámsbraut FSu er nú að ljúka sínu þrítugasta starfsári. Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 70 sem er mesti nemendafjöldi brautarinnar til þessa. Nýnemar voru alls 33, þar af þrír eldri nemendur, en þessi fjöldi nýnema er einnig sögulegt hámark. Í lok annar höfðu sex nemendur hætt námi, þar af voru tveir nemendur sem var vísað úr skóla vegna eiturfjaneyslu sem er nýnæmi í sögu brautarinnar. Nemendafjöldinn var því 64 í lok haustannar. Af þeim sem hófu nám voru 16 stúlkur, 53 drengir og einn kynsegin. Hlutfall drengja, 76%, hefur ekki verið hærra um langt skeið. Enginn nemandi útskrifaðist af sérnámsbraut í lok haustannar.

Skráðir nemendur í upphafi vorannar voru 61. Kynjahlutfall annarinnar var þannig að strákar voru 45, stúlkur 14 og einn kynsegin. Á önninni hætti einn strákur og þrír féllu í öllu vegna slakra mætingar. Tíu nemendur, 7 strákar og 3 stelpur, útskrifuðust af sérnámsbraut á vorönn; öll nema einn eftir fjögurra ára nám.

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Berglind Bergsveinsdóttir	FÉLA1XD02	FÉLA1XD02
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1XT05	ÍSLE1XB05
	NÁTT1SX04	ÍSLE1XD05
	STÆR1SX05	ÍSLE1XD04
	STÆR1XA05	ÍSLE1XT05
		FÉLA1XA04
		STÆR1SX05
		STÆR1XD04
		STÆR1XD05
Eva Dögg Jafetsdóttir	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ENSK1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XC04	SPIL1XA01
	ÍSLE1XT05	ÍSLE1XT05
	ÍÞRÓ1XH05	ÍÞRÓ1XH05
	KVIK1SX02	LÍFS1SÁ02

	NÁTT1SX04	FÉLA1XA04
		ÍPRÓ1SX01
Hafdís Garðarsdóttir	ÁLFA1SA02	ÁLFA1XA02
	ÍSLE1SX05	STÆR1XB05
	ÍSLE1XA05	STÆR1XC05
	ÍSLE1XC05	STÆR1XD05
	NÁTT1SX04	
	STÆR1SX05	
	STÆR1XA05	
Halldóra Björk Guðmundsdóttir	ENSK1SX04	ENSK1SX04
	ENSK1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XC04	LÍFS1SÁ02
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XC05	ÍSLE1XD05
	NÁTT1SX04	FÉLA1XA04
		STAS1XA02
Jóhanna Guðjónsdóttir	SPIL1XA01	
	STÆR1SX05	
	STÆR1XA05	
Linda Rut Larsen	BRAG1XA01	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XC05	ÍSLE1XD05
	KVIK1SX02	KVIK1SX02
	NÁTT1SX04	STÆR1SX05

	STÆR1SX05	STÆR1XB05
	STÆR1XA05	STÆR1XC05
		STÆR1XD05
		FÉLA1XA04
Sigrún Þorkeldsdóttir	BRAG1XA01	SPIL1XA01
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1SX05
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XC05	FÉLA1XA04
	NÁTT1SX04	STÆR1SX05
	SPIL1XA05	STÆR1XB05
	STÆR1SX05	STÆR1XC05
	STÆR1XA05	STÆR1XD05
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	BRAG1XA01	HOME1XA02
	ENSK1SX04	FÉLA1XA04
	ENSK1XA04	ÍSLE1SX05
	ENSK1XC04	ÍSLE1XB05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD04
	ÍSLE1XA05	STAS1XA02
	ÍSLE1XC05	
	NÁTT1SX04	
Anna Kristín Valdimarsdóttir		MYNL1SX02
		MYNL1SX05
Axel Benediktsson	SPIL1XB02	SPIL1XB02
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND1SX05	
	MYND1SY05	

Ágústa Rúnarsdóttir	ENSK1RX05	
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1BX02	ÍPRÓ1PX02
	ÍPRÓ1GX02	
	ÍPRÓ1PX02	
Bjarni Haukur Guðnason		MATR1SX02
Elínborg Arna Árnadóttir	HÁRG1SX02	
Elísabet Helga Harðardóttir	MYND1SX02	MYNL1SX05
	MYND1SX05	LEIR1SX02
	MYND1SY05	
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1SX02	REIM1SX02
Gunnar Rafn Borgþórsson		ÍPRÓ1BX02
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN1SX05	FATN1SX05
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Guðfinna Gunnarsdóttir		ENSK1RX05
Guðríður Egilsdóttir	MATR1SX02	
	SMÁR1SX02	
Helgi Hermannsson	FOPJ1XA05	FILM1SX02
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
		STÆR1XC04
		STÆR1XD04
Ingvar Bjarnason		TTÖL1XA02
Jón Sigursteinn Gunnarsson	TRÉS1SX05	
Jórunn Sigríður Birgisdóttir	MATR1SX02	MATR1SX05
		SMÁR1SX02
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1RX05	
Lárus Ágúst Bragason	SAGA1SX02	ÍPRÓ1XE01

	SKÁK1SX02	
Magnús Tryggvason	ÍÞRÓ1GX02	ÍÞRÓ1GX02
		ÍÞRÓ1ÞX02
		MÁLM1SV02
Rósa Marta Guðnadóttir	GOÐI1SX02	
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	ÍÞRÓ1SX01	ÍÞRÓ1GX02
	ÍÞRÓ1ÞX02	ÍÞRÓ1SX01
Sigþrúður Harðardóttir		ÍSLE1FA05
Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Svanur Ingvarsson	LEÐU1SX02	
Þóra Valdís Hilmarsdóttir		HÁRG1SX02

Tveir kennarar bættust við í fullt starf á skólaárinu: Halldóra Björk Guðmundsdóttir grunnskólakennari og Sigrún Þorkelsdóttir sérkennari. Stuðningsfulltrúar á haustönn voru Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir og Lovísa Bragadóttir. Allar í 84% starfshlutfalli á ársgrundvelli (100% hlutfall á starfstíma skóla). Agnetha Thomsen var einnig stuðningsfulltrúi í 75% tímabundnu starfi á haustönn og 60% á vorönn. Guðmundur Björgvin Gylfason var í námsleyfi allt skólaárið en Jóhanna Guðjónsdóttir var í námsleyfi á vorönn. Einn sérkennari var í veikindaleyfi frá 15. september og út haustönnina. Hinir sérkennararnir og þroska þjálfari brautarinnar leystu hann af með því að hver og einn bætti aðeins á sig kennslu.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Einn kennari tók opna umræðu um að efla traust nemenda á því að stuðningsfulltrúar séu þeim jafnt til halds og trausts eins og kennarar í tímanum. Hann ræddi þetta í tveimur kennslugreinum og árangur þess var sá að hægt var að dreifa athygli kennarans jafnar á milli þeirra nemenda sem krefjast mikillar aðstoðar í hverjum tíma til dæmis þegar hópastærð er 7 - 8 nemendur þar sem sumir nemendur þurfa hvatningu og aðrir mikla hjálp.

Á vorönn var í fyrsta sinn boðið upp á kynfræðsluáfanga sem kallast allt fyrir ástina. Eva Dögg og Halldóra Björk þróuðu áfangann og kenndu hann í 2 hópum. Þær settu upp þrenns konar flokka viðmiða 1) hæfniviðmið, 2) leikni viðmið og 3) þekkingarviðmið. Stefna þær að því að kynna hann fyrir nemendum sérnámsbrautar í haust og vonast til að haldin verði áfangamessa fyrir nemendur brautarinnar. Leyfi til að fá fyrirlesarann Kristínu Þórsdóttur var mikilvægur áfangi í næstsíðustu viku vorannar í áfanganum Allt fyrir ástina. Hún er ACC markþjálfari og kynlífs markþjálfari. Hún fékk tækifæri til að lesa yfir það sem búið var að fara yfir í áfanganum fyrir heimsókn hennar. Hún lýsti yfir mikilvægi áfangans á Instagram með eftirfarandi orðum: „Þessi áfangi var greinilega að gera frábæra hluti og miða við það efni sem að þær eru búnar að vera kenna finnst mér að þetta ætti að

vera skylduáfangi í öllum skólum!!! . Þetta virðist vera í samræmi við umsagnir sem nemendur gáfu áfanganum við lok hans. Mikil ánægja var með áfangann sem gekk afar vel og hafa þær mikinn hug á að þróa hann áfram. Á tímanum sem áfanginn var í þróun fengu raddir og skoðanir nemenda að hafa móttandi áhrif á það efni sem farið hafði verið yfir og það sem þau töldu sig enn eiga ólært. Í framhaldinu sjá þær fyrir sér að bjóða jafnvel líka upp á framhaldsáfanga og að þróa skylduáfanga í kynfræðslu fyrir nýnema sem felur í sér grynri umfjöllun en er í áfanganum allt fyrir ástina og gefur tækifæri til að gera nemendum kleift að fá vitneskju um að sá áfangi sé í boði á vorönn.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat á skólaárinu var hefðbundið, þ.e. lokapróf var einungis í íslensku eins og löng hefð er fyrir. Símat er langalgengasta námsmatsformið á sérnámsbraut.

Enskukennarar útfærðu og samræmdu námsmat í ensku með því að taka fleiri þætti inn í námsmatið. Þeir mátu til dæmis orðaforða og málfræðikunnáttu í upphafi annar og í framhaldi unnu nemendur gagnvirkt efni á Innu sem gaf vísbendingar um réttmæti matsins. Símatið gaf góðar vísbendingar um stöðu nemenda á nokkuð nákvæman hátt. Kennararnir deildu flokkuðum gögnum á OneDrive og voru í samstarfi við einn framhaldsskólakennara í ensku.

Í íslensku var samstarf bæði í gegnum tölvupóst og spjalli kennara á milli til dæmis í kringum lokamatið um vægi þeirra þátta sem metnir voru. Í náttúrufræði hefði verið ákjósanlegt að gefa nemendum nákvæmari upplýsingar um vægi á verkefnum. Það er þó svolítið flókið þar sem námsgeta nemenda er misjöfn og mismikið efni sem hóparnir komast yfir.

Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt

Öll börnin okkar: Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp? Ráðstefna haldin af Samtökum áhugafólks um skólaþróun 13. ágúst 2021 frá kl. 9 til 16. Mættir voru Hafdís og Linda.

Kynheilbrigði; hagnýtar kennsluáðferðir sem nýtast börnum og unglingum með þroska frávík. Námskeiðið var haldið í F.Su 10. nóvember 2021 í starfstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Mættir voru Aðalbjörg, Agnetha, Alma, Berglind, Eva Dögg, Guðmundur Björgvin, Hafdís, Halldóra, Jóhanna, Linda, Lovísa og Sigrún.

Ráðstefna BUGL 2022: Það þarf þorp – Áföll, sjálfskaði og sjálfsvígshætta. Rafræn ráðstefna 28. janúar kl. 8:30-15:30. Þátttakendur voru Berglind, Eva Dögg, Hafdís, Linda, Sigrún og Þorbjörg.

Ráðstefna Félags íslenskra sérkennara - Hvernig hægt er að mæta þörfum nemenda með ADHD innan skólans. Rafræn ráðstefna 25. febrúar kl. 9-15:30. Þátttakendur voru Berglind, Eva Dögg, Hafdís, Halldóra, Linda, Sigrún og Þorbjörg.

Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar – Börn með fatlanir, virkni og velferð 12. maí kl. 9-16 og 13. maí kl. 9-12. Þátttakendur voru Berglind, Eva Dögg, Hafdís, Linda, Sigrún og Þorbjörg.

Áhættuhegðun og seigla ungmenna UME206F (10 Ects)

Halldóra og Jóhanna sóttu þetta námskeið á Menntavísindasviði HÍ á vorönn.

Leiðsögn og samvinna STM215F (10 Ects)

Halldóra sótti þetta námskeið á vorönn sem hluta af námi í viðbótardiplómu í sérkennslufræðum og margbreytileika skólans.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Einum kennara fannst gott að geta sett inn krækjur eða pdf skjöl af ákveðnum síðum, sem nemendur þurftu að hafa reglulega aðgang að, á Innu. Hann setti einnig inn orðflokkgreiningarskjal í íslensku og einnig voru síðurnar <https://ordanet.arnastofnun.is/>, þar sem nemendur geta leitað að samheitum og orðasamböndum, og skrambi.arnastofnun.is töluvert notaðar.

Í byrjun vorannar var keypt stórt rökkubbasett til stærðfræðikennslu í litlu hópunum.

Skólinn keypti smáforritið Galdrabúðina og með þeim fylgdu forritin Heimurinn okkar og Orðaflipp. Þessi forrit hafa verið nýtt í litlu hópunum. Áskrift að 123skoli.is var sagt upp í lok mars því vefsíðan nýttist ekki eins og vonast var til.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun sérnámsbrautar er í vinnslu. Þegar þetta er ritað hafa 15 nýnemar innritast á brautina fyrir komandi haustönn, einn eldri nýnemi og 46 eldri nemendur halda áfram námi. Nemendafjöldi á sérnámsbraut næsta haust stefnir því í að verða 62. Kynjahlutfall stúlkna og drengja mun halda áfram að skekkjast; stúlkur verða einungis um 22% nemenda. Guðmundur Björgvin Gylfason og Jóhanna Guðjónsdóttir snúa til baka eftir námsleyfi. Hafdís Garðarsdóttir mun verða í launalausú leyfi og Lovísa Bragadóttir í fæðingarorlofi fram í mars. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hver mun sinna starfi sviðsstjóra en Jóhanna Guðjónsdóttir hefur sagt stöðu sinni lausri og ætlar að færa sig alfarið í kennslu. Það liggur heldur ekki fyrir hvort þurfi að bæta við stuðningsfulltrúa.

Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur en þó stefnir í heldur meiri einstaklingskennslu. Fjöldi nemenda með mestu sérþarfinnar stefnir í að verða óbreyttur, þ.e. 11 nemendur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Fá ný, samstæð húsgögn í stofu 316.
- Bæta hljóðvist í stofu 316 – það er rennihurðin sem reynist illa. Spurning um að fá hefðbundna hurð og veggstúf í stað rennihurðarinnar.
- Auka samstarf starfsbrautar við félagslífsfulltrúa. Það verði eitt af verkefnum sviðsstjóra að setja sig í samband við félagslífsfulltrúa í upphafi hvers skólaárs og biðja hann um að láta sig vita með fyrirvara um viðburði á vegum NFSU svo svigrúm gefist til að gera ráðstafanir í tíma vegna mönnunar við gæslu.
- Birta verklagsreglur, við brotum á skólareglum, á heimasíðu skólans.

Annað

Kennsla á haustönn hófst á réttum tíma í staðnámi. Skólanum var lokað vegna kórónuveirusmits 27. október til 2. nóvember. Kennsla féll niður í öllum sérkennsluhópum þessa daga.

Það fyrirkomulag að nemendur með sögu um skóla forðun byrjuðu í skertu námi reyndist nokkuð vel. Nemendurnir voru alls 10. Þrír hættu námi á haustönn, þrír héldu áfram í skertu námi á vorönn og fjórir bættu við nám sitt eða fóru í fullt nám á vorönn.

Umfang samráðsmála jókst á haustönn í samræmi við fjölgun nemenda. Segja má að vikulegur samráðstími hafi ekki dugað til á haustönninni en aga mál voru afar fyrirferðarmikil á önninni. Strax í byrjun september sendi sviðsstjóri öllum nemendum tölvupóst þar sem minnt var á að notkun raftækja (snjallsíma og tölva) í kennslustundum væri óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara. Ef nemandi sinnir ekki verkefnum kennara í tíma, t.d. vegna síma/tölvunotkunar, þá fær hann fjarvistarskráningu þrátt fyrir að hann sé mættur í kennslustofuna. Það kom líka fyrir að nemendur sofnuðu í tímum eða væru óvinnufærir vegna þreytu. Slík hegðun leiddi einnig til fjarvistarskráningar. Síðar í september voru skólareglurnar ræddar og útskýrðar í náttúrufræðitímum vegna of tíðrar óviðeigandi og ógnandi hegðunar fámenns nemendahóps. Alls komu tíu nemendur á brautinni að ofbeldismálum. Það voru slagsmál, eitt eineltismál, ein ógnun með hnífi, ógnanir með orðum, sending óviðeigandi myndar og uppákomur vegna neyslu orkudrykkja sem voru bannaðar á önninni, auk neyslu fíkniefna í skólanum. Öll þessi mál eru brot á skólareglum sem æðstu stjórnendur þurfa að leysa úr. Mikið óöryggi var meðal kennara á haustönn þar sem enginn verkferill er til um afgreiðslu brota á skólareglum. Allir kennarar á brautinni, auk stuðningsfulltrúa, sendu æðstu stjórnendum bréf í nóvember þar sem óskað var eftir skýrri viðbragðs- og verklagsáætlun við aga brotum. Í svari stjórnenda kom fram að verkferill ætti að liggja fyrir í upphafi vorannar. Það varð þó ekki og fékk starfsfólk brautarinnar drög að viðbrögðum við brotum á skólareglum, frá aðstoðarskólameistara, til umfjöllunar á samráðsfundi 27. apríl. Starfsfólkið gerði athugasemdir við drögin. Stjórnendur svöruðu athugasemdunum og óskuðu eftir að starfsfólk brautarinnar myndi samræma viðurlög innan brautarinnar. Starfsfólk fundaði og ræddi málið frá öllum hliðum. Niðurstaðan varð að ef starfsfólk SB er óvíst með viðurlög leitar það ráða hjá samstarfsfólki á brautinni en til stjórnenda með þyngri mál.

Kennsla vorannar byrjaði í fjarnámi 6. og 7. janúar. Það eru ekki allir nemendur sérnámsbrautar sem ráða við fjarnám og því var það lagt í hendur hvers kennara að vera í sambandi við sína hópa varðandi það hvort um fjarkennslu yrði að ræða eða ekki. Kórónaveiran og óveður settu töluvert strík á skólastarfið fyrstu tvo mánuði annarinnar. 7. og 25. febrúar var ákveðið dagana áður að skipta yfir í fjarnám og þá var það lagt í hendur hvers kennara að vera í sambandi við sína hópa varðandi það hvort um fjarkennslu yrði að ræða eða ekki. Fjarkennsla var hjá meirihluta nemanda brautarinnar, þó ekki í list- og verknámstímum og ekki hjá nemendum í þyngsta fötlunarflokknum. Auk þessara daga var líka mikið rask á starfi deildarinnar 22. febrúar því fáir komust í hús vegna óveðurs. Í lok febrúarmánaðar var búinn að vera einn dagur á önninni þar sem allir 11 starfsmenn brautarinnar voru í vinnunni, því stöðugt var einhver í sóttkví eða einangrun. Á tímabilinu 17. janúar til 24. febrúar fengu 6 starfsmenn covid með tilheyrandi einangrun í viku og auk þess þurfti sjöundi starfsmaðurinn að vera frá í meira en viku á þessu tímabili vegna annarra veikinda en covid. Einnig var töluvert um að starfsfólk þurfti að fara í sóttkví og vera heima vegna veikra barna. Hluta þess tíma sem kennarar stærri hópanna voru í einangrun og sóttkví, kenndu þeir í fjarkennslu og gekk það í flestum tilfellum ágætlega. Þrátt fyrir þessi miklu forföll gekk þessi tími vonum framar. Allt starfsfólkið á mikið hrós skilið fyrir að taka þessum aðstæðum af æðruleysi og jákvæðni. Það var alltaf tilbúið til að breyta áætlunum og sýndi einstakan sveigjanleika svo dagarnir myndu ganga sem best. Einnig eiga nemendur skilið hrós fyrir að reyna alltaf sitt besta við mismunandi aðstæður.

Nýnemakönnun var lögð fyrir á vorönn í fimmta sinn á brautinni. Niðurstöður voru ekki nógu áreiðanlegar þar sem aðeins 13 af 23 svöruðu. Þær gefa samt vísbendingar og þarf t.d. að hafa í huga að rúmlega 30% sögðust kvíða því stundum að fara í kennslustundir og um 30% þeirra sem svöruðu hafa ekki trú á að þeir geti ráðið við námið sem þeir eru í. Hins vegar sögðu 85% að þeim liði vel í skólanum og enginn sagði að sér líkaði illa við kennarana sína. 85% sögðust yfirleitt þykja auðvelt að tala við kennarana sína.

GNOK könnun var lögð fyrir nemendur í félagsfræði því það var sá áfangi sem flestir á brautinni voru í en þátttaka nemenda var mjög dræm svo svörin sögðu lítið.

Eftir Kátu Dagana kom upp sú umræða að það væri æskilegt að fleiri kennarar á sérnámsbraut sæju um stöðvar á kátum dögum því nemendur brautarinnar velja frekar stöðvar þar sem þeir þekkja þá sem stýra. Einnig var rætt að það þyrfti að gæta þess að a.m.k. einn kennari á sérnámsbraut sé á lausu á Flóafársdaginn til að leiðbeina nemendum brautarinnar því þeir eru oft óöruggir á uppbrotsdögum og þurfa meiri stuðning.

Í lok apríl óskaði starfsfólk brautarinnar eftir því við stjórnendur að það vinnulag verði tekið upp að alltaf fari starfsmaður af brautinni í gæslu á böll, og mögulega aðra viðburði á vegum NFSu, s.s. nýnemakvöld, sem viðbót við aðra gæslu. Þessi tillaga var samþykkt.

Þann 25. mars fóru hóparnir í STAS1XA02 (starfsnám í skóla) í heimsókn í fyrirtækin Ramma í Þorlákshöfn og SS og MS á Selfossi. 29. apríl fóru þessir sömu hópar í heimsókn til Bárunnar stéttarfélags. Þar fengu þeir upplýsingar um hlutverk stéttarfélaga o.fl. þ.h. Í byrjun apríl fóru litlu hóparnir í félagsfræði í heimsókn í Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka í tengslum við umfjöllun um gamla tímann. Var almenn ánægja með þessar ferðir.

Þann 26. apríl kom Kristín Þórsdóttir kynlífs markþjálfari að ræða við nemendur í áfanganum allt fyrir ástina. 28. apríl kom Hildur Knútsdóttir rithöfundur til að ræða við nemendur í stóru íslenskuhópunum en þeir lásu bækur hennar Vetrarfrí og Vetrarhörkur á skólaárinu. Nemendur hlustuðu áhugasamir á það sem þær höfðu að segja og voru búnir að undirbúa mikið af spurningum sem þær svöruðu af mikilli jákvæðni og einlægni.

Þann 6. maí fóru 35 nemendur ásamt 2 kennurum og 3 stuðningsfulltrúum í útskriftarferð með rútu í Egilshöllina í keilu og pizzahlaðborð. Ferðin gekk vel og voru allir ánægðir með daginn.

5 Sjúkraliðabraut

Verkefnastjóri: Íris Þórðardóttir

Kennari og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Íris Þórðardóttir	HJÚK1AG05 LÍBE1HB01 SASK2SS05	LÍOL2SS05 HJÚK3ÖH05 SJÚK2MS05

	HJVG1VG05	SÝKL2SS05 VINN2LS08
--	-----------	------------------------

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Verið að vinna með nýju hjúkrunarbókina áfram, en hún stendur ekki undir væntingum, er farinn að einfalda hana og stytta og bæta frekar við verkefnum. Ætlaði í heimsókn á nokkra staði eftir ármót, en við frestum því til hausts. Vegna covids, en um er að ræða HNLFI og Vinarminni og Árblik. Allt verknám náðist, þó svo að í fyrsta skipti hafi ég tekið 4 vikur í það, en ekki þrjár, bæði vegna covids hjá nemendum og einn verknámsstaðurinn gat ekki tekið inn nemendur á settum tíma vegna smita hjá starfsfólki og skjólstaðingum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Verklegt próf í VINN2LS08 og HJVG1VG05
- Símat – SASK2SS05 og LÍBE1HB helgarnámskeið
- Hinir áfangarnir eru með lokapróf, en vegna ábendinga frá nemendum byrjuðum við viku fyrir og tókum þá tvö próf í lðu og hin fóru í próftöflu.

Námskeið sem kennari hefur sótt

21.okt. Vansvefta unglingar, hvað er til ráða – Zoom í stofu 2 lðu
18. jan. Exel fyrstu skrefin – endurmenntun- mættum í Dunhaga
25.jan. Microsoft teams og One drive – endurmenntun Zoom í stofu 2 lðu
2.mars. Sjálfskaði – og sjálfsvígshagðun unglinga Zoom í stofu 2 lðu

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nei, en hef fór flesta mánudaga fyrir áramót í bæinn til að vinna að rafrænni ferilbók fyrir starfsnámið – og í það verkefni hefur farið mest af minni vinnu, fyrir utan kennslu. Geri ráð fyrir að taka rafræna ferilbók í notkun hér í FSu sumarið 2023.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Gera klárt næsta vor fyrir uppsetningu á rafrænni ferilbók, út í 16 vikna starfsnámið

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Dettur ekkert í hug, en er þakklát fyrir viðgerðina á rafmagnskennslurúminu sem Karl húsvörður gerði við.

6 Bókasafn

Starfsfólk: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir og Ingveldur Jónsdóttir

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður var í 100% stöðu allt skólaárið og Ingveldur Jónsdóttir, bókavörður einnig í fullri stöðu að undanskildu veikindaleyfi 28. febrúar til 2. apríl og 9.-13. maí.

Opnunartími

Opnunartími safnsins er frá 8:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til kl. 14:30 og er það gert vegna styttingar vinnuvikunnar.

Útlán

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt bókasafnskerfisins Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín sjálfir þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru handfærð útlán á safnefni eftir atvikum.

Skammtímalán innan skólans eru aðallega á útlán á kennsluefni og fartölvum í eina kennslustund.

Útlán:	Haust 2021	Vor 2022	Samtals:
Í Gegni	893	723	1616
Í bók	14	32	46
Innan skólans	1403	1124	2527
Fartölvuútlán	720	502	1222
SAMTALS:	3030	2381	5411

Millisafnalán

Alls voru millisafnalán 50 talsins á skólaárinu. Þau voru fengin frá 11 bókasöfnum, bæði almennings- og framhaldsskólasöfnum. Langflest safngögn voru fengin að láni frá Bókasafni Árborgar, alls 36 bækur og mynddiskar.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2021	Vorönn 2022	Samtals:
Bækur frá söfnum	19	8	27
Mynddiskar frá söfnum	13	9	22
SAMTALS:	32	17	49

Millisafnalán til:	Haustönn 2021	Vorönn 2022	Samtals:
Bækur til safna		1	1
SAMTALS:		1	1


Gegnir

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 408.660 á árinu 2021 eða kr. 34.055 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Nú hillir undir að nýtt bókasafnskerfi taki við af Gegni. Bókasafnskerfið Alma og leitargáttin Primo VE frá fyrirtækinu Ex Libris verða arftakar Gegnis (Aleph) og Primo (leitargáttar Gegnis). Innleiðing Alma hófst í árslok 2020 og í maí 2022 stendur yfir uppsetning og yfirfærsla gagna. Alma er veflægt bókasafnskerfi sem mikil reynsla er komin á. Primo VE leitargáttin tekur við af Primo. Kerfin, Alma og Primo VE, eru skjálauseir sem hýstar eru í gagnaveri Ex Libris í Amsterdam. Bókasöfnin munu fá aðgang að kerfunum í gegnum netið (Saas, Software as a service).

Með nýju kerfi, Alma, verða miklar kerfislægar breytingar. Kerfið er byggt upp af þremur kjörnum (zones):



Söfnum landsins verður skipt upp í níu safnakjarna (institutional zones). Framhaldsskólar landsins verða nú saman í einum safnakjarna, almenningssöfnin í öðrum og grunnskólar í þeim þriðja o.s.frv. Yfir safnakjörnunum verður landskjarni (network zone) sem verður sameign allra og innifelur sameiginlegan bókfræðigrunn, nafnmyndaskrá, auk afrits af þjóðskrá. Efsti kjarninn er heimskjarni (community zone). Hann hýsir gögn sem eru tiltæk til afnota fyrir Ex Libris viðskiptavinum, t.a.m. bókfræðifærslur, ýmsar nafnmyndaskrár og lýsigögn fyrir rafrænum gagnasöfnum.

Slökkt er á Gegni 31. maí og áætlað er að Alma opni um miðjan júní.

Gagnasöfn

Landsaðgangurinn á hvar.is felur í sér aðgengi allra sem tengjast netinu um íslenskar netveitur að tímaritsgreinum tæplega 22.000 tímarita og þar af eru um 5.500 beint frá útgefendum.

Framhaldsskólarnir hafa auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á

vefnum hvar.is. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2021 greiddi FSu kr. 106.904. Framhaldsskólar greiða fyrir Encyclopedia Britannica, ProQuest Central gagnasafnið, Web of Science og greinasafn Morgunblaðsins með þriggja ára birtingartöf.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru þær mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst heimaaðgangur að Snöru og eru fjölmargir sem nýta sér hann.

Greinasafn Morgunblaðsins er opið á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í gegnum þennan aðgang er hægt að komast í allt efni Morgunblaðsins frá deginum í dag og aftur í tímann. Í kaupbæti fær skólinn pappírseintak af blaðinu.

Á undanförunum árum hefur útgáfa á myndefni færst mikið til streymisveitna og erfiðara er orðið að útvega myndefni á DVD. Það getur reynst skólum erfitt að kaupa streymi vegna lagalegra ákvæða því strangt til tekið mega skólarnir ekki sýna myndefni fyrir stóra hópa nema hafa til þess tiltekin leyfi. Til að koma til móts við þarfir kennara var keypt tímabundin áskrift að streymis veitu Stöðvar 2+ frá miðjum febrúar og til loka apríl. Þarna er að finna fjölbreytt efni sem nýtist vel til kennslu.

Safnfræðsla

Nýnemadagur var haldinn 17. ágúst. Alls komu 10 hópar nýnema og fengu þeir stutta kynningu á safninu og þjónustu þess. Önnin fór svolítið bratt af stað sem átti sér þá skýringu að nemendur komu í stórum mæli á safnið til að skipta um lykilorð inn á Office 365. Sumarið 2021 var Office 365 fært til Menntaskýsins og því þurftu eldri nemendur að skipta um lykilorð og breyta í 12 stafa lykilorð. Í leiðinni fengu þeir fræðslu um að vista gögnin sín inn á OneDrive sem er hluti af Office 365.

Nemendur í heimildaritun í íslensku ÍSLE3HR05 fengu kynningar í byrjun haust- og vorannar. Mikil áhersla er lögð á notkun gegnir.is við heimildaleitir og að nemendur séu sjálfbjarga með að finna efni. Þeim eru kenndar ýmsar leitarorðir á vefnum: setja saman leitarorð, mínusa frá leitarorð (NOT), víkka út leitir (OR), nota stjörnuleit * þ.e. leita að öllum orðum sem byrja t.d. á stang*, gæsalappaleitir o.s.frv. Þetta eru svonefndar boolean-leitir sem nýtast vel þegar viðfangsefnið er orðið nokkuð afmarkað. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur sem og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir. Á haustönn fylgdi forstöðumaður safnsins þessum kynningum eftir með heimsóknum í kennslustundir þar sem nemendur gátu óskað eftir aðstoð við heimildaleitir fyrir lokaritgerðina sína.

Á haustönn fengu nemendur í FÉLA1SA05 kynningu á safninu, safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Áhersla er lögð á þau kynnist bókasafnskerfinu Gegni og hvernig er hægt að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er þeim kynnt heimasíða bókasafnsins og vefurinn timarit.is. Í lok tímans unnu nemendur saman tveir og tveir verkefni á safninu sem þjálfar þá m.a. í að finna heimildir á Gegni.is, auk þess að finna út staðsetningu tiltekinna rita á safninu.

Sjúkraliðanemar fengu safnkynningu í byrjun febrúar og var hún sniðin að þeirra þörfum og sérsviði.

Talsverð verkefnavinna á safninu var lögð fyrir af kennurum og voru þá teknar saman heimildir fyrir þau verkefni, svo sem verkefni í lífeðlisfræði og jarðfræði, smásögur fyrir íslenskuáfangann Ritun og tjáning, ljóðabækur skálda sem eru fædd eftir 1980 fyrir áfangann nútímabókmenntir í íslensku, einnig efni sem tengist kjörbókinni „Litlar byltingar“ eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur fyrir sama áfanga.

Hið góða samstarf við sögukennara var endurvakið eftir að skýjahulan lyftist af covid-drómanum. Í heimssögu, fornöld og miðaldir, SAGA3FM05 unnu nemendur heimildaverkefni um afmarkað efni og studdust þá m.a. við heimildalista sem hafði verið tekinn saman á safninu.

Í áfanganum SAGA3MS05 unnu nemendur heimildaverkefni þar sem þeir kynntu sér listmálara og öðluðust dýpri skilning á verkum hans, einnig völdu þeir sér ævisögur og unnu samantekt upp úr þeim.

Skráning

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til.

Á skólaárinu var tekin ákvörðun um að flytja handbækur úr gryfjunni og færa þær saman við annan safnkost. Með þessu móti skapast meiri heildarsvipur á safninu og aðgengi auðveldara fyrir notendur. Nú eru allar fuglabækur saman á einum stað, svo dæmi sé tekið. Þessi uppstokkun hefur kallað á töluverðar skipulagsbreytingar og grisjun á safnefni. Alls voru 695 safngögn afskrifuð, þar af 680 bækur. Þess má geta að gryfjan fékk andlitslyftingu vorið 2021 en þá var frístandandi lág hilla tekin og settur fallegur gólfúður á þann hluta gryfjunnar þar sem hún stóð.

Tímarit

Bókasafnið er með fasta áskrift að um 27 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

Gjafir

Á skólaárinu bárust bókasafninu að gjöf 24 bækur og tvö tímarit. Gefendur voru aðallega starfsmenn skólans, auk nokkurra einstaklinga og eru þeim færðar þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Aðföng og skráning 2021-2022:

Aðföng	Haustönn 2021	Vorönn 2022	Samtals
Bækur	173	112	285
Mynddiskar (DVD)		2	2
Spil	2	8	10
Gagnasett		1	1
SAMTALS	175	123	298

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2021	Afskr. haust 2021	Aðföng haust 2021	Uppfærður eintakafjöldi skv. Gegni í árslok 2021	Afskr. vor 2022	Aðföng vor 2022	Maí 2022
Bækur	16.823	98	173	16.898	582	112	16.428
Nótur	48			48			48
Myndbönd	73			73	1		72
Mynddiskar (DVD)	576			576	1	2	577
Mynddiskar (Blu-ray)	13			13			13
Hljómplötur	10			10			10
Geisladiskar (tónlist)	87			87			87
Geisladiskar (hljóðbækur)	166	1		165			165
MP3 hljóðbækur	9			9			9
Snældur	5			5			5
Margmiðl. diskar (tölvugögn)	28			28	1		27
Skyggjur og glærur	10	9		1			1
Leikjakassar og spil	93	1	2	94	1	8	101
Möppur	1			1			1
Gagnasett	5			5		1	6
Kort	28			28			28
SAMTALS	17.975	109	175	18.041	586	123	17.578

Rekstrarkostnaður 2021:

Bækur	737.696
Tímarit og blöð	154.584
Spil vegna íslenskukennslu	14.700
Kostnaður vegna Gegis, landskerfis bókasafna	408.660

Landsaðgangur að gagnasöfnum	106.904
Snara, veforðabækur	130.000
Áskrift að 123skóli (námsgagnaveita)	30.325
Greinasafn Morgunblaðsins	57.037
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl. fræðinga í framhaldsskólum	10.000
Landsfundur Upplýsingar	69.417
Bókaplast	57.420
Millisafnalán	1.720
Prentborði og bókamiðar fyrir strikamerkjaprentara	25.742
Leturborðar fyrir merkivél	13.861
Ljósaperur	3.325
Tölvubúnaður	8.990
Opinber gjöld	4.677
Afskriftir á húsgögnum og innréttingum	49.176
Afskriftir á prenturum og ljósritunarvélum	<u>70.200</u>
	1.954.434
Tekjur vegna ljósritunar o. fl.	<u>5.000</u>
	1.949.434

Tæki og búnaður

Á bókasafninu eru 10 borðtölvur, átta fartölvur, skanni, litaprentari (í afgreiðslu), laserprentari gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645 (nemendaprentari), skrifari fyrir CD og DVD er í tölvu í kjallara, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, fimm litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), ritvél, leturvél, vifta og sími. Ljósritun fyrir nemendur hefur nánast lagst af, nemendur koma einstaka sinnum og biðja um ljósritun á einu og einu blaði. Með tilkomu tæknilegra farsíma er nú orðið svo miklu einfaldara að taka myndir af heimildum sem nota á við verkefnavinnu.

Alls eru sjö fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir. Þær eru allar af gerðinni DELL Latitude, þrjár með týpunúmer E7270, tvær 7280 og tvær 7490. Útlán á þeim voru samtals 1.222 á skólaárinu.

Vinnuaðstaða

Vinnuaðstaða starfsmanna samanstendur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurými er litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að.

Aðalprentari nemenda er við hringstigann. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða forstöðumanns til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er úrklippusafn sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess sem fartölvur eru geymdar í hillum og hægt að hlaða þær milli útlána. Einnig eru fimm litlir DVD spilarar sem eru lánaðir út í kennslustundir.

Í minni geymslunni í kjallaranum er sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í hópinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er aðallega notuð til skönnunar og til að skrifa mynd- og hljóðdiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Fundur, námskeið og ráðstefnur

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru á tveggja til þriggja vikna fresti.

Elín og Ingveldur sóttu landsfund Upplýsingar, fagfélags á sviði bókasafns- og upplýsingafræða, dagana 23.-24. september. Fundurinn var haldinn á Ísafirði og yfirskrift hans var „Í upplýstu umhverfi“. Aðaláhersla var lögð á áskoranir og tækifæri í upplýsingafræðum og hvernig mætti nálgast starfið með sjálfbærni að leiðarljósi.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur skólaársins var að þessu sinni haldinn í Menntaskólanum á Ísafirði 23. september í tengslum við landsfund Upplýsingar. Næsti fundur var á Teams þann 1. nóvember, jólafundurinn var haldinn í MH þar sem Sigrún Pálsdóttir las upp úr bók sinni, Dyngju. Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn 28. febrúar í Borgarholtsskóla og vorfundurinn var haldinn 2. maí á nýju safni Borgarbókasafns í Úlfarsárdal. Framhaldsskólarnir styrkja faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 10.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing. Elín er gjaldkeri hópsins.

Hópur skjalastjóra í framhaldsskólum heldur úti póstlista og virkri umræðu inn á Teams. Hópurinn fundaði á Teams þann 27. október.

Elín sótti fyrirlestra hjá Félagi um skjalastjórn á skólaárinu. Guðmundur Arnar Sigmundsson, sviðsstjóri netöryggissveitarinnar Cert-IS fjallaði um netöryggi í fyrirlestri 21. október, „Öryggi gagna í stafrænum heimi“. Í janúar var hugarfar grósku og skapandi hugsunar til umfjöllunar hjá Ragnheiði Aradóttur, markþjálfari hjá PROTraining og PROcoaching. Þann 22. febrúar sagði Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar á Próunar- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar frá stafrænni umbreytingu hjá borginni og innleiðingu Hlöðunnar (GoPro Foris skjalakerfisins). Loks fjallaði Gunnhildur Manfreðsdóttir, ráðgjafi hjá Ráðhildur GM. um markaðssetningu skjalastjórnar í erindi sínu þann 29. mars. Það er mjög mikilvægt að fylgjast vel með allri umræðu og víða að sér allri þeirri fræðslu og þekkingu sem í boði er á þessu sviði.

Yfir vetrartímann heldur Þjóðskjalasafn Íslands úti mjög fróðlegum námskeiðum um ýmsa þætti skjalavörslu. Námskeiðin sem voru haldin á Teams fjölluðu m.a. um grisjun skjala (19. október), varðveislu og eyðingu á tölvupósti (16. nóvember), tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum (30.

nóvember), átak í skjalavörslu og gerð skjalavistunaráætlunar (11. janúar) og afhendingar úr rafrænum gagnasöfnum (18. janúar). Vorráðstefna Þjóðskjalasafns var haldin 31. maí og yfirskrift hennar var Hagur stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna sem er bein vísun í 1. gr. laga um opinber skjalasöfn. Flutt voru erindi um skráningu mála, afhendingarskyldu einkaaðila, aðgang að gögnum og eftirlit Þjóðskjalasafns.

Skjalamál

Vorið 2018 sömdu fjölmargir framhaldsskólar við fyrirtækið Hugvit um aðgang að skjalastjórnarkerfinu GoPro. Lokið var við gerð málalykils fyrir FSu haustið 2018 og hann sendur Þjóðskjalasafni til samþykktar. Gildistími hans er frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2023.

Kerfið var sett upp í FSu vorið 2019 og fengu starfsmenn stutta kynningu og kennslu í júní 2019. Alls eru 13 starfsmenn með aðgang að GoPro.

Segja má að innleiðingu kerfisins sé að mestu leyti lokið. Notendur hafa fengið kennslu í að stofna mál og setja viðhlítandi skjöl undir hvert mál. Ljóst er að auka þarf notkun kerfisins og fylgja betur eftir að skjölun gagna eigi sér stað. Til þess að það geti orðið þarf að spýta í lófana og fjölga þeim vinnustundum forstöðumanns sem ætlaðar eru til skjalamála.

Lokaorð

Í heildina má segja að skólaárið hafi verið prófraun á úthald og þrautseigju nemenda og starfsfólks. Það tókst að halda úti staðbundinni kennslu að mestu leyti en loka þurfti skólanum frá 28. október til 2. nóvember eftir að smit vegna Covid-19 komu upp meðal starfsfólks. Slæmt tíðarfar eftir áramótin reyndi á og þurfti að fella niður kennslu þrjá daga í febrúar. Grímuskylda var svo loksins afnumin 25. febrúar.

En öll él birtir upp um síðar. Skólastarf hefur verið að færast í sitt fyrra horf síðustu mánuði, félagslíf nemenda hefur glæðst og vonandi stefnir nú allt í sólarátt. Spennandi tímar eru nú fram undan með sameiningu Fjölbrotaskóla Suðurlands og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Reikna má með að ríflega 100 nemendur verði í garðyrkjunámi við FSu næstkomandi vetur. Mikilvægt er að þeir njóti áfram þeirrar góðu upplýsingaþjónustu sem veitt var við Garðyrkjuskólann. Safnkost skólanna þarf að færa saman næsta haust í hið nýja bókasafnskerfi Alma. Síðast en ekki síst verður uppstokkun á verkefnum á safninu þegar við fáum góðan liðsauka frá Reykjum, í Guðrúnu Þórðardóttur, bókasafns- og upplýsingafræðingi. Hún er hér með boðin velkomin til starfa. Það er því með tilhlökkun og von um skemmtilegt skólaár fram undan sem ég set punktinn hér.

7 Skýrsla félagslífsfulltrúa

Félagslífsfulltrúi: Gunnar Borgþórsson

Starfshættir og breytingar

- Fundir alla mánudaga 15:30 í nemendaráðsstofunni með nemendaráði þar sem vikan var skipulögð, farið yfir síðustu viðburði, hugmyndir af viðburðum o.fl.
- Fundir alla þriðjudaga með skólaráði.
- Sú breyting varð að ég aðstoðaði krakkana við að gera sér lengri áætlun og vera skipulagðari í áætlanagerð, fyrri hluti annar var ekki nægilega vel undirbúinn og lítill

fyrirvari og því oft verri undirbúningur á þeim viðburðum og atburðum sem nemendaráð undirbjó.

- Undirritaður mætti á alla fundi með nemendaráði og skólaráði sem og var til staðar í síma og í gegnum tölvupóst bæði nemendaráði innan handar sem og viðburðar höldurum og tengiliðum.
- Þær breytingar urðu að Sabína Steinunn tók hlutverk forvarnarfulltrúa og mætti á fundi forvarnar teymis.

Skipulagning stórra viðburða

- Nokkrir stórir og mjög vel heppnaðir viðburðir litu dagsins ljós eftir önnina. Krakkarnir eiga hrós skilið en vinnan var að stórum hluta á herðum of fárra nemenda og eitthvað sem þarf að endurskoða við skipan ráða.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Nemendaráðsstofan er ekki góður vinnustaður. Mikilvægt er að tryggja nemendum betri aðstöðu, vinnu og fundarborð og annað svo starfið sé skilvirkara og betra. Það sem þarf að koma inn er fundarborð og stólar, tölva, hillur og annað til að halda skipulagi, skrifstofuvörur og annað.
- Aðstoða þarf nemendaráð betur í því að halda dagbók, vinna í gegnum Teams eða annað kerfi til þess að öll gögn, reikningar og allt skipulag sé aðgengilegt, sé klár eign skólans og til þess að önnur nemendaráð geti leitað sér upplýsinga um fyrri verkefni, störf og viðburði.
- Að mínu mati mætti fækka skólaráðsfundum. Þeir mættu vera 2x í mánuði en ekki í hverri viku. Tíminn nýtist betur ef stutt greinagerð er send til skólameistara eftir hvern nemendaráðsfund og svo farið yfir punkta á fundum.
- Skipa þarf nefnd innan kennarahópsins sem hefur áhuga á að sjá um og skipuleggja gæslu á viðburðum skólaráðs. Mér finnst ekki eðlilegt að ætlast sé til þess að félagslífsfulltrúi eða kennarar sjái um gæslu á skólaböllum og öðrum viðburðum. Að mínu mati ætti í hvert skipti að ráða inn fagaðila sem sjá um gæslu bæði í hurð sem og sjúkragæslu og gert sé ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

8 Flóafár 2022

Inngangur

Flóafár var haldið föstudaginn 4. mars í kjölfar 2ja káttra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Eva Dögg Jafetsdóttir, Hafdís Garðarsdóttir, Tómas Davíð Ibsen Tómasson og Óskar G. Jónsson. Formaður íþróttaráðs Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir var ein virk úr íþróttaráði við undirbúninginn en Sindri Snær Bjarnason aðstoðaði við að safna saman stigablöðum á Flóafársdaginn og allt íþróttaráðið kom að upphitunardansinum um morguninn.

Liðin voru 4 talsins; **Harry Potter:** Liðsstjórar Embla Sól Kjærnested, Evelyn Þóra Jósefsdóttir og Klara Sigurðardóttir, **Himnaríki:** Liðsstjórar Eva María Baldursdóttir og Emilía Torfadóttir, **Premier League:**

Liðsstjórar Natan Hugi Hjaltason og Jón Vignir Pétursson og **Wild West**: Liðsstjórar Guðmundur Bjarni Brynjólfsson og Benedikt Snær Tómasson.

Verkefnið gengur út á að kennarar í þörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stig vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði, búninga, hópmynd og skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulöggur meta) hljóta viðurkenningu.

Undirbúningur fyrir Flóafár 2022

Fyrsti fundur Flóafársnefndar var haldinn 27. janúar. Þá var orðið nokkuð ljóst að samkomutakmarkanir myndu ekki koma í veg fyrir að hægt yrði að halda Flóafár. Fram að því var erfitt að átta sig á því hverjar reglurnar yrðu 4. mars en skv. skóladagatali átti að halda Flóafárið þann dag. Á fyrsta fundi hittust kennararnir í nefndinni ásamt Sigríði Fjólu formanni íþróttaráðs. Seinna þann dag ætlaði allt íþróttaráðið að hittast en sá fundur varð ekki og kom á daginn að hinir fulltrúar í íþróttaráðinu voru algjörlega óvirkir við undirbúninginn þrátt fyrir að töluvert væri reynt að virkja þau. Einnig var reynt að fá aðra inn í staðinn en það tókst ekki. Þannig varð of mikið álag á Sigríði Fjólu á undirbúningstímanum. Hún stóð sig með stakri þrýði en það er mikilvægt að nemendur geti deilt álagi og skipt með sér verkefnum.

Viku seinna var aftur fundað og þá lá fyrir hversu mörg lið yrðu og hverjir yrðu liðsstjórar. Eftir enn eina vikuna var þriðji fundurinn haldinn og þá var m.a. fundað með liðsstjórum og dregið um svæðin. Nefndin hittist svo einu sinni til tvisvar í viku á undirbúningstímanum, auk stöðugra Messenger samskipta og fundar með liðsstjórum tveimur dögum fyrir Flóafárið.

Kynningar á liðunum fóru fram í salnum 9. febrúar í miðvikudagsgati. Fyrir kynninguna voru liðsstjórar allra liðanna búnir að útbúa glærur þar sem fram kom; nafn liðsins, mynd sem tengdist þemanu, nöfn liðstjóranna og heiti á FB síðunni. Liðstjórnir komu síðan upp og kynntu hugmyndir sínar. Liðsstjórar prentuðu einnig út auglýsingar á A4 blöðum þar sem allar upplýsingar komu fram og voru auglýsingarnar hengdar upp á hverja hæð skólans. Þetta gerði Flóafárið sýnilegra fyrir alla nemendur skólans. En aðalkynningastarf liðanna fór fram á samfélagsmiðlum og samskipti liðsstjóranna við meðlimi liðanna fóru mest fram á fésbókarsíðum liðanna.

Ákveðið var að takmarka fjölda í liðunum í byrjun þ.e. að hámarksfjöldinn mætti ekki fara yfir 80. Þetta tókst því miður ekki, því mikill meirihluti nemenda skráði sig í eitt lið og þurfti að jafna í liðunum eftir á. Notað var Google Forms en nemendur fengu senda slóð í gegnum Innu.

Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til að leita styrkja/þjónustu, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni eftir, annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitssemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í

mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „bekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

Framkvæmd á Flóafársdag 2022

- Dagurinn byrjaði með því að nemendur áttu að mæta kl.8:20 til umsjónarkennara til að láta merkja við sig á stöðum sem umsjónarkennarar áttu að vera búnir að láta nemendur sína vita af fyrir fram.
- Þrjú svæði voru á fyrstu hæð (innri og ytri hluti mötuneytis og gryfjan) og eitt svæði á svölum austan megin á annarri hæð og þurftu liðin að vera búnir að undirbúa svæðin fyrir kl. 23 á fimmtudagskvöldinu. Gekk það vel. Öll liðin lögðu sig fram við að gera svæðin sín flott.
- Kennarar í Flóafársnefnd skiptu á milli sín að taka hópmyndir af liðunum um morguninn kl. 8:40 og gekk það nokkuð vel. Liðsstjórnarnir vissu af myndatökunum og liðsstjórar allra liðanna nema eins voru búnir að skipuleggja uppsetningu liðsins þegar ljósmyndararnir mættu.
- Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu niður stigann á víxl vestan og hægra megin og inn í sal.
- Formaður Íþróttaráðs sá um að kalla liðin niður. Íþróttaráð sá um upphitunardans fyrir liðin.
- Formaður Íþróttaráðs sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautirnar.
- Áhersla var á að liðin myndu ljúka þrautunum en ekki fara sem hraðast í gegn. Liðin fóru samviskusamlega á allar stöðvar og leystu þrautirnar vel.
- Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir besta búning starfsfólks og til þeirra liða sem hlutu sérverðlaun. Flóafársnefndin sá um að prenta verðlaunaskjölin út daginn áður og plasta þau.
- Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði öllu uppi á sviði, það gekk vel.
- Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um útreikninga stiganna og gerðu það af mikilli fagmennsku.
- Vel gekk að ná stigamiðum úr stofum og Hamri, hjálpuðust nefndin og tveir úr Íþróttaráði að.
- Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark.
- Skemmtiatriði (sem í ár voru dansar hjá öllum liðum) voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark.
- Kústar, moppur og ruslaílát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Frágangur eftir Flóafárið gekk mjög vel. Öllu var lokið um kl.14:30.
- Formaður Íþróttaráðs sá um að panta 30 pitsur sem kostuðu um 47 þús. kr. og nemendaráð borgaði.
- Harry Potter sigraði Flóafársþrautina en aldrei hefur verið eins mjótt á munum því það munaði 5 stigum á sigurliðinu og 4. liði. Liðin í 2. og 3. sæti voru jöfn. Ekki var gefið upp í hvaða sætum önnur lið en sigurliðið voru í.
- Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlaut Pelle Damby Caröe sem Batman.
- Mismunandi aðilar ákváðu hverjir fengu sérverðlaun. Olga Líska og Sigursveinn völdu besta skemmtiatriðið, Íþróttaráð valdi besta herópið, Flóafársnefnd valdi besta svæðið, myndina og búningana og Rósa Marta Guðnadóttir og Sigrún Þorkelsdóttir völdu bestu borðskreytinguna en þemað var „himingeimurinn“.
- Kennarar sem höfðu fengið öll lið í þraut skiluðu þrautamiðum til stigavarða.

- Námsráðgjafar voru saman með þraut sem hefur reynst vel því þá getur einn þeirra stokkið til ef á þarf að halda t.d. ef nemanda líður illa þennan dag.
- Nefndin klæddist sem sjóræningjar að þessu sinni.

Atriði til að hafa í huga næst:

- Við upphaf skipulagningarinnar er gott að fara til Sigursveins og fá lista yfir þá starfsmenn sem vitað er að verða ekki á staðnum Flóafársdaginn. Þá er þeim ekki raðað í þraut.
- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega til Flóafársnefndar.
- Kátu daga nefnd ætti að hafa val um að vera með stöð eða vera varamenn, hafa frjálsara hlutverk.
- Æskilegt er að kennarar í Flóafársnefnd fundi með nemendaráði og íþróttaráði í byrjun annar áður en undirbúningur hefst fyrir alvöru svo allir séu með á hreinu hvað er hlutverk hvers og hvernig skuli staðið að undirbúningnum.
- Allt íþróttaráð verður að vera virkt.
- Engar fésbókarsíður og auglýsingar frá liðum fyrr en eftir kynningu í sal (þjófstart bannað).
- Endurmeta þarf skráningarferli –spurning hvort hægt verði að gera það í gegnum Innu á næsta ári, þar sem hægt verði að stilla hámarksfjölda. Halda áfram að hafa sem jafnast í liðum.
- Þjóða liðsstjórum að tilnefna 10-15 lykilþátttakendur auk liðstjóra. Þeir skila þeim nafnalista til íþróttaráðs þegar skráningar hefjast.
- Hvetja liðstjóra til að leita til iðn- og listnámsnemenda til að vera í liðunum.
- Kennarar verði í beinu sambandi við liðsstjóra, ekki hafa íþróttaráð sem millilið.
- Það er mikilvægt að það séu komnir liðsstjórar a.m.k. **þremur vikum fyrir Flóafár** og endanleg lið liggi fyrir á miðvikudegi einni og hálfri viku fyrir fárið.
- Fara vel yfir reglur með liðsstjórum um hvað má og hvað ekki, hlutverk tískulögga o.þ.h. ekkert phú eða neikvæðni gagnvart öðrum.
- Liðin þurfa að hafa samband tímanlega við kennara í Hamri ef þeir þurfa aðstöðu/hjálp þaðan.
- Liðin þurfa að fá úthlutuðum tíma í salnum til æfinga á skemmtiatriði í síðustu vikunni.
- Spurning hvort hægt sé að snúa skemmtiatriðunum þannig að þau snúi á móti aðalinnganginum. Þannig hafa fleiri tækifæri til að sjá.
- Spurning hvort hægt sé að setja varanlegar festingar í loftin fyrir tjöld í hlutlausum lit sem skólinn myndi kaupa og væri hægt að nota á milli ára. Þá þurfa liðin ekki að vera að útvega grindur og tjöld til að aðskilja svæðin.
- Senda „pepp póst“ á starfsfólk til að hvetja þá til að hjálpa við frágang.
- Brýna fyrir liðsstjórum að skila inn „Tískulögguspjöldum“ og kústssköftum. Merkja við hvaða lið eru búin að skila.

Það hefur verið miðað við að kennarar í Flóafársnefnd séu það 3 ár í röð. Hafðís er nú búin að vera þrisvar sinnum í Flóafársnefnd og hefur því lokið sínum tíma. Óskar var sitt annað ár í ár og Eva Dögg og Tómas komu nú bæði í fyrsta sinn að undirbúningnum. Óskar, Eva og Tómas eru öll tilbúin til að halda áfram í nefndinni á næsta ár og hefur Óskar jafnvel hug á að fá einhvern samstarfsmann úr Hamri til að koma inn með sér á næsta ári til þess að það komi einhver nýr inn þaðan sem muni

halda áfram eftir að Óskar lýkur sínum tíma. Við teljum koma vel út að hafa kennara í bóknámi, verknámi og á sérnámsbraut í Flóafársnefnd. Þannig fást tengingar við ólíkar brautir skólans. Tveir nemendur þeir Noel Elías og Óli Þ. Guðbjartsson tóku að sér að taka upp á myndband hluta af undirbúningnum á fimmtudeginum og á Flóafárinu sjálfu. Þeir ætla að klippa efnið og útbúa 3-5 mínútna myndband um Flóafár 2022 sem verður vonandi hægt að nota við kynningar á Flóafári og félagslífi skólans. Nemendaráð stefnir á að greiða þeim 10-15 þús. á mann fyrir vinnuna við myndbandsgerðina þegar myndbandið verður tilbúið.

Öll gögn sem viðkoma undirbúningnum eru vistuð í möppu á H-drifinu undir Flóafár 2022.

9 Kátir dagar

Kátu Daganefnd: Bjarney Sif Ægisdóttir og Eyrún Björg Magnúsdóttir.

Kátir dagar sem venjulega hafa verið haldnir í febrúar voru haldnir seinna í ár vegna Covid-19. Búið var að stefna á afléttingu samkomutakmarkana í mars, sem að gekk eftir svo Kátir Dagar voru haldnir án takmarkana vegna veirunnar dagana 2. og 3. mars. Dagskráin hófst að venju eftir kaffi á miðvikudeginum kl. 10:20 og stóð til 15:30 sirka og frá 8:30-12 á fimmtudeginum. Vegna mikillar óvissu í upphafi annar fór nefndin seinna af stað en vanalega, en fyrsti fundur nefndarinnar var 3. febrúar og var fundað um það bil vikulega fram að Kátum Dögum, stundum oftast auk samskipta í gegnum Messenger og tölvupóst.

Undirbúningur Kátu Dagana gekk fremur hægt framan af en það eru ýmsir utanaðkomandi þættir sem að höfðu þar áhrif. Kátir Dagar voru ekki haldnir árið 2021 vegna Covid-19 svo að það voru margir nemendur í skólanum sem að ekki höfðu upplifað Kátu Daga og enginn nemendanna í Kátu daga nefndinn hafði til dæmis upplifað þessa daga svo að þeir voru ekki alveg að átta sig á fyrirkomulaginu og þeim mikla undirbúning sem þarf að eiga sér stað til þess að geta boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla nemendur skólans. Söngkeppni nemendafélagsins, sem vanalega er haldin á haustin, var skipulögð á svipuðum tíma og Kátir dagar að þessu sinni (líka vegna covid) og það hafði merkjanleg áhrif á nemendur í nefndinni, þeir voru mikið með hugann við söngkeppnina og skipulag hennar. Nemendur í nefndinni höfðu lítil frumkvæði að viðburðum á Kátum Dögum og virtust hafa mjög lítinn áhuga á viðburðum frá utanaðkomandi aðilum, aðallega vegna þess að þeir töldu að nemendafélagið gæti ekki kostað til neinu fjármagni í þessa daga. Þrátt fyrir ítrekaðar upplýsingar um nægjanlegt fjármagn virtist ekki áhugi af hálfu nemenda til að eyða því í þessa dagskrá. Mikil vinna lenti því á kennurum í nefndinni við að finna nægjanlega fjölda viðburða. Það var þó skammtilegt að finna áhuga nemenda á innanhúss viðburðum, en þeir óskuðu eftir viðburðum frá kennurum skólans. Það er einnig gaman að segja frá því að kennarar og starfsfólk skólans tóku vel í það og spiluðu mjög stórt hlutverk í dagskránni að þessu sinni.

Kátu Dagarnir sjálfir gengu virkilega vel. Prentuð voru 600 vegabréf voru prentuð fyrir dagskrána og þurfti að bæta við, svo út fóru hátt í 650 vegabréf. Virkir þátttakendur í Kátu daga dagskránni virðast hafa verið í kringum 500, en þá erum við að miða við vegabréf sem að voru skiluð inn auk þátttöku í hestamannamóti til viðbótar við nemendur sem að komu að dagskránni með einhverjum hætti, Kátudaga nefndin, nemendafélag o.fl. Mikil mæting var á alla viðburði og sannaði það sig hversu mikilvægt er að hafa fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það sem var

nýtt í dagskránni að þessu sinni vakti mikla lukku og var vel sótt og væri gaman að geta boðið upp á þá viðburði aftur, þ.e. Gettu Betur keppnin, kahoot um starfsfólk, Pakkhúsið, HappyLab, skákmót og borðtennismót. Tónleikar sem skipulagðir voru í hádegishléinu á miðvikudeginum og utanaðkomandi veitingasala (Joe & the juice) féll því miður niður með skömmum fyrirvara en það væri gaman að geta boðið upp á það á næsta ári og fá þannig meira líf og stemmingu í húsið. Við teljum mikilvægt að fara vel yfir skýrsluna og fundarpunkta næst þegar undirbúningur byrjar. Einnig að undirbúningur sé hafinn með góðum fyrirvara, lágmark 8 vikur. Nánari útlistun á dagskrá kemur á næstu síðu.

Utanaðkomandi aðilar sem sáu um fræðslu og kynningar:

- Dale Carnegie: Samskipti, sambönd, þægindahringurinn.
- Beggi Ólafs: Betri í dag en í gær!
- HR, HA og HÍ með kynningar.
- Lögreglan: Vímuefni og forvarnir.
- Íþróttakennarar með kynningu á lýðháskólum í DK
- Crossfit Hengill með kynningu og sprell.

Innanhúss var margt í boði:

- Gettu betur milli starfsfólks og nemenda.
- Opið í textílstofunni og myndlistarstofunni.
- HappyLab.
- Smíðað fyrir söngvakeppnina í Hamri.
- Manntafl með Lalla.
- Magic the Gathering.
- Netskrafl með Sissu.
- Fluguhnýtingar.
- SKIP-BO.
- Skákmót.
- Dungeons&Dragons.
- Bingó.
- Bridge.
- Morgunmatur í boði nemendafélags.
- Borðtennismót.
- Fyrirlestur um huldufólk.
- Kahoot um starfsfólk.
- Spákona.
- Marabonsýningar á "vöktunum".
- Íþróttamót í lðu.
- Fortnite og Fifa í Pakkhúsinu.

Mikill áhugi var á íþróttamótunum í lðu, en þar var mikil þátttaka bæði af nemendum sem að kepptu og áhorfandafjöldinn var mikill allan tímann. Erfiðlega gekk að fá nemendur til að halda utan um íþróttamótin og fór skráningin á þeim allt of seint af stað í ár. Mikilvægt er að tryggja að nemendur í nefndinni finni nemendur til að taka að sér íþróttamótið og mikilvægt væri að hafa íþróttakennara

þeim til aðstoðar, best væri að hafa einn íþróttakennara í kátu daga nefndinni. Einnig þarf að tryggja að alltaf sé nóg af kennurum til að kvitta á vegabréf út í lðu.

Morgunmaturinn tókst vel til og var vinsæll. Nemendur lögðu mikinn metnað í að bjóða upp á flott morgunverðarhlaðborð en mikilvægt er að hafa tímanlega samband við fyrirtæki upp á styrki til hlaðborðsins. Of seint var t.d. haft samband við mjólkurbúið í ár, en GK bakarí og HP styrkti hlaðborðið veglega með bakkelsi. Gurrý var nemendum til aðstoðar bæði deginum áður og um morguninn og þökkum við henni kærlega fyrir þá aðstoð, en það er nauðsynlegt að nemendur hafi aðgengi að aðstoð frá starfsmanni skólans sem að þekkir til eldhússins og einnig varðandi magn, framreiðslu og fleira.

Mikilvægir punktar og tillögur að úrbótum:

1. Of mikið álag að hafa einungis tvo kennara í Kátu daga nefndinni þar sem þarf að finna svo marga viðburði og á Kátu Dögum sjálfum að taka á móti mörgum utanaðkomandi aðilum, tengja þá saman við tækin okkar hér og fleira. Það er líka mikil vinna að virkja nemendurna hér sem hafa kannski aldrei upplifað Kátu Dagana og vita ekki hvernig þeir virka. Við veltum þessu líka upp í samanburði við Flóafárið þar sem eru fjórir kennarar í Flóafársnefnd, þrátt fyrir að þar séu kennarar almennt líka mun meira virkjaðir til þátttöku. Best væri ef það væri kennari úr hverju húsi, þ.e. Odda, Hamri og lðu sem að væri í Kátu daga nefndinni til þess að tryggja þátttöku allra staða og upplýsingaflæði betur.
2. Það þarf að tryggja meira samtal milli Flóafárs nefndar og Kátu Daga nefndar. Það væri sniðugt að hafa líka sömu nemendur, allavega að hluta, til að yfirsýnin verði betri um hvað þarf og hvaða tími þarf að fara í hvað. Hafa þá bara fleiri nemendur frekar.
3. Það verða að koma skýr skilaboð frá stjórnendum (tímanlega) til starfsfólks og nemenda um hvað þessir dagar fela í sér og hver ber ábyrgð á hverju. Að það sé mætingarskylda þessa daga bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Okkur finnst ekki viðeigandi að kennarar í Kátu Daga nefnd þurfi að segja samstarfsfólki sínu að það eigi að mæta þessa daga í vinnu og að sinna sínu hlutverki í þessu. Huga að því að á hverju ári eru nýir kennarar sem ekki vita um hvað málið snýst. Þyrfti að ræða tímanlega t.d. á starfsmannafundi/kennarafundi.
4. Smíðadeildin kom viljug í samstarf vegna Kátu daganna og samþykkti að bjóða upp á workshop til að hægt væri að smíða fyrir söngvakeppnina en upplifði sig svo í pressu að eiga að leyfa öllum sem vildu koma og græja fyrir Flóafársliðið sitt. Það stangast líka á við að nemendur eigi að taka þátt í dagskrá þessa daga því ef þeir eru að nota tímann sem Kátu dagarnir til að undirbúa Flóafárið eru þá mæta þeir ekki á viðburði sem mikið er búið að hafa fyrir að bjóða uppá. Það þarf að skoða þetta fyrirkomulag betur.
5. Vissulega eru skrátnir tímar en það gekk frekar illa að fá nemendur til að sinna sínu almennilega. Þær voru viljugar í orði en virtust svo vantaði að taka ábyrgð og eftirfylgni. Það kom okkur líka á óvart að nemendur vildu ekki eyða neinum pening í dagskrána og virtust ekki vita um góða fjárhagsstöðu nemendafélagsins. Það er mikilvægt fyrir fram að vita hvað má eyða í þetta af hálfu nemendafélagsins. Nemendur óttuðust að það kæmi niður á söngvakeppninni sem þyrfti mikið fjármagn. Það þarf því að úthluta sérstöku fjármagni frá nemendafélaginu í dagskrá Kátu daga. Það þarf að vera 1-2 eldri nemendur og lágmark 3 aðrir nemendur í nefndina.
6. Höldum ekki að það sé sniðugt að skipta Flóafári og Kátu dögum upp, en það þarf að vera skýrt að dagskrá Kátra daga líði ekki fyrir undirbúninginn á Flóafári.
7. Muna að vera búin að undirbúa einhvern á myndavél og helst vídeó líka líkt og gert var á Flóafárinu í ár.

8. Það kom upp sú hugmynd að róðrakeppnin hjá Crossfit Hengill væri gott byrjunardæmi í lokahnykkinn í lðu, a.m.k. að passa að það sé nóg af nemendum laus í miðrýminu. Gæti líka gengið klukkan 11:30 til dæmis þegar aðrir viðburðir eru að klárast sem að byrjuðu kl. 11.
9. Endurtaka kahoot um starfsfólk – vakti mikla lukku.
10. Endurtaka skákmót. Jafnvel báða dagana. – Ægir Sig kominn með farandbikar
11. Ræða á skólaráðsfundi með nemendaráði að þau verða að gefa skýrar upplýsingar um hversu miklu má eða er ætlast til að sé eytt í Káta daga. Líka mikilvægt að einhver sem hafi upplifað þá komi að störfum nefndarinnar. Fá fleiri en færri í nefndina því það hellast einhverjir alltaf úr lestinni eða eru van virkir.

Samantekt og lokaorð

Kátu Dagarnir 2022 gengu vel að lokum þrátt fyrir að undirbúningurinn hafi verið krefjandi. Á dögnum sjálfum var mikil stemming og gleði hér innanhúss þessa daga. Við teljum nauðsynlegt að fá að minnsta kosti einn kennara til viðbótar (helst tvo) inn í nefndina til þess að undirbúningurinn og Kátu dagarnir sjálfir gangi vel fyrir sig. Það er allt of mikið álag fyrir tvo kennara að bera ábyrgðina þessa daga. Um þetta var einnig talað og lögð mikil áhersla í skýrslunni 2020 svo þetta er ekki atriði sem er nýtt af nálinni og teljum við að verði að bregðast við ábendingum þeirra sem að hafa verið í þessum nefndum.

Kátir dagar skipa gríðarstóran sess í félagslífi FSu og eru einnig hluti af sögu skólans og mikilvægt er að halda þessum dögum áfram. Það er ekki oft sem gefst tækifæri til þess að efla félagslíf nemenda á skólatíma þar sem að allir nemendur eru á svæðinu og því er mikilvægt að halda þessum dögum áfram. Á kátum dögum gefst einstakt tækifæri til uppbrots á hefðbundnu skólastarfi og er frábært tækifæri fyrir nemendur og kennara að kynnst á annan hátt en í annríki hefðbundins náms.

10 Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Verkefnastjóri: Borgþór Helgason

Á skólaárinu var skipað í jafnréttis nefnd og það voru þau Borgþór Helgson, Karl Ágúst Hoffritz og Ragnheiður Eiríksdóttir. Fundað var tvisvar yfir árið og aðal verkefnið var að yfirfara jafnréttisáætlunina. Borgþór sat í skólaráði og hafði þannig tenginu við nemendaráð eins og var hér áður fyrir við skólann.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin skal næst vera yfirfarin og uppfærð í samræmi við jafnréttislög nr. 10 frá 2008, vorið 2024. Það er einnig hlutverk jafnréttisfulltrúa að taka saman jafnréttisvísa til að hafa samanburð á stöðu kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnunarstöðum. Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan fólks sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Meðfylgjandi er samanburður frá því í janúar 2021 og janúar 2022.

Jafnréttisvísar skulu vera unnir í lok hvers skólaárs áfram. Mælt er með því að jafnréttisfulltrúi haldi sig við að bera saman tölur miðað við lok janúar ár hvert til að samanburðurinn verði sem marktækastur.

(Uppfærisk ágúst 2022.)

11 Skólastarf í fangelsum

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

Inngangur

Þegar skólaárið hófst var Covid faraldurinn enn hangandi yfir og óvissan nokkur. Áhrifin urðu nokkur, því veiran náði loks að stinga sér inn fyrir girðingarnar á Litla-Hrauni og hluti vistmanna veiktist, með þeim afleiðingum að skólanum var lokað um hríð. Setti það vissulega strik í reikninginn og hluti nemenda komst ekki aftur á skrið í námi.

Áhugi vistmanna á námi er alltaf mikill, eins og sést á skráningum við upphaf anna, og einlægur vilji til að nýta tímann til góðs og gagns. Það er hins vegar auðveldara um að tala en í að komast að halda út, ekki síst fyrir nemendahóp sem hefur takmarkaða samleið átt með skólakerfinu.

En þó ekki allir nái öllum markmiðum sínum eða brautskráist, þá er alltaf álitlegur hópur sem kemst að því hér að hann getur meira en hann sjálfur taldi og það er afar ánægjuleg tilfinning, bæði fyrir viðkomandi nemendur og okkur sem erum til aðstoðar.

Þegar allt kemur til alls trúum við því að skólastarf í fangelsunum sé uppbyggilegt og gefandi og munum vinna að því hér eftir sem hingað til að efla það og bæta.

Haustönn 2021

Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari LH (staðnám)

Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, LH og Sogni (fjarnám)

Guðfinna Gunnarsdóttir, enskukennari Sogni (staðnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Helgi Hermannsson, upplýsingatæknikennari LH (staðnám)

Ida Lön, dönskukennari LH (fjarnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræðikennari Sogni (staðnám)

Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnám)

Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði

Paola Daziani, enskukennari, LH (staðnám)

Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari LH (fjarnám)

Sigurður Ágúst Pétursson, rafiðnakennari, Sogn (fjarnám)

Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)

Pórey Hilmarsdóttir, bókhalds- og hagfræðikennari LH (fjarnám)

Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

Samantekt um skólahaldið

Alls komu 52 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á haustönn 2021; 45 á Litla-Hrauni, 7 í Sogni, auk þess sem 6 nemendur stunduðu fjarnám við aðra skóla, þar af 3 háskólanám. Nokkur hópur á Hólmsheiði naut aðstoðar námsráðgjafa. Af þessu skiluðu 23 sér til námsmats, 18 á Litla-Hrauni en 5 í Sogni.

Skólahald hófst miðvikudaginn 16. ágúst með fundum og skráningu nemenda. Kennsla hófst miðvikudaginn 18. ágúst á Litla-Hrauni og daginn eftir í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fór fram fimm daga vikunnar á Litla-Hrauni og þrjá daga í Sogni. Skólahald gekk eðlilega fyrir sig og sóttvarnir trufluðu það ekki.

Alls sinntu 14 kennarar frá FSu kennslu í fangelsunum, þar af 9 staðkennslu, 4 kenndu ensku, íslensku, námstækni og stærðfræði í Sogni og 8 kenndu ensku, íslensku, íþróttir, stærðfræði, trésmíði, teikningu, námstækni og upplýsingatækni á Litla-Hrauni, alls 28 mismunandi námsáfangar.

Þeir 23 nemendur sem gengust undir námsmat reyndu við 269 einingar. Þar af stóðust 199 eða 74% en 70 fóru í súginn eða 26%. Einn nemandi lauk 6 áföngum, alls 30 einingum og það bar til tíðinda að tveir nemendur í fangelsunum luku nú stúdentsprófi frá skólanum.

Óvenjufámennt var í skólanum á önninni. Breytingar á lögum um fullnustu refsinga hafa mikil áhrif, nú fara fangar mun hraðar í gegn um kerfið og það hefur bein áhrif á framvindu náms, sem krefst stöðugleika og einbeitingar. Þá voru lengst af fáir einstaklingar í afplánun í fangelsinu á Litla-Hrauni.

Yfirlit yfir námsárangur

Eins og fyrr segir stóðust 74% eininga en 26% töpuðust. Það er betri árangur en oftast áður. Þó verður að hafa í huga að hér er aðeins tekinn með í reikninginn sá hópur nemenda sem stundaði nám nógu lengi til að námsmat væri raunhæft. Meirihluti þeirra sem skráðu sig í skóla, 29 af 52 eða tæp 56% gerði það ekki. Fyrir því eru margvíslegar ástæður, m.a. að nemendur eru fluttir fyrirvaralítið milli staða. Einn nemandi lauk 6 áföngum, einn 5, tveir 4 en flestir 1-2.

Þrír nemendur luku 8 áföngum í fjárnámi, alls 40 einingum, þar af einn nemandi 25 einingum. Allar fjarnámseiningar stóðust.

Einkunnadreifing á haustönn

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	5	2	14	10	7	2	0	0	1	0	2	15
/58	8,6 %	3,4%	24,1 %	17,2%	12,1%	3,4%	0%	0%	1,7%	0%	3,4 %	25,9%

Almennt bóknám

Bókfærsla

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
BÓKF 1BA05	1	1	0	8	5 / 100%

Danska

	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
DANS2FJ05	1	1	0	6	5 / 100%
DANS3BF05	1	1	0	6	5 / 100%

Enska

	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
ENSK 1HF05	5	5	0	8	25 / 100%
ENSK 1HA05	7	5	2	8	25 / 71%
ENSK 2HB05	4	2	2	8,5	10 / 50%
ENSK 2HC05	2	2	0	8,5	10 / 100%
ENSK 3YL05	1	1	0	6	5 / 100%
ENSK 3VE05	1	1	0	8	5 / 100%

Félagsfræði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
FÉLA3MP05	1	1	0	7	5 / 100%

Færni

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
FÆRN1NS02	2	2	0	5	4 / 100%

Hagfræði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
HAGF2HA05	1	1	0	5	5 / 100%

Heimspæki

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
HEIM2BY05	1	1	0	5	5 / 100%

Íslenska

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
ÍSLE 1LR05	3	2	1	7	10 / 67%
ÍSLE 1MR05	2	2	0	7	10 / 100%

Íþróttir

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
ÍÞRÓ 1PH03	5	1	4	8	3 / 20%
ÍÞRÓ 2PL03	1	0	1	F	0
ÍÞRÓ 2AL02	1	1	0	8	2 / 100%

Stærðfræði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
STÆR 1AA05	4	0	4	F	0
STÆR 1AJ05	1	0	1	F	0
STÆR 1RU05	3	2	1	5,7	10 / 67%
STÆR 2AF05	2	0	2		0 / 0%
STÆR 2TL05	1	0	1		0 / 0%

Upplýsingatækni

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
TÖLN 1GR05	3	3	0	8	15 / 100%

Grunnnám byggingagreina

Trésmíði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
TRÉS 1VA05	6	6	0	7,7	30 / 100%

Grunnnám rafiðna

Rafmagnsfræði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
RAFM 1RA05	1	1	0	8	5 / 100%

Vorönn 2022

Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Ásdís Björg Ingvarsdóttir, næringarfræðikennari LH (fjarnám)
Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, LH/Hólmsheiði (fjarnám)
Guðfinna Gunnardóttir, enskukennari Sogni (staðnáms)
Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnáms)
Helgi Hermannsson, félagsgreinakennari, LH (staðnáms)
Ingvar Bjarnason, stærðfræði/grunnteikn. kennari, Sogni (staðnáms) og LH (fjarnám)
Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnáms)
Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
Paola Daziani, enskukennari, LH (staðnáms)
Sigríður Guðmundsdóttir, spænskukennari, LH (fjarnám)
Sólveig Sigmarsdóttir, dönskukennari, LH og Sogni (fjarnám)
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnáms)
Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari, LH (staðnáms)

Samantekt um skólahaldið

Alls voru 70 nemendur voru skráðir í 858 einingar við FSu í fangelsunum á vorönn 2022; 54 á Litla-Hrauni og 7 í Sogni og 9 á Hólmsheiði. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni.

Skólahald hófst miðvikudaginn 5. janúar með skráningu nemenda. Kennsla hófst fimmtudaginn 6. janúar skv. stundaskrá.

Í Sogni sinntu 3 kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í ensku, íslensku og stærðfræði einu sinni í viku. Á Litla-Hrauni sinntu 7 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum, stærðfræði, upplýsingatækni og tréiðngreinum. Ekki var starfandi sérkennari á önninni. Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi eru með fasta viðveru og starfsaðstöðu á Litla-Hrauni og heimsækja hin fangelsin eftir þörfum.

Skólastarf í fangelsunum var nokkuð hefðbundið á vorönn og farsóttaráhrif að mestu horfin. Óvenjumikil hreyfing var á nemendum og önnin endaslepp, mjög fáir héldu út til vors, en segja má að það hafi „bjargað önninni“ hve margir nemendur stóðust stöðupróf í ensku. Af 70 skráðum nemendum gengust 30 undir námsmat, eða tæp 43%.

Fimm kennarar kenndu 7 fjarnámsnemendum 7 mismunandi áfanga, alls 50 einingar og stóðust 20 af þeim, eða 40%.

Yfirlit yfir námsárangur

Námsárangur var góður á önninni. Af 336 einingum sem komu til námsmats stóðust 310 eða 92% en 26 einingar fóru í súginn. Alls voru gefnar 74 einkunnir og stóðust 68 en 6 féllu. Nemendur koma og í skólann á öllum tímum, og eru fluttir burt án fyrirvara. „Brottfall“ 40 nemenda með 522 einingar skýrist að nokkrum hluta af því en aðrar ástæður í þessum nemendahópi eru kunnar og liggur ljóst fyrir að ekki er raunhæft að allar skráningar skili sér í námsmati og einkunnum. Einn nemandi lauk 8 áföngum og 38 einingum. Geri aðrir betur!

Einkunnadreifing V22

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	22	16	6	9	5	4	0	1	0	0	6	5
/74	29,7%	21,6%	0,8%	1,2%	0,7%	0,5%	0%	0,1%	0%	0%	0,8%	0,7%

ALMENNT BÓKNÁM

Danska

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
DANS1DL05	1	0	1		0 / 0%

Enska

	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
ENSK1HF05	13	12	1	9,2	60 / 92%
ENSK1HA05	14	13	1	9,2	65 / 93%
ENSK2HB05	14	14	0	8,9	70 / 100%
ENSK2HC05	2	2	0	8,5	10 / 100%

ENSK2OR05	1	1	0	10	5 / 100%
-----------	---	---	---	----	----------

Félagsfræði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
FÉLA2AF05	1	0	1		0 / 0%

Færni/námstækni

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
FÆRN1NS02	6	6	0	5	12 / 100%

Íslenska

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
ÍSLE1LR05	3	3	0	5,3	15 / 100%
ÍSLE2OS05	1	1	0	7	5 / 100%

Íþróttir

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnar ein. / %
ÍÞRÓS1ÞH03	4	2	2	9	6 / 50%

Saga

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
SAGA2YA05	1	0	1	0	0 / 0%

Spænska

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
SPÆN1AA05	2	1	1	4,5	5 / 50%

Stærðfræði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
STÆR1AA05	1	1	0	10	5 / 100%
STÆR1BB05	1	1	0	10	5 / 100%
STÆR1AJ05	1	1	0	6	5 / 100%

Upplýsingatækni

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
TÖLN1GR05	4	4	0	6	20 / 100%

Grunnnám byggingagreina

Húsasmíði

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
TRÉS1VA03	4	4	0	8	12 / 100%

Teikning

	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
--	-------------	--------	------	------------	------------------

TEIK2HS05	2	1	1	8	5 / 50%
TEIK2HH05	1	1	0	8	5 / 100%

Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

Danska

Einn nemandi var skráður í fjarnám í grunnáfganga í dönsku. Hann hvarf frá námi skömmu eftir miðja önn.

Enska

Á haustönn 2021 voru kenndir eftirfarandi 6 áfangará Litla-Hrauni. Skráðir nemendur voru á bilinu 10-15. Tíu nemendur tóku stöðupróf.

Vinna fór vel fram í tímum. Lítill en góður hópur nemenda mætti reglulega og stundaði námi af samviskusemi.

Kennslan á vorönn 2022 var frekar róleg. Mæting var oft ekki mjög góð en þeir nemendur sem mættu voru yfirleitt áhugasamir og unnu vel. Sex áfangar voru í gangi, frá fyrsta og upp á þriðja þrep. Sextán nemendur tóku stöðupróf og einn kláraði heilan áfanga.

Fjórir nemendur hófu nám á haustönn í ensku á Sogni. Einn nemandi á Litla Hrauni tók enskuáfganga í fjarnámi. Þrír nemendur kláruðu 3 áfanga.

Nemendur voru mjög duglegir að nota sér kosti Innu til að drífa nám sitt áfram og læra utan kennslustunda. Það skilaði greinilega árangri hjá þessum nemendum sem höfðu mikinn hug á að klára áður en að brottför kæmi.

Einn nemandi var í fjarnámi á Litla- Hrauni. Það er mögulegt, ef að nemendur hafa úthald og staðfestu, sérstaklega þar sem aðgengi að Innu og netsambandi er takmörkum háð þar.

Eina spurningin er þá hvernig tryggja megi að allir nemendur sitji við sama borð hvað tölvukost varðar á Sogni, en það hefur ekki verið vandamál hingað til. Þá er komið sjónvarp í kennslustofuna á Sogni, sem býður upp á fleiri möguleika við staðkennslu.

Nokkrir nemendur hófu nám í upphafi vorannar, en hættu svo við eða breyttu námsleiðum sínum eins og gengur og gerist. Þrír nemendur voru virkir í námi á Sogni alla önnina og luku tveir einingabærum áföngum. Einn nemandi á Hólmsheiði var í fjarkennslu og lauk einingabærum áfanga á önninni.

Enn og aftur er ástæða til að benda á kosti þess að nýta Innu við kennslu á Sogni. Þannig er hægt að þjónusta nemendur betur á margan hátt. Nemendur geta ef þeir vilja stundað námið hraðar og unnið sjálfstætt utan kennslustunda. Einnig gefst þarna kostur fyrir nemendur að nýta sér allskonar forrit og hjálpargöng við úrvinnslu, sérstaklega er það gott fyrir nemendur sem eru að kljást við námserfiðleika, dyslexíu og fleira. Jafnframt er auðvelt að bjóða upp á fjarnám fyrir nemendur á öllum starfsstöðvum ef þarf, sérstaklega þegar nemendur eru lengra komnir. Spurningin er hvort svona blönduð leið sé framtíðin. Nemendur eru oft í fjarnámi í kjarnagreinum og spurning hvort að nýta megi kennslustundirnar líka fyrir nemendur í öðrum greinum, sem aukinn stuðning?

Félagsfræði

Einn nemandi var skráður í félagsfræðiáfangi. Um miðja önn var hann fluttur í annað úrræði og flosnaði við það úr námi.

Færni – Náms- og starfsfræðsla

Á haustönn var boðið var uppá náms- og starfsfræðsluáfangann Færni á Litla-Hrauni og á Sogni. Tveir nemendur á Sogni luku áfanganum. Markmið áfangans er að nemendur efli eigin námshæfni með því að fá þjálfun í að beita fjölbreyttum námstækniaðferðum. Áhersla er lögð á sjálfsþekkingu nemenda og að nemendur öðlist leikni í að beita aðferðum sem gagnast þeim til þess að ná auknum árangri í námi. Unnið er markvisst að því að efla sjálfstraust nemenda sem námsmanna og vekja áhuga á námi, ásamt því að skoðaðir eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á líðan og námsgengi nemenda.

Á vorönn var áfanginn kenndur í þremur hópum í fangelsunum á Sogni og á Hólmsheiði. Alls voru 14 nemendur skráðir í upphafi annar en 6 nemendur gengust undir námsmat og luku áfanganum.

Íslenska

Mestmegnis var fremur rólegt yfir kennslustundum í íslensku á skólaárinu. Þó var líflegt við upphaf beggja anna og stofan full. Fljótlega fjaraði þó undan og fáir nemendur héldu út nógu lengi til að gangast undir raunhæft námsmat, aðeins fimm nemendur á haustönn og fjórir á vorönn. Allstór hluti nemenda var erlendir ríkisborgarar sem ekki höfðu áhuga á prófum eða námsmati, en vildu kynna sér hið ástkæra, ylhýra.

Íþróttir

Þrátt fyrir áframhaldandi covid ástand var íþróttakennsla á Litla-Hrauni með eðlilegu móti að mestu leyti á haustönninni. En eins og svo oft áður voru töluverðar hreyfingar á nemendum, einhverjir fóru og aðrir komu á miðri önn sem varð til þess að ekki náðu allir að klára mikið af efni áfangans. Nemendur sem ekki klára áfanga í annarlok tapa þó ekki þeirri vinnu sem búið er að vinna heldur flæðir það yfir á næstu önn og geta nemendur haldið áfram þar sem frá var horfið.

Á önninni voru óvenju margir erlendir nemendur sem eðlilega tala ekki íslensku og í einhverjum tilfellum litla ensku. Það gerði kennsluna svolítið snúna. Oft á tíðum skiluðu þessir nemendur lítilli vinnu í bóklega hlutanum. Í flestum tilfellum eru þessir nemendur þó vel virkir í verklega hluta íþróttatímans og hafa oft jákvæð áhrif á virkni annarra nemenda þar. Hugsanlega þarf að bregðast við þessu og vera með verkefni sem hægt er að leysa án mikillar íslenskukunnáttu.

Það má líka velta fyrir sér að vera með sveigjanleika í kerfinu sem býður uppá að nemendur fái einingar fyrir það sem þeir gera í verklega hluta íþróttanna þó það vanti uppá bóklega hlutann.

Nokkuð margir nemendur voru skráðir í íþróttir í byrjun vorannar. Fljótlega fækkaði þó í hópnum og eftir stóð fámennur en nokkuð duglegur hópur. Á seinni hluta annar fækkaði enn frekar í hópnum, m.a. vegna fækkunar í fangelsinu á Litla-Hrauni. Kom það til af ýmsum ástæðum eins og viðhaldsvinnu við fangaklefa. Í lok annar voru einungis tveir virkir nemendur í íþróttum.

Eins og áður voru tveir íþróttatímar í viku, annar bóklegur og hinn verklegur. Í bóklegu tímum var lögð áhersla á að kynna hvað líkamleg áreynsla, skynsamleg næring og reglulegar svefnvenjur hafa mikið að segja hvað varðar líkamlegt og andlegt heilbrigði. Einnig var farið yfir mismunandi aðferðir

við að æfa þol, styrk og liðleika. Renata Lis þýddi verkefni yfir á pólsku sem gerði pólskum nemendum auðveldara með að vinna þau verkefni. Yfirferðin varð þó oft erfiðari fyrir kennarann því svörin skiluðu sér oft á pólsku líka.

Í verklegu tímunum var megináherslan lögð á þol og styrktar þjálfun, þó meira á þolþjálfun, oftast í formi boltaleikja, enda voru boltaíþróttir á áhugasviði nemenda á þessari önn.

Saga

Í vetur var aðeins einn nemandi skráður í fjarnám í sögu en entist ekki erindið.

Spænska

Þrír nemendur á Litla-Hrauni skráðu sig í fjarnám í spænsku við FSu. Einn hvarf frá þegar nokkuð var liðið á önnina en tveir héldu út og luku námsmati.

Stærðfræði / Grunnteikning / Fagteikning

Áfangarnir sem kenndir voru á Sogni á haustönn 2021 voru grunnteikning (GRT1FA05) og stærðfræði (STÆR2RU05). Nemendur voru lengst af 3-4, allir í stærðfræði og tveir þeirra að auki í grunnteikningu (GRT1FA05) sem þeir hættu þó báðir í þegar leið á önnina. Einn nemandi náði að klára sinn stærðfræðiáfanga (5 einingar). Nemendurnir mættu ágætlega og voru vel virkir og áhugasamir í tímunum en fóru hægt yfir efnið, nema sú eina sem náði að klára. Að auki voru 2 nemendur í fjarnámi hjá mér í gegnum Innu í fagteikningu húsasmiða (TEIK2HS05), en hvorugur þeirra náði að klára á önninni.

Á vorönn 2022 var aðeins einn nemandi í námi á Sogni í stærðfræði (STÆR2AJ05), en hann náði ekki að klára áfangann. Nemendurnir sem voru í fagteikningu húsasmiða á haustönninni í fjarnáminu héldu báðir áfram í þeim á vorönninni og náði annar þeirra að klára tvo áfanga (TEIK2HS05 og TEIK2HH05) og ljúka samtals 10 einingum.

Trésmíði

Átta nemendur voru skráðir í byrjun annar í trésmíði. Námi luku fjórir. Ástæður brottfalls má samt rekja til tilfærslu innan fangelsa en ekki vegna þess að nemendur gáfust upp á náminu. Þessi fjöldi er í efri mörkum þess að hægt sé að sinna nemendum bæði vegna takmarkana í kennsluáðstöðu og einnig vegna mismunandi getu nemenda. Þó er ekki rétt að fækka nemendum sem hefja nám vegna þess að alltaf má gera ráð fyrir að einhverjir týnist úr hópnum. Áhersla er lögð á að námið sé einingabært á húsasmiðabraut en fáar kennslustundir valda því að nemendur geta ekki skilað fullum áfanga á hverri önn. Færni og námsgeta nemenda er afar misjöfn og greinilegt að fyrri lifnaður hefur markað marga sem heftir getu þeirra til náms og starfa. Þó er rétt að halda sig við námsskrá húsasmiðabrautar, jafnvel þó ólíklegt sé að allir nemendur nýti þetta nám til starfa að afplánun lokinni.

Aðeins hefur bæst við aðstöðu. Byko gaf sagir og sporjárnasett sem hefur komið að góðum notum. Kennsla í þessu rými fer einungis fram einn morgun í viku. Aðra daga vikunnar er rýmið notað til annara starfa. Stundum er komið að kennslustofunni að morgni þegar ekki hefur verið gengið frá verkefnum gærdagsins. Það getur vel verið að þetta sé eðlilegt þegar menn deila rými en best væri að geta komið að kennslustofunni tilbúinni til kennslu. Ekki er ástæða til að gera stórt mál úr þessu en ástæða til að nefna það. Rætt var á deildarfundi í trésmíðadeild að ef keyptir verði nýir hefilbekkir

í Hamar þá fengu gömlu hefilbekkirnir framlengingu lífdaga í skólanum á Litla-Hrauni. Tekið var vel í það.

Upplýsingatækni

Upplýsingatæknifanginn er að megin uppistöðu sama efni og kennt er í FSu í áfanganum TÖLN1GR05. Hann er byggður upp á 16 verkefnum og í þessu tilviki er hvert verkefni jafnvægt. Þeir sem kláruðu öll 16 fullnægjandi fengu einkunnina 10 og þeir sem kláruðu 8 verkefni fengu 5.

Á haustönn komu samtals 9 nemendur við sögu en 6 af þeim hurfu á braut og voru skráður út úr áfanganum, sumir eftir örstutta viðveru og aðrir losnuðu eða fóru í annað úrræði. Þrír héldu út til enda og luku áfanganum.

Á vorönn voru einnig 9 nemendur skráðir til leiks í upphafi en 5 af þeim hurfu á braut áður en kom að námsmati. Fjórir héldu út til enda og kláruðu áfangann.

Náms- og starfsráðgjöf í fangelsum

Alls starfa tveir náms- og starfsráðgjafar í fangelsunum í 110% starfshlutfalli. Náms- og starfsráðgjafi frá FSu starfar í 100% starfshlutfalli við fangelsin á Litla-Hrauni, Sogni og Hólmsheiði. Náms- og starfsráðgjafi frá FSu er í 10% starfshlutfalli við fangelsið á Kvíabryggju.

Í fangelsunum á Litla-Hrauni og á Sogni er rekinn skóli en í fangelsunum á Hólmsheiði og á Kvíabryggju er einungis gert ráð fyrir fjarnámi.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og mismunandi eftir fangelsum. Þau helstu sem snúa að nemendum eru viðtöl, skráning í nám innan og utan fangelsis, stuðningur í námi, prófyfirseta og eftirfylgni. Einnig má nefna fræðslu um náms- og starfsval, ráðgjöf um vinnubrögð í námi og skipulag náms ásamt námstækni, aðstoð við gerð námsferilsáætlana, áhugasviðsgreiningar, o.fl. Önnur verkefni lúta að skipulagsvinnu, mótun verkferla og stefnumótun.

Mikið og gott samstarf er við kennslustjóra, kennara og starfsfólk fangelsi, og tengiliði við stofnanir og alla skóla sem nemendur í fangelsum eru skráðir í.

Náms- og starfsráðgjafi FSu kenndi náms- og starfsfræðslu og námstækniáfangann Færni við fangelsið á Sogni á haustönninni, en einnig var boðið upp á hann á Litla-Hrauni, þó ekki hafi náðst í hóp þar.

Eftirfarandi tafla sýnir skráningar í fjarnám á haustönn 2021:

Skráningar í fjarnám fyrir utan nám frá FSu:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litla-Hrauni	Fangelsið Sogni	Fangelsið Kvíabryggju
Nám frá FÁ	6		2	1
Nám frá FSn				3
Nám frá Prómennt	3		1	
Nám frá Fræðsluneti Suðurlands		1		
Nám frá Háskóla Íslands			2	
Nám frá Háskólanum í Reykjavík			1	

Skráningar í fjarnám á sumarönn 2021 sem náms- og starfsráðgjafi sinnti:

Skráningar í fjarnám:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litla-Hrauni	Fangelsið Sogni
Nám frá FÁ	6	8	3
Nám frá Keili		2	
Nám frá Prómennt			1
Nám frá Háskólanum í Reykjavík			1
Nám frá Háskóla Íslands			1

Eftirfarandi tafla sýnir skráningar í fjarnám á vorönn 2022:

Skráningar í fjarnám fyrir utan nám frá FSu:	Fangelsið Hólmsheiði	Fangelsið Litla-Hrauni	Fangelsið Sogni	Fangelsið Kvíabryggju
Nám frá FÁ	7		4	
Nám frá FSn				1
Nám frá NTV			1	
Nám frá Tækniskólanum		1	1	
Nám frá Háskóla Íslands			1	

Einn nemandi útskrifaðist með meistarapróf í pípulögnum frá Tækniskólanum. Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þurftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum eins og almennt þarf.

Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þurftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum eins og almennt þarf.

Lokaorð

Skólaárið 2021-2022 var um margt sérstakt. Mikill fjöldi nemenda skráði sig til náms, eins og jafnan, en úthaldið var minna en oftast áður, mætingin slakari þegar leið á, sérstaklega á vorönninni og færri í einhverjum færum að gangast undir námsmat og ljúka einingum. Ýmsar skýringar eru tiltækar. Heil deild á Litla-Hrauni var lokuð lengst af og vistmenn færri. Sífelld fleiri afplána dóma í samfélagsþjónustu eða opnum úrræðum og af því leiðir að samsetning nemendahópsins í þessari deild skólans hefur breyst. Þessar breyttu aðstæður kalla enn frekar en áður á sérstök úrræði, sérkennslu og verklegt nám.

Því var slæmt var að sérkennari fór í námsleyfi og fékkst ekki annar til afleysinga. Sveiflur eru í námsframboðinu, myndlistin féll út á vorönn og málmiðngreinarnar voru ekki kenndar á skólaárinu. Í staðinn var kenndur verklegur áfangi á húsasmíðabraut, sem vonandi er kominn til að vera. Það gengur því hægt að auka námsframboðið og er það bagalegt, sérstaklega varðandi verklegra áfanga.

Við lok skólaárs þakkar undirritaður öllum viðkomandi kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf. Það er uppörvandi að finna bæði meðal stjórnenda og samkennara skilning á mikilvægi þess starfs sem fram fer í skólanum í fangelsunum.

12 Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafar: Agnes Ósk Snorradóttir, Anna Fríða Bjarnadóttir og Bjarney Sif Ægisadóttir

Starfslið

Skólaárið 2021-2022 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann í samtals 2,25% stöðuhlutfalli. Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli og fagstjóri námsráðgjafar 2021-2023. Anna Fríða Bjarnadóttir í 100% stöðuhlutfalli og Bjarney Sif Ægisadóttir í 50% starfshlutfalli. Auk þess var Bjarney í störfum við kennslu og umsjón grunnmenntabúar.

Símenntun, fundir og samstarfsverkefni

Námsráðgjafar sóttu ýmsa fundi og rafræna fyrirlestra á skólaárinu:

- Tvo fundi á vegum Embættis landlæknis og Heilsueflandi framhaldsskóla vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Málþing um aðgengi að sálfræðipjónustu fyrir framhaldsskólanema og í kjölfarið funduðu námsráðgjafar með stjórnendum um stöðuna hér í FSu þar sem enginn sálfræðipjónusta var í boði þetta skólaár.
- Í mars sat námsrágjafi rafrænan fund með skólameistara ásamt skólameisturum hinna framhaldsskólanna á Suðurlandi og Framkvæmdastjóra HSu og yfirsálfræðing HSu um sálfræðipjónustu framhaldsskólanemenda.
- Undir lok skólaárs komu sálfræðingar HSu til okkar á fund til að ræða skipulag á þjónustu næsta vetur, en ljóst er að um er að ræða mjög litla þjónustu.
- Í upphafi skólaárs funduðu námsráðgjafar með ungmennaráðgjafa Árborgar sem var ný staða hjá sveitarfélaginu í Árborg og miðar að þjónustu ungmenna upp að 18 ára.
- Námsráðgjafar sóttu samstarfsfund í Hamri vegna breytinga á iðnnemasamningum.
- Í október sátu námsráðgjafar rafrænt málþing á vegum Landlæknisembættis um svefn.
- Námsráðgjafar sóttu vefstefnu um rannsókn á lesblindu og kvíða sem Félag Lesblindra stóð fyrir þann 4. maí.
- Námsráðgjafar funduðu með Dagbjörtu umsjónarmanni Pakkhússins ungmennahúss.
- Undir lok skólaárs sóttu námsráðgjafar námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands fyrir náms- og starfsfáðgjafa í framhaldsskólum um náms- og starfsfræðslu og kynningu á úrræðum fyrir einstaklinga sem hætta námi. Námskeiðið var heill dagur og haldið í Flensborgarskólanum.

Fageflingarsjóður

Fageflingarsjóður auglýsti eftir áramótin eftir umsóknum vegna styrkja þar sem kennarar (og náms- og starfsráðgjafar) geta sótt um styrki vegna verkefna sem miða að framþróun, nýsköpun og samþættingarvinnu. Námsráðgjafar í samvinnu við Sigbrúði Harðardóttur sem hefur umsjón með nemendum með annað móðurmál en íslensku. Saman unnum við að umsóknum fyrir tvö verkefni, annarsvegar vegna undirbúnings fyrir stofnun námsvers við skólann og hins vegar vegna þróunar á nýrri námsbraut hér við skólann, námsbraut fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Styrkur fékkst fyrir seinna verkefnið og var unnið að því verkefni eftir áramót. Meðal annars heimsóttum við Tækniskólann, MH, FÁ og áttum fund með FS.

Áhugasviðskannanir

Á skólaárinu voru þrír nemendur sem óskuðu eftir að taka áhugasviðskönnunina Bendill. Ellefu nemendur tóku áhugasviðskönnunina IDEAS. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár og margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla áður en þeir hefja nám í framhaldsskóla. Töluvert fleiri nemendur komu í viðtal til náms- og starfsráðgjafa vegna vangaveltna um val á námi og til þess að ræða framtíðar möguleika og hugmyndir varðandi val á námi og störfum.

Nýjungar

Í tilefni af baráttudegi gegn einelti var útbúinn tilkynningarhnappur á heimasíðu skólans þar sem hægt er að tilkynna einelti á einfaldan hátt. Náms- og starfsráðgjafar stóðu fyrir þessari breytingu. Af því tilefni útbjó námsráðgjöfin fræðslufni um einkenni eineltis sem farið var með í bragahópana.

Útbúin var sérstök kynningarsíða á heimasíðu skólans til fyrir nemendur 10. Bekkja og forráðamenn þeirra.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrakynningin var haldin rafræn í ár vegna Covid og Agnes kynnti námsráðgjöfina fyrir foreldrum á þessum fundi.

Íslenskir háskólar

Háskóladagurinn var alfarið rafrænn í ár og auglýstu námsráðgjafar viðburðinn fyrir nemendur FSu.

Kynningar fyrir nemendur FSu

Á þessu skólaári höfðu námsráðgjafar milligöngu um námskynningar sem að fóru fram á Kátum Dögum. Háskóli Íslands kom og kynnti nám í lögfræði, Háskólinn í Reykjavík kynnti nám í iðn- og tæknifræðideild og Háskólinn á Akureyri kynnti nám í Lögreglufræði og iðjuþjálfun. Aðrar námskynningar fóru fram rafrænt og sendu námsráðgjafar upplýsingar á útskriftarnemendur um það, til dæmis varðandi umsóknarfresti Háskólanna á Íslandi.

Kynningar fyrir grunnskóla

Náms- og starfsráðgjafar buðu grunnskólum á Suðurlandi upp á að fá kynningu á námi í FSu fyrir nemendur sína í 9. og 10. bekk. Að þessu sinni var algengasta form á kynningum þannig að skólarnir komu með nemendahópana sína hingað til okkar og fyrst var byrjað á kynningu í sal og svo farin skoðunarferð um skólann. Þetta reyndist skemmtilegt fyrirkomulag. Nokkrir skólar óskuðu eftir að fá okkur með kynninguna til þeirra sem er það form sem hingað til hefur verið á þessum kynningum. Sumir þessara skóla komu svo síðar og fengur skoðunarferð um skólann.

Opið hús

Þriðjudaginn 5. apríl var opið hús í FSu. Opið hús er ætlað sérstaklega fyrir foreldra og forráðamenn 10. bekkja. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvað FSu býður upp á. Námsráðgjafar velta fyrir sér hvort ekki ætti að leggja meiri áherslu á kynningu á brautum og sérstöðu skólans á Opnu húsi frekar en að kynna staka áfanga eða kjarnagreinar líkt og hingað til

hefur verið áhersla á líkt og á áfangamessu þar sem tilgangurinn og markhópurinn er annar. Það er reynsla okkar að það helsta sem nemendur og forráðamenn velta fyrir sér er hvaða námsbraut nemendur ættu að sækja um á í FSu og henti þeirra börnum best. Uppfæra þarf plaggöt þar sem brautirnar eru settar fram á skýran hátt en einnig þyrfti fulltrúi frá hverri námsbraut (best ef það væri einhverskonar brautarstjóri) að geta veitt upplýsingar um hverja námsbraut fyrir sig og áhersluatriði þeirrar brautar. Að auki er mikilvægt að fulltrúar akademía séu á svæðinu þar sem þeir foreldrar sem vilja geti fengið upplýsingar um það starf. Að þessu sinni mætti einn fulltrúi þeirra.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann, námsframboð hans, þjónustu og stuðning.

Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningum voru 149 á haustönn en 151 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu, Excel og í Go Pro ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í læstum skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Upplýsingar um greiningar eru skráðar í athugasemdir í Innu (Admin Inna) og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Á þessu skólaári þurfti að handskrá greiningarupplýsingar allra nemenda inn í nýja Admin Innu þar sem lokað var á upplýsingar um sérúrræði í gömlu innunni. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Tilhliðrun í prófum

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda á greiningarlista hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og í maí. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. INNA hefur ekki alveg unnið með okkur hvað varðar skráningu sérúrræða og aðgengi kennara að þeim. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu.

Þessi flokkun gefur aðeins vísbendingar því að flokkarnir geta skarast talsvert. Til dæmis geta langvinn veikindi líka verið andleg. Í töflunni hér að neðan eru ástæðurnar sem eru gefnar upp á opnu vottorðunum:

	H'21 KVK	KK		KVK	V'22 KK
Ástæður					
Andleg veikindi	2	4		1	3
Líkamleg/andleg veikindi	1			2	
Líkamleg veikindi	4	2		3	2
Mígreni	1	1		1	1
Aðrar ástæður	7	5		13	11
Fjöldi	15	12		29	17

	Haust'21	Vor'22
Samtals opin vottorð	27	46

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

- Barnavernd
- Barnahús
- Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)
- Birta starfsendurhæfing
- Félagsmálafirvöld
- Fjölmenningateymi Árborgar
- Fósturheimili á vegum félagsmálafirvalda
- Heilsugæslan
- Sjónarhóll
- Vinnumálstofnun
- Prestur
- Lögreglan

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði:

- Hingað til hafa námsráðgjafar haldið úti upplýsingabæklingum varðandi námsleiðir bæði innanlands og erlendis. Á þessu skólaári var tekin ákvörðun um að taka þessa bæklinga og hillur vegna þess að flestir skólar eru hættir að gefa út bæklinga og best að skoða nýjustu upplýsingar á netinu.
- Námsráðgjafar héldu tvö fræðsluerindi fyrir bragahópa á sérnámsbraut. Anna Fríða var með fræðslu um kvíða í október og Bjarney var með fræðslu um svefn og orkudrykki í nóvember.
- Uppfæra glærukynningu fyrir kennara þar sem fram koma upplýsingar um greiningar sem algengar eru meðal nemenda og hvernig er hægt að koma til móts við þarfir nemenda með þessar greiningar. Þessar mikilvægu upplýsingar eru sendar út á hverju hausti.
- Uppfæra Facebook og Instagram síður fyrir náms- og starfráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftar ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- Anna Fríða tók á móti þýskum nemendahópi sem er að læra félagsliða.
- Aðstoða og koma að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist og jafnvel lengur.
- Sækja um aðgang að hljóðbókasafni fyrir nemendur með greiningar sem eiga rétt á því, þar er hægt að fá flestar námsbækur á hljóðbók og einnig talgervla.
- Stundatöflubreytingar, bæði á tilteknum dögum í upphafi hvers annar, en þessi vinna fer þó yfirleitt fram rúmlega fyrstu viku hvernar annar. Það eru yfirleitt ýmsar ástæður fyrir því að nemendur þurfa að breyta stundatöflum.
- Breyta vali nemenda vegna niðurstöðu námsmats í lok hvernar annar.
- Agnes er í Neyðarstjórn skólans fyrir hönd náms- og starfsráðgjafar.
- Bjarney var í Kátu Daga nefndinni.
- Skrá upplýsingar í skjalastjórnunarkerfið GoPro.
- Uppfæra glærusýningar fyrir bragahópa, t.d. um eineltisforvarnir og hnapp á heimasíðu þar sem er hægt að tilkynna einelti.
- Námsráðgjafar buðu upp á „hleðslustöð“ á Bollastöðum fyrir samstarfsfólkið í byrjun desember sem vakti mikla lukku.
- Agnes tók þátt í að skreyta Bollastaði fyrir Ítalíuferðina.

Umræður og lokaorð

Þetta skólaár var að mörgu leyti óvenjulegt vegna aðstæðna, bæði faraldurs og veðurs. Í heildina

gekk þó starfið sem að okkur snýr vonum fram og gott var að hægt var að halda skólanum opnum að mestu leyti.

Við erum ánægðar með að málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku eru komin í góðan farveg, en í síðustu ársskýrslum hefur okkur verið tíðrætt um þann málaflokk. Þegar við lítum til framtíðar sjáum við sóknarfæri í að bæta þjónustu við nemendur, bæði tengt þessum málaflokki og fyrir alla nemendur. Stöðu okkar í samanburði við aðra framhaldsskóla á sviði stoðþjónustu má bæta talsvert, en það kemur skýrt fram í nýrri samanburðarkönnun á vegum Sambands Íslenskra Framhaldsskólanemenda (SÍF) og sjá má á www.studningsbankinn.is. Við höfum kynnt okkur stuðningsúrræði flestra framhaldsskóla og þeir bjóða orðið langflestir upp á námsver sem er opið daglega, jafnvel allan daginn, þar sem nemendur geta fengið aðstoð kennara við verkefni, ritgerðir, stærðfræði og fleira.

Í síðustu ársskýrslu töluðum við um að betra væri ef töflubreytingadagurinn væri ekki sama dag og nýnemadagurinn, þar sem nýnemar þurfa stundum líka af ýmsum ástæðum að breyta sínum töflum. Við viljum aftur leggja áherslu á þetta því það skapar stress og kvíða hjá nemendum þegar þeir halda að þeir hafa misst af þessu tækifæri. Sumir skólar bjóða upp á töflubreytingar fyrstu dagana líkt og raunin er hjá okkur, því við námsráðgjafar erum fyrstu dagana að vinna í töflubreytingum og mikið álag fyrstu dagana vegna þess. Hins vegar eru töflubreytingar bara auglýstar hjá skólanum í örfáar klukkustundir í einn dag og því margir sem að halda að þeir hafa misst af þeim. Okkur finnst að opinberar upplýsingar skólans eigi að samræmast þjónustunni í reynd og allt sé upp á borðum. Annars standa nemendur ekki allir jafnt að vígi og jafnvel að þeir sem eiga sterkara bakland hafi meira tækifæri til að fá breytingu á töflunni sinni í gegn, breytingu sem yfirleitt er nauðsynleg.

Við höfum töluvert velt fyrir okkur hvernig betur má styðja bæði kennara og nemendur í tengslum við valvikurnar, þegar nemendur velja áfanga fyrir næstu annir. Einnig höfum við hugsað um hvernig hægt er að auka tengingu nemenda við sinn umsjónakennara. Í fyrra sendum við hugmynd á stjórnendur um að braganemendum verði skipt í hópa eftir námsbrautum og að kennari á þeirri braut verði bragakennarinn. Þannig teljum við að efla mætti báða þessa þætti, þ.e. gera valið markvissara þar sem að faggreinakennarar þekkja sína braut og þurfa ekki að setja sig inn í allar námsbrautir skólans, ásamt því að þannig teljum við að betri tenging og skuldbinding náist milli umsjónarkennara (bragakennara) og braganemenda. Við höfum einnig séð að í mörgum skólum eru svokallaðir brautarstjórar sem að halda utan um nám nemenda á sinni braut og aðstoða þá við valið og fleira sem tengist námi á brautinni.

Við fögnum því að á þessu skólaári hófst vinna við gerð kynningarmyndbanda fyrir brautir skólans. Myndböndin nýttust vel í kynningu á námi fyrri 10. bekkinga en vel væri hægt að nýta myndböndin enn frekar, til dæmis með því að setja þau á heimasíðuna þar sem brautirnar eru kynntar og samfélagsmiðla. Við vonumst til að vinnunni verði haldið áfram og búin til myndbönd fyrir fleiri brautir ásamt því að mikilvægt er að endurnýja myndböndin reglulega.

Mikil vonbrigði voru að engin sálfræðiþjónusta var í boði við skólann þetta skólaár. Kemur það mjög niður á stoðþjónustu skólans. Vitað er að þörfin er mikil og finnst okkur áhyggjuefni að nemendur FSu hafi ekki aðgang að sálfræðiþjónustu innan skólans, líkt og langflestir aðrir framhaldsskólanemendur á landinu, enda hafa flestir skólar tekið það skref að ráða til sín sálfræðing. Á þessu skólaári hefur orðið talsverð aukning á tilkynningum til barnavernda og öðrum samskiptum við barnaverndir. Fjölgun verkefna í þessum málaflokki sýnir aukna þyngd í málum sem rata á borð

námsráðgjafa. Fjölbreyttur nemendahópur skólans kallar á aukna stöðþjónustu á öllum sviðum. Með sameiningu Garðyrkjuskólans á Reykjum við FSu eykst nemendafjöldi skólans töluvert ásamt því að samsetning nemendahópsins verður enn fjölbreyttari. Þörfin fyrir aukna náms- og starfsráðgjöf mun því aukast og almennt er miðað við eitt stöðugildi náms- og starfsráðgjafa á hverja 300 nemendur, en nú eru stöðugildi náms- og starfsráðgjafa 2,25 við skólann. Því má sjá að ef vel ætti að vera þyrftu að vera a.m.k. þrjú stöðugildi náms- og starfsráðgjafa við skólann.

Til þess að styðja við nemendur með námserfiðleika teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk undir sinni umsjón. Um 20% nemenda okkar hafa skilað inn greiningum um námserfiðleika (fyrir utan nemendur á sérnámsbraut) svo það er töluvert hátt hlutfall nemenda skólans sem fellur undir þennan málaflokk. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Sumir skólar hafa t.d. sérstakan dyslexíu ráðgjafa sem nemendur með lestrarerfiðleika geta leitað til. Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til þess að fá leiðbeiningar um hvernig best sé að mæta þessum hópi.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, fjölmennningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómstunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a. sinna starfi félags- og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, líkams-, félags- og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

13 Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

Inngangur

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í sex skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram að einhverju leiti, en stöðugildi umsjónarmanns (sem í upphafi voru tveir) hefur verið minnkað töluvert.

Markmið grunnmenntabráar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabré. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram í tveimur kennslustundum á viku og í tveimur kennslustundum fá nemendur aðstoð við heimanám og sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabráar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

Brautarstjórn og sérstaða brautar

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabráar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig

fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir flesta nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms (vorið áður eða um haustið) þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabré er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundi og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Umsjónaraðili með grunnmenntabré skólaárið 2021-22 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar og nemendur sem eru nýir á grunnmenntabré, en koma af sérnámsbraut skólans voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp á þessu skólaári. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnmenntabré, en það eru nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

Námsframvinda nemenda haustönn 2021

Haustið 2021 hófu 38 nemendur nám á grunnmenntabré, sem er óvenju stór hópur. Til samanburðar voru nemendurnir 22 árinu á undan, en fjöldinn er mjög breytilegur milli anna. Nemendahópurinn sem var í sérstöku utanumhaldi í áfanganum NÁSS1GA05 var að langstærstum hluta nýnemar, en einn nemandi kom af sérnámsbrautinni og einn nemandi hafði byrjað í skólanum vorönn 21. Vegna fjölda nemenda voru tveir hópar í NÁSS áfanganum. Af þessum 38 nemendum sem hófu nám á haustönninni þá hættu 5 nemendur námi, flestir snemma á önninni og sumir þeirra mættu nánast aldrei. Því má segja að þeir hafi í raun ekki gefið náminu á brautinni tækifæri. Það voru því 33 nemendur sem luku námi á haustönn 21.

Þessir 33 nemendur sem að luku námi á haustönn 2021 voru samtals skráðir í 967 einingar og luku 731 einingum eða 75,4% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Það er gleðilegt að segja frá því að 15 nemendur náðu öllum þeim einingum sem þeir lögðu upp með í upphafi annar.

Námsframvinda nemenda vorönn 2021

Á milli anna hættu þrír nemendur námi, ýmist vegna flutninga eða annars. Tveir nemendur kláruðu nám á grunnmenntabré og innrituðust þeir báðir á stúdentsbraut á vorönn. Á vorönn bættust þrír nemendur við nemendahópinn á grunnmenntabré, tveir af þeim komu af sérnámsbrautinni og einn nemandi var að hefja nám í FSu.

Við upphaf vorannar voru því áfram óvenju margir nemendur á grunnmenntabré, eða 35 nemendur í sérstöku utanumhaldi í NÁSS1GB05 áfanganum (til samanburðar voru það 21 nemandi árið áður). Tveir af þessum nemendum hættu námi á önninni en þeir höfðu átt erfitt með mætingar af ýmsum ástæðum. Það voru því 33 nemendur sem voru í sérstöku utanumhaldi alla önnina og kláruðu vorönn 2022, en þess má geta að vegna fjölda nemenda var utanumhaldið sennilegast talsvert minna en undanfarin ár vegna tímaskorts.

Nemendurnir 33 voru skráðir í 1047 einingar í upphafi annar og stóðust 696 einingar við annarlök, eða 65% af þeim einingum sem lagt var upp með. Þessi námsárangur er talsvert minni en hingað til hefur verið, en til samanburðar náðust um 80% af einingunum árinu áður. Það er vert að ígrunda hvers vegna námsárangurinn er þetta verri þessa önnina í samanburði við fyrri annir, en sennilegast spila margir

þættir þar inn í. Vegna sóttkvíar og einangrunar bæði kennara og nemenda auk óvenju margra daga þar sem slæmt veður hafði áhrif á skólagönguna var töluvert los á nemendahópnum þessa önnina sem er líklegt til að hafa haft einhver áhrif.

Það er gaman að vekja athygli á því að 9 nemendur náðu öllum sínum einingum og 5 nemendur til viðbótar náðu öllum sínum einingum nema einum áfanga. Langflestir nemendur ná að uppfylla inntökuskilyrði inn á aðra námsbrautir fyrir næsta haust og aðeins einn nemandi hefur ekki lokið fornámsáföngum í bæði íslensku og stærðfræði og heldur því að öllum líkindum áfram á grunnmenntabré.

Þegar horft er fram á næsta skólaár, þá eru 20 nemendur af grunnmenntabré að sækja um á iðnnámsbraut hjá okkur í FSu og 11 nemendur sækja um á stúdentsbraut. Þegar þetta er ritað á eftir að koma í ljós hversu margir nemendur komast inn á þær brautir sem þeir óska eftir.

Umræður og framtíðarsýn

Skólaárið 2021-22 var að mörgu leyti krefjandi skólaár. Skólaárið á undan var mikið markað af skólalokunum vegna covid sem líklega hefur haft áhrif á undirbúning nemenda sem hófu nám í framhaldsskóla haustið 21. Það má leiða líkur að því að fyrir nemendur sem innrituðust á grunnmenntabré þetta haust, hafi fyrra skólaár haft sérstaklega mikil áhrif þar sem um er að ræða nemendahóp sem glímir við ýmsa námserfiðleika, en einnig oft persónulega- og félagslega erfiðleika. Þrátt fyrir að skólin hafi ekki lokað í marga daga þetta skólaár vegna covid, voru ýmsar takmarkanir vegna sóttvarnareglna, eins og grímuskylda og oft á tíðum óvissa. Þá voru margir töluvert frá vegna sóttkvíar, jafnvel endurtekinnar sóttkvíar, einangrunar og annara veikinda en þessir þættir höfðu vissulega líka áhrif á starfsmenn sem voru líka frá vegna sömu þátta á önninni. Á vorönn varð líka nokkuð los vegna endurtekinnar slæmrar veðurspár og skólinn ýmist lokaður, fjarkennsla eða fámennit í skólanum þessa nokkra daga á önninni. Við svona los reynir mikið á sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, sjálfsstjórn og aga en þetta eru allt þættir sem margir nemendur á grunnmenntabré þurfa að vinna í að efla og styrkja hjá sér og kemur oft samhliða trú á eigin getu og góðri sjálfsmynd.

Á þessu skólaári var metfjöldi skráður á grunnmenntabré, en aldrei áður hafa jafn margir nemendur verið skráðir á brautina. Einu sinni áður hafa þeir verið í kringum 30, en yfirleitt í kringum 20 og alveg niður í 14 nemendur. Í ár voru 38 nemendur sem hófu nám á brautinni á haustönn og 35 nemendur á vorönn. Til samanburðar voru þeir 22 og 21 skólaárið á undan. Það má færa rök fyrir því að stöðugildi umsjónarmanns brautarinnar þyrfti að vera í samræmi við nemendafjölda því það gefur augaleið að umsjónarmaður nær ekki að fylgjast jafn vel með mætingum og námsframvindu og eiga í jafn reglulegum foreldrasamskiptum þegar nemendahópurinn telur tæplega 40 nemendur og hann getur gert ef nemendurnir eru helmingi færri (sama stöðuhlutfall), en þessir þættir eru mikilvægur hluti af sérstöðu brautarinnar og þeirri þjónustu og stuðningi sem brautin á að gefa kost á.

Nemendahópurinn á grunnmenntabré var fjölbreyttur að venju. Síðustu ár hefur það færst í aukana að nemendur innritast á brautina sem eiga sögu um skóla forðun og hafa lítið stundað nám í efstu tveimur bekkjum grunnskólans. Staða þess nemendahóps er töluvert önnur en nemenda sem hafa lokið námi í 10. bekk og hafa mætt vel og sinnt námi. Vandir þessa nemendahóps er oft á tíðum fjölþættur, þar sem félagslegir og persónulegir erfiðleikar, ásamt greiningum um námserfiðleika koma yfirleitt við sögu. Það er mat umsjónaraðila grunnmenntabráar að huga þurfi vel að þessum nemendahóp sem virðist fara stækkandi og skoða þurfi hvort þróa þurfi námsúrræði sem hentar þessum nemendahóp enn frekar.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er annar nemendahópur sem huga þarf sérstaklega að á grunnmenntabré. Þar erum við einnig með fjölbreyttan hóp nemenda, sem sumir hafa fæðst og búið alla ævi á Íslandi en aðrir hafa búið styttra á landinu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku sem stunda nám á grunnmenntabré eiga það sameiginlegt á grunnmenntabrénni að uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Það er mikilvægt að huga að áframhaldandi stuðningi fyrir þennan nemendahóp þegar að grunnmenntabré lýkur, en einnig að íslenskunámi þessa nemendahóps (sérstaklega annara kynslóðar innflytjenda) sem að eru of sterkir í íslensku fyrir ÍSAN áfanga en ráða ekki við hefðbundna ÍSLE áfanga. Staða umsjónarmanns fyrir þennan nemendahóp sem hóf störf við skólann á þessu skólaári er vissulega frábær og góð framför og vonandi verður haldið áfram að bæta og þróa stuðning fyrir þennan nemendahóp, en þar myndi opið námsver koma inn sem mikilvægur stuðningur fyrir t.d. nemendur sem geta ekki fengið námsaðstoð heima.

Langflestir nemendur ljúka námi á grunnmenntabré eftir einn vetur. Þá innritast nemendur inn á aðrar brautir eftir áhugasviði. Á þessu fyrsta ári hafa nemendur fengið aðhald og stuðning meðan þeir eru að venjast nýjum aðstæðum og ná upp námshæfni um leið og þeir taka framhaldsskólaáfanga eins og félagsfræði, umhverfisfræði og íþróttافرæði. Því má segja að flestir nemendur á grunnmenntabré fái frekar mjúka byrjun á framhaldsskólagöngunni. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabré, en hingað til hefur lítill tími gefist til þess. Ákveðinn hópur nemenda leitar sjálfur til námsráðgjafa að loknu námi á brautinni en það væri gott ef hægt væri að fylgjast markvissara með öllum hópnum því stundum reynist stökkið á milli fornámsáfanga í kjarnafögum og fyrstu framhaldsskólaáfanganna töluvert. Það væri mikið framfaraskref ef þessir nemendur, líkt og aðrir nemendur skólans, hefðu aðgang að námsveri þar sem þeir gætu fengið aðstoð með verkefni og heimanám í töflugötum. Slíkt námsver myndi einnig nýtast nemendum með annað móðurmál en íslensku vel og væri mikilvægur þáttur í að styðja við nám þess nemendahóps.

Ég sem umsjónaraðili með nemendum á grunnmenntabré er sífellt að ígrunda hvernig má auka þjónustu og efla nám nemenda á brautinni. Ég hef áður rætt í ársskýrslum að ég sakna þess að vinna þessa vinnu í teymi með öðrum líkt og var í upphafi þegar tveir umsjónaraðilar voru með brautinni. Í umræðum og samvinnu fá hugmyndir frekar vængi ásamt því að um leið eru fleiri augu opin fyrir breytingum, nýjungum, því sem vel er gert og hvernig megi sem best styðja við nám nemenda. Grunnmenntabré var upphaflega þróunarverkefni og líkt og nafnið gefur til kynna ætti hún að vera í sífelldri þróun. Ein hugmynd sem ég ræddi síðastliðið skólaár við stjórnendur skólans var í tengslum við Braga-umsjónarkerfið. Nemendur á grunnmenntabré eru í rauninni tvöföldu umsjónarkerfi, bæði hjá bragakennara og umsjónaraðila á grunnmenntabré. Þetta getur valdið ruglingi hjá bæði nemendum og forráðamönnum, ásamt því að ákveðinn tvíverknaður á sér stað hjá bragakennara og umsjónaraðila á grunnmenntabré. Hugmyndin laut því að gera tilraun með það að raða nemendum í bragahópa eftir námsbraut og þannig yrðu t.d. nemendur á grunnmenntabré saman í bragahóp. Þetta gæti verið áhugavert að prófa í eitt skólaár til þess að sjá hvernig þessi hugmynd virkar í raun, en það sem helst væru mótrök fyrir þessari breytingu er stefnan um skóla án aðgreiningar og að þarna er tækifæri til þess að blanda nemendum þvert á brautir.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabré. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með

einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að hann fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemandann við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnenntabré, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemandans, aðstoða hann við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnenntabréna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnenntabré sem námsleið að loknum grunnskóla. Margir nemendur fara í viðtal ásamt forráðamönnum sínum fyrr tilstilli námsráðgjafa grunnskólans til umsjónaraðila grunnenntabréar undir lok grunnskólagöngu. Það fyrirkomulag hentar vel til þess að ræða t.d. staðsetningu nemandans í námi á framhaldsskólastigi, útskýra mun á grunnenntabré og öðrum námsbrautum, kynna námsbrautina, mynda tengsl, draga úr kvíða svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta verður til þess að fleiri nemendur byrja á brautinni á haustin eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, í stað þess að sækja um á annarri námsbraut, komast ekki inn og vera ósáttir með að byrja á grunnenntabré. Með þessu eru nemendur því oftast sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni.

Árlega legg ég könnun fyrir nemendur á grunnenntabré í síðustu kennsluviku vetrarins. Að þessu sinni var þátttakan í könnuninni ekki nægjanlega góð, en 23 nemendur svöruðu könnuninni. Þátttakan skýrist af lélegum mætungum eftir páskafrí og tengist þessu losi sem ég ræddi fyrr í þessum kafla. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru eftirfarandi: 56,5% nemenda eru ánægð eða mjög ánægð með námið á grunnenntabré, 52,2% nemenda telja að námið á GRB hafi styrkt þau sem námsmenn, 78,3% nemenda finnast heimanámstímarnir góðir eða mjög góðir og 73,9% segjast hafa nýtt heimanámstímana vel eða mjög vel. 47,8% fannst starfsfræðslutímarnir góðir eða mjög góðir. 82,6% fannst umsjónarkennarinn á grunnenntabré hjálpsamur eða mjög hjálpsamur. 30,4% líst illa eða mjög illa á að vera að hætta í heimanámstímum en 56,5% finnst það allt í lagi. 47,8% telja framtíðaráform sín varðandi nám og störf vera skýrari en áður en þau hófu nám á grunnenntabré.

Í lokin vil ég þakka sérstaklega þeim kennurum sem að voru með mér með heimanámstímana á námsbrautinni í vetur, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfangi í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍPRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnenntabré fyrir gott samstarf í vetur.

14 Nemendur af erlendum uppruna

Umsjón með nemendum af erlendum uppruna: Sigþrúður Harðardóttir

Vorið 2021 var ákveðið að koma á laggirnar nýrri stöðu við skólann þar sem viðkomandi hefði yfirumsjón með nemendum skólans af erlendum uppruna með annað móðurmál en íslensku. Starfið var auglýst sem hlutastarf á móti íslenskukennslu við skólann. Undirrituð var ráðin og hóf ég formlega störf 15. ágúst 2021. Um leið og ráðning hafði farið fram ákvað ég að afla mér upplýsinga um sambærilegt starf í öðrum skólum og hafði samband við Þjóðbjörgu Gunnarsdóttur í FS. Hún var

afar hjálpleg og út frá hennar reynslu og eftir viðtöl við skjólastjórnendur bjó ég mér til eins konar verklýsingu varðandi þetta umsjónarstarf:

- Að vera tengiliður við nemendur af erlendum uppruna
- Að vera tengiliður við fjölskyldur, námsráðgjafa og kennara nemenda af erlendum uppruna
- Að veita nemendum af erlendum uppruna leiðsögn og stuðning varðandi nám, félagslíf og framgang náms
- Að vera í sambandi við og afla upplýsinga frá grunnskólum á svæðinu varðandi nemendur af erlendum uppruna
- Að taka viðtal við alla nemendur af erlendum uppruna í upphafi hverrar annar og með reglulegu millibili eftir því sem hver og einn þarf á að halda.

Segja má að tekist hafi að gera margt af þessu. Mikill tími fór í upphafi í það að „leita að“ nemendum í skólanum sem falla undir þennan hóp. Einnig að koma á framfæri þeirri þjónustu sem ég ákvað að bjóða upp á (stuðningstíma og viðtöl) og átta sig á því hvaða nemendur þurfa alls ekki á neinni auka-aðstoð að halda. Alls er ég með 52 nemendur á skrá þegar þetta er ritað en u.þ.b. 15 þeirra hafa verið í reglulegu sambandi vegna íslenskunámsins, verkefnavinnu í öðrum námsgreinum eða aðstoð við aðra þætti skólastarfsins.

Mjög gott samstarf hefur verið við námsráðgjafa skólans en þeir hafa hingað til sinnt þessum nemendahópi mjög vel og e.t.v. farið út fyrir sitt verksvið á stundum. Margir þessara nemenda þurfa mikinn stuðning, leiðsögn við alls kyns úrlausnarefni í náminu og leiðbeiningar varðandi ytri þætti ekki síður en viðfangsefni innan skólans. Einnig hefur samstarf við aðra kennara verið mjög gott og margir þeirra hafa leitað til mín varðandi einstaka nemendur og hvernig megí best mæta þeim.

Mikilvægt markmið með þessu starfi er að koma á góðu samstarfi við grunnskólana á svæðinu og skapa tengsl sem auðvelda okkur hér í FSu að mæta þörfum nýrra nemenda en ekki síður að veita tilvonandi nemendum öryggistilfinningu sem hjálpar þeim að takast á við nýjan veruleika í framhaldsskóla. Þessi vinna hefur gengið vel og hef ég verið í sambandi við alla skólana og einnig boðað hér til fundar í samstarfi við Fjölmenningsarteymi Árborgar. Þar fór ég ásamt samkennara mínum yfir uppbyggingu náms í FSu og hvaða möguleikar nemendur af erlendum uppruna hafa við skipulag síns náms hér í skólanum.

Almennt myndi ég segja að þessi vetur hafi gengið vel. Flestum markmiðum var náð og nemendurnir sem hér um ræðir hafa allir fengið vitneskju um að þeir eigi sér nú einhvers konar málsvara og stuðningsaðila innan skólans. Margir hafa nýtt sér það mjög vel og hitta mig í hverri viku með heimanám og tímaverkefni sem ekki næst að klára í tímum. Aðra hef ég ekki hitt og e.t.v. hefði mátt ganga enn harðar á eftir því við suma að leita sér hjálpar. Með þessum orðum er ég ekki að gera lítið úr því sem hefur verið gert fyrir hópinn í gegnum árin; stjórnendur, kennarar, námsráðgjafar og aðrir starfsmenn, m.a. á bókasafni hafa allir verið boðnir og búnir að veita aðstoð. Hins vegar held ég að það hafi sýnt sig í vetur að það sé gott að einn aðili sé tengiliður við þennan nemendahóp og hjálpi honum í samskiptum við aðra, bæði innan skóla og utan.

Það er ósk mín að starfið eigi eftir að festa sig enn frekar í sessi og víkka út samhliða fjölgun nemenda af erlendum uppruna í skólanum. Það er meginmarkmið að öllum nemendum líði vel og

ljúki því námi sem hugur þeirra stendur til. Sem betur fer er sú leið bein og breið fyrir marga en aðrir þurfa stuðning til að komast á leiðarenda. Þetta umsjónarstarf verður vonandi til þess að veita slíkan stuðning þeim sem rannsóknir sýna að eru í mikilli hættu að gefast upp við íslenskt framhaldsskólanám.

15 Ísan – íslenska sem annað mál

Umsjón með Ísan: Sigprúður Harðardóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSAN2ÍA05, ÍSAN3MA05 og ÍSAN1AA05	ÍSAN2ÍB05 og ÍSAN3MB05
Sigprúður Harðardóttir	ÍSAN1GA05	ÍSAN1GA05 og ÍSAN1GB05 ÍSAN1AA og ÍSAN1BB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir hefðbundnir samkvæmt kennsluáætlun. Allir færniþættir þjálfaðir á sem fjölbreyttastan hátt og gagnvirk kennsla nýtt í enn frekari mæli en áður.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum ÍSAN áföngum fer fram símat og talsvert af verkefnum liggur undir yfir önnina. Prófað er úr flestum námsþáttum rafrænt eða á pappír og allir nemendur taka munnlegt próf og halda munnlegar kynningar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

SS: leiklist í tungumálakennslu (þriggja daga námskeið hjá Endurmenntun HÍ)

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Þar sem nemendur komu beint inn í skólann án þess að hafa neinn grunn úr íslenskum grunnskólum var gripið til námsefnis sem alla jafna er kennt í grunnskólum til að kenna grunnorðaforða. Að öðru leyti var námsefni svipað og verið hefur en í auknum mæli rafrænt.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Mikill vilji er fyrir því meðal íslenskukennara, bæði á almennum brautum og kennurum ÍSAN áfanganna að bæta við íslenskukennslu fyrir nemendur sem jafnvel eru fæddir á Íslandi og hafa farið í gegnum leik- og grunnskólanám hér á landi, en eiga í erfiðleikum með tungumálið einkum þegar lengra líður á námið. Þessa nemendur skortir oft orðaforða (námsorðaforða) og stafar það jafnvel af lítilli þjálfun í móðurmálinu og slökum námsorðaforða þar. Þetta gæti verið hagnýtur námsáfangi á 2. þrepi.

16 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta

Kerfisstjórar: Ragnar Geir Brynjólfsson og Helgi Hermannsson

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að vinnsla upplýsinga í FSu sé örugg og skilvirk og komi ávallt til móts við þær kröfur sem gerðar eru.

Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Vinna við áhættumat verkferla m.t.t. persónuverndar hófst að nýju eftir að sóttvarnartakmörkunum var aflétt og hefur miðað vel á vordögum. Vinnu við gerð upplýsingaöryggisstefnu skólans miðaði vel áfram og var hún samþykkt af skólameistara 27. september. Stefnan var svo kynnt á kennarafundi 1. október. Hún var einnig kynnt á sérstökum fundum með stjórnendum, milli stjórnendum, námsráðgjöfum og húsvörðum. Bitdefender vírusvörnin var keypt sett upp á tölvum kennara og reyndist hún vel.

Leyfamál

Flutningur Office365 skýjaaðgangs skólans til Háskóla Íslands lauk eins og áætlað var eftir lok vorannar 2021. Umsýsla Microsoft leyfamála er nú hjá Fjársýslu ríkisins.

Staða og þróun tækjakosts

Stöðugt er unnið að því verkefni að halda búnaði uppfærðum svo hann standist væntingar. Brugðist var við ábendingum úr sjálfsmati í þá vega að netið væri ekki nógu hraðvirkir með því að stækka nettengingu skólans úr 300 Mbits/sek í 1000 Mbits/sek.

Búnaður

Í eftirfarandi töflum má sjá kaupár og einingafjölda búnaðar í notkun. Tölur innan sviga eru tölur fyrra árs og af þeim má ráða hvað tækjum af tiltekinni árgerð hefur fækkað eða fjölgað frá gerð síðustu skýrslu.

Netþjónar

Kaupár	Fjöldi
2014	1 (1)
2015	1 (1)
2016	1 (1)
2017	2 (2)
Samtals	6 -

Þráðlausir sendar

Kaupár	Fjöldi
2016	10 (11)
2017	5 (6)

2018	15 (16)
2019	22 (22)
2020	19 (20)
2021	10 (6)
2022	1
Samtals	82 (81) -

Nettengieiningar (svissar)

Kaupár	Fjöldi
2014	2 (2)
2016	2 (2)
2017	6 (7)
2018	2 (2)
2019	4 (4)
2020	4 (2)
2021	1 (0)
Samtals	21 -

Borðtölvur

Kaupár	Fjöldi
2011	3 (3)
2012	1(1)
2013	0 (1)
2014	1(1)
2015	7 (7)
2016	21(22)

2017	27(27)
2018	0 (0)
2019	10(10)
2020	4 (4)
2021	15(15)
2022	3 -
Samtals	92 -

Varabirgðir

5 borðtölvur sem keyptar voru á árinu 2021 bíða þess að verða teknar í notkun og skráðar. Einnig 2 þráðlausir sendar, 9 símtæki og 11 tölvuskjái. Tveir af svissunum sem taldir eru upp í töflunum eru varasvissar og tveir upptaldir þráðlausir sendar eru varasendar. Þessi varabúnaður er tiltækur til að tryggja samfelldan rekstur.

Skýrsla aðstoðarkerfisstjóra: Helgi Hermannsson

Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 7-8 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stökk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu aðstoðarkerfisstjóra.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Kennarar leita eftir ýmskonar aðstoð bæði er varða kerfismál, notkun hugbúnaðar, gagnavistun, Innu notkun, uppsetningu á hugbúnaði og vegna bilana og vírusa í fartölvum. Smávægileg vandamál með fartölvur kennara eru yfirleitt leyst samdægurs og jafnvel stærri vandamál, eins og kerfisuppsetning yfirleitt leyst eins fljótt og auðið er.

Aðstaða tölvuþjónustu

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað.

Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur.

Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdir tveir fartölvuvagnar sem kennarar nýta í tímum.

Heimasíða FSu

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Helga Hermannssonar en fréttaritstjóri er Jón Özur

Snorrason. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu.

Fartölvur og vagnar

Lítill eftirspurn hefur verið eftir tölvum á fartölvuvögnum, sérstaklega vegna COVID varúðarráðstafana þar sem dregið hefur verið úr útleigu. Einnig eru 8 tölvur staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. Í Hamri er vagn með ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017.

Viðhald fartölva

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva en þó hefur borðið á því að DELL 5470 tölvurnar eru með lélegan kassa og vilja brotna við lamir og skjá. Alls voru 6 fartölvur teknar úr notkun á árinu vegna alvarlegra bilana og notaðar í varahluti.

Fartölvukaup á skólaárinu

- 4 st. Lenovo Thinkpad L13 Yoga,
- 12 st. Dell Latitude 3420,
- 2. st. HP EliteBook x360,
- 5 st. HP ProBook 440 G8.

Skjávarpar og önnur tæki

Enginn skjávarpi var keyptur á árinu.

Endurmenntun, ráðstefnur

Engar ráðstefnur en nokkur námskeið í UNITY leikjagerðarforritinu vegna kennslu í tölvuleikjagerð.

Námskeið og kynningar

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar.

Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu

Fartölvur í notkun – maí 2022:

- 4 st. HP ELITE BOOK. 1 hjá kennara og 3 á skrifstofugangi,
- 7 st. HP ELitebook 830 G7 hjá kennurum,
- 5 HP Elitebook x360 G7 hjá kennurum,
- 4 st. Lenovo Thinkpad L13 Yoga enn óúthlutað,
- 12 st. Dell Latitude 3420 10 enn óúthlutað,
- 5 st. HP ProBook 440 G8,
- 4 st. ThinkPad Yoga hjá stjórnendum og kennurum og ein í tölvuþjónustu,
- 13 st. ASUS PRO fartölvur á vagni út í Hamri. 9 í fartölvuvagni og 4 hjá kennurum í Hamri, (Tölva nr. 12 er ónýtt og er hjá tölvuþjónustu)
- Dell Latitude 5470: 7 hjá kennurum, 6 á starfsbraut og 5 í tölvuþjónustu / bilaðar
17 Dell Latitude 7270-80. 6 á bókasafni. 12 hjá kennurum,

- 6 Dell Latitude 7470. 5 hjá kennurum og ein í tölvuþjónustu,
- 8 Dell Latitude 7480/7490 . 7 hjá kennurum og tvær á bókasafni,
- Dell Latitude 5480. Hjá kennurum,
- 15 Dell Latitude 5490. Hjá kennurum,
- 1 Dell Latitude 5289 hjá skólameistara.

Fartölvuvagnar:

- Fartölvuvagn 8 Hamar – 9 stk. ASUS PRO. Keyptar fyrir 2016.
- Fartölvuvagn 9 (starfsbraut) – 6 stk. Dell Latitude 5470
- Spjaldtölvukassi á starfsbraut. 8 st. Ipad.

Aðrir vagnar verða lítið í boði en eitthvað verður sett í þá af DELL tölvum sem voru teknar úr notkun hjá kennurum.

17 Prófstjórn

Prófstjóri: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Haustannarpróf 2021

Aðstoðarskólameistari skipuleggur uppröðun prófa og sendi kennurum drög að próftöflu haustannar þann 8. október 2021, þá óskaði hann einnig eftir ábendingum og athugasemdum varðandi próftöfluna. Endanleg próftafla var svo gefin út 13. október (sjá töflu). Prófatími stóð nú yfir frá mánudeginum 6. desember til mánudagsins 13. desember en þann dag voru sjúkrapróf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum í nóvember upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá upplestið próf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi var auglýstur tímanlega, spannaði tæpar tvær vikur og rann út föstudaginn 26. nóvember. Einnig fengu allir nemendur upplýsingapóst um fyrirkomulag prófa, prófreglur, aðgengi að eldri prófum og fleira áður en prófatörn hófst.

Próftafla í dagsskóla 2021 haust

[illegible]

Yfirsetutafla kennara var send út fimmtudaginn 2. desember að teknu tilliti til séróska kennara. Hún var unnin út frá fjölda nemenda sem komu til með að taka próf í áföngum, en oft berast þær fjöldatölur ekki fyrr en í blálok annarinnar. Þá er hægt að raða nemendum í stofur og sjá hversu mikið þörf er fyrir yfirsetu. Yfirsetutaflan var send kennurum í tölvupósti og hengd upp við kaffistofu kennara í Odda. Flestir kennarar voru einu sinni í yfirsetu, sumir tvisvar. Próftíminn var yfirleitt klukkutími, stundum 90 mínútur, en honum til viðbótar fá allir nemendur 45 mínútur til að ljúka við úrlausn. Því er ekki lengur þörf fyrir að sækja sérstaklega um lengri próftíma. Í mörgum áföngum er sá háttur hafður á að nemendur þurfa ekki að þreyta lokapróf hafi þeir staðist námsmat annarinnar með fullnægjandi árangri. Fáir áfangar eru þess eðlis að allir nemendur taki lokapróf, þá eru sum þessara prófa svokölluð skrap próf, þar sem nemandi hefur tækifæri til að taka upp próf eða verkefni sem hann hefur misst af á önninni vegna ýmissa ástæðna eða staðið sig illa í.

Á haustönn 2021 voru 28 áfangar með próf í próftöflu. Í þau próf voru 342 nemendur skráðir. Að auki voru lokapróf í sex áföngum á sérnámsbraut. Einnig fóru fram munnleg próf í tungumálum. Þær umsóknir um sérúrræði í prófi sem voru samþykktar snéru aðallega að því að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá prófin upplesin, fá að taka þau í tölvu eða fá stærra letur. Aðstoðarkerfisstjóri hefur umsjón með upptökum á lokaprófi en einnig aðstoðar bókavörður kennara við upptökur. Að þessu sinni voru stofur 207 og 208 notaðar fyrir sérúrræði í prófum.

Vorannarpróf 2022



námsmarkmiðum 10. bekkjar í viðkomandi grein með hæfnieinkunnina B+ eða A. Þeir 15 grunnskólar sem teljast til upptökuvæðis FSu fá boð um að nýta þetta fjarnám fyrir sína nemendur.

Áfangar sem stóðu til boða á haustönn 2021 voru: ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05. Ekki var eftirspurn eftir fjarnámi í íslensku og í stærðfræði var þátttaka ekki nægileg svo einungis enskan og danskan voru kennd á haustönn.

Áfangar sem stóðu til boða á vorönn 2022, voru framhaldsáfangar í ensku og dönsku, ENSK2YL05 og DANS2ME05.

Á haustönn 2021 byrjuðu í fjarnámi 26 nemendur frá 6 grunnskólum á Suðurlandi. Sjö nemendur hófu nám í tveimur áföngum. Í ensku byrjuðu 17 nemendur, 13 luku áfanganum en fjórir hættu þegar önnin var hafin. Í dönsku byrjuðu 16 nemendur, 13 luku áfanganum með fullnægjandi einkunn, þrír féllu.

Á vorönn 2021 hófu 17 nemendur frá 6 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáföngum í ensku og dönsku. Sex af þeim voru í tveimur áföngum. 12 nemendur hófu nám í ensku og luku 10 þeirra áfanganum, tveir hættu. Í dönsku hófu 11 nemendur fjarnám og luku þeir allir áfanganum.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem hyggjast stunda fjarnám frá FSu hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Að auki krefst námið sjálfsstæðra vinnubragða, sjálfsaga og skipulagshæfni og einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur eiga erindi í fjarnámið. Þá er nauðsynlegt að nemendur hafi góðan stuðning í grunnskólunum og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og er í sambandi við kennara fjarnámsins í FSu. Grunnskóli sér um að sækja um áfanga fyrir hönd nemenda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem tengist áfanganum. Í áföngum með lokaprófum er prófað í grunnskólum viðkomandi nemanda og sér kennari FSu um að senda tengiliðum grunnskóla prófin sem þeir leggja svo fyrir. Þetta getur líka átt við um stöðu-/lotupróf. Úrlausn nemanda er svo send kennara FSu sem sér um námsmatið. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Samráðsfundur FSu með grunnskólakennurum af Suðurlandi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði var haldinn þann 27. apríl 2022. Góð mæting var á fundinn úr grunnskólum á Suðurlandi og þátttakendur voru sammála um að fundur sem slíkur bjóði upp á nauðsynlegan vettvang til uppbyggilegs samtals og samstarfs er varða skil skólastiga, fjarnám, námsmat, kennsluaðferðir og fjölmarga aðra afar gagnlega þætti.

Næsta haust verður örlítið breytt fyrirkomulag haft á fjarnámi frá FSu. Grunnáfangarnir ENSK2OL05, DANS2FJ05 og ÍSLE2OS05 standa þeim nemendum til boða sem lokið hafa hæfnimarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Aftur á móti mun grunnáfanginn í stærðfræði STÆR2AR05 verða í boði á vorönn 2023, þannig gefst grunnskólanemendum tækifæri til að ljúka námsmarkmiðum 10. bekkjar á haustönn en geta svo tekið fyrsta áfanga í stærðfræði frá FSu á vorönninni. Tölvupóstur þess efnis hefur nú þegar verið sendur grunnskólum. Nú er þess einnig krafist að til að nemandi eigi þess kost að halda áfram í framhaldsáfanga á vorönn þurfi hann að standast grunnáfanga með a.m.k. 8 í einkunn.

19 Sjálfsmat

Sjálfsmatsnefnd: Ida Løn, Kristjana S. Skúladóttir og Sigursveinn M. Sigurðsson

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og átti hann því 40 ára starfsafmæli á haustdögum 2021. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á að allir séu metnir að



verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. (Mynd: *Ida, íþróttahöll.*)

Nemendafjöldi er orðinn nokkuð stöðugur en þeim fækkaði nokkuð fyrst eftir að nám til stúdentsprófs var stýtt um eitt ár. Nú eru hins vegar vísbendingar um að nemendum fari fjölgandi aftur við skólann, mikill fólksfjölgun hefur orðið á upptökusvæði skólans á undanförunum misserum og þess má geta að nýnemahópurinn sl. haust var sá fjölmennasti í sögu skólans, eða 261. Í dag þurfa nemendur 200 framhaldsskólaeiningar til þess að ljúka stúdentsprófi og ljúka flestir þeim einingum á sex til átta önnum. Nemendafjöldi á haustönn 2021 voru 894 og á vorönn 2022 voru þeir 814. Þetta er fjöldi nemenda sem stundar nám í dagskóla en síðan er einnig kennsla í gangi í fangelsunum á Litla Hrauni, í Sogni og á Hólmsheiði. Kennarar frá FSu fara á Litla-Hraun og í Sogn en fjarkennsla er í gangi á Hólmsheiði. Nokkrir kennarar sinna einnig fjarkennslu nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Þeim nemendum hefur verið boðið upp á kennslu í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku. Áfram var kvöldskóli í rafvirkjun og húsasmíði og á vorönn bættist við staðkennsla í hárgreiðslu og matreiðslu fyrir grunnskólanemendur í Árborg.

Í markmiðum skólans kemur fram hvert er stefnt, hægt er að nálgast þau markmið með því að fara inn á heimasíðu skólans: <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Með því að setja þessi markmið er verið að búa til leið sem skólinn vill fylgja til þess að ná sem bestum árangri. Markmiðin eru byggð upp á þann hátt að lögð er áhersla á að ná yfir alla þætti starfsins og það sem við viljum sjá gerast eftir að unnið hefur verið með nemendum að ákveðnum þáttum. Varðandi markmiðin þá eru þau endurskoðuð og metin með ákveðnu millibili af starfsmönnum skólans. Þegar þau hafa verið metin er brugðist við og markmiðin uppfærð eins og við á í hvert skipti. Þegar markmiðin liggja fyrir eru þau metin en þá er fyrst og fremst velt fyrir sér: 1. Eru þau raunhæf, og 2: Er skólasamfélagið að ná þeim? Matsfundir gefa okkur ákveðna niðurstöðu sem við bregðumst við eins og við á hverju sinni.

Sjálfsmatshópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku í 55 mínútur í senn. Í upphafi haustannar voru línur lagðar og ákveðið hvað ætti að gera á skólaárinu. Áfram var haldið með að leggja fyrir könnun um nám og kennslu þ.e. GNOK. Hún var lögð fyrir tiltekna nemendahópi samkvæmt nýju skipulagi og

lauk fyrstu umferð þess á vorönn. Starfsfólk og nemendur lögðu mat á nýendurskoðuð markmið skólans á haustönn og vorönn. Þá voru ýmsar minni kannanir lagðar fyrir starfsfólk og nemendur.

Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatinu þetta árið var stýrt af hópi sem í sátu þrír einstaklingar, hópinn skipuðu Ida Lön, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigursveinn Már Sigurðsson.

Markmið sjálfsmatsins er að rýna til gagns þannig að öll starfsemi skólans sé skoðuð með ákveðnu millibili og leitað sé leiða til úrbóta í framhaldi af rýninni. Vinna sjálfsmatshópsins byggir á því að stýra vinnunni og leggja fyrir verkefni til að meta, undirbúa fundi og gera síðan aðgerðaáætlanir í framhaldi af matinu. Auk þess hefur hópurinn reynt að sjá hvar skóinn kreppir í einstökum málum og þá skoðað þau mál með aðstoð frá starfsfólki skólans og nemendum. Almennt má segja að starfsfólk komi jákvætt til þeirra funda sem haldnir eru vegna matsins og gleðjast yfir því að fá að hafa áhrif á stefnu stofnunarinnar í ýmsum málum.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Síðustu ár hefur stýrihópurinn notast við kannanir í Innu til að meta hin ýmsu atriði í skólastarfinu, bæði stuttar og lengri kannanir. Nýendurskoðuð markmið skólans voru svo metin með starfsfólki og nemendum á sérstökum fundum.

Skoska sjálfsmatskerfið, How good is our school eða HGIOS, hefur verið notað þegar hópar koma saman og eru þá metnar fullyrðingar sem tengjast markmiðum skólans. Á fundunum er starfsfólki og nemendum skipt í hópa og meta þessir hópar ákveðnar fullyrðingar sem þeim er úthlutað og gefa þeim einkunn. Einn fundur var á haustönn og annar á vorönn.

Starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu

Stýrihópurinn um sjálfsmat fundaði alls 25 sinnum á skólaárinu. Það voru 14 fundir á haustönn og 11 á vorönn. Miðað var við að fundirnir rúmuðust innan 55 mínútna í hvert skipti en ekki var laust við að það teygðist stundum svolítið úr þeim 55 mínútum. Fundað var á þriðjudögum á haustönn kl. 10:20 og á vorönn var fundað á fimmtudögum kl. 09:10.

Byrjað var á því á haustdögum að yfirfara áætlun vegna sjálfsmatsins og setja inn dagsetningar á fyrirhuguðum fundum með starfsfólki á önninni. Á haustönn voru markmið sem tengjast námi og kennslu metin og var það gert á fundi föstudaginn 5. nóvember. GNOK var lagt fyrir ákveðna hópa í Innu seinni hluta október mánaðar. Niðurstöður könnunarinnar voru í kjölfarið birt viðkomandi kennurum í Innu. Þá lagði stýrihópurinn fleiri kannanir fyrir á haustönninni, eina könnun á líðan nemenda í lok september, einnig var kannað hvaða ferðamáta annars vegar nemendur og hins vegar starfsmenn nýttu sér til að koma sér til vinnu en það var gert sem liður í innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri.

Þess má einnig geta að mikill tími á haustönninni fór í undirbúning ytra mats sem fór svo fram í nóvember. Meðal annars skipulagði stýrihópurinn fundi með rýnihópum þar sem fulltrúar starfsfólks, nemenda og foreldra lagði sitt mat á ýmis atriði sem tengjast skólastarfinu.

Í upphafi vorannar var ákveðið að föstudaginn 11. febrúar myndu starfsmenn og nemendur leggja mat á markmið skólans sem tengjast mennsku, þ.e. nemendur, stjórnun og samstarf við aðra. Eftir fundinn tók stýrihópurinn niðurstöðurnar og vann úr þeim. Að auki var GNOK könnun lögð fyrir ákveðna hópa í Innu um miðjan marsmánuð. Niðurstöðurnar voru síðan birtar viðkomandi

kennurum. Er þá lokið fyrstu umferð á GNOK könnunum samkvæmt nýju skipulagi. Næsta umferð hefst væntanlega nk. haust. Til viðbótar þessu lagði stýrihópurinn einnig könnun fyrir kennara vegna stokkatöflunnar, m.a. til að kanna þörf á breytingum á henni. Þá var könnun lögð fyrir bæði kennara og nemendur að lokinni áfangamessu vorannar sem var í byrjun mars. Niðurstöður hennar verða svo nýttar til umbóta á skipulagi hennar næsta vetur.

Niðurstöður matsins

Sóttvarnarreglur vegna Covid faraldursins hélt áfram að hafa áhrif á skólastarfið. Á haustönninni var því lögð fyrir könnun til að fá upplýsingar um líðan nemenda. Í ljós kom að líðan nemenda var heilt yfir nokkuð góð og það sem skipti kannski helstu máli voru félagslegu samskiptin við samnemendur og vini, en ekki þurfti að beita skólalokunum í miklum mæli á skólaárinu og það má því kannski segja að áhrif Covid á nemendur hafi verið farin að minnka á skólaárinu, borið saman við veturinn á undan.

Í könnun um nýja eyktaskipan sem tekin var upp á vorönn 2021, meðal annars til að koma til móts við þarfir nemenda á Covid tímum, kom í ljós að meirihluti nemenda og kennara var ánægður með skipulagið. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að halda eyktaskipaninni óbreyttri næsta skólaár þ.e. 2022-23.

Þá kom einnig í ljós að breyta þarf nokkrum atriðum sem tengjast framkvæmd áfangamessunnar sem haldin er á hverri önn í tengslum við áfangaval nemenda skólans. Meðal annars sem tengjast tímasetningu og staðsetningu hennar.

Eftirfarandi námsgreinar voru metnar með GNOK á skólaárinu:

Haust 2021:

- Stærðfræði ásamt excel áfangi
- Enska
- Húsasmíðabraut
- Samfélagsgreinar: Félagsfræði, sálfræði, hugi, kína áfangi, uppeldisfræði, heimspeki, saga, kvikmyndasaga
- Heilbrigðisfræði
- Ergó
- Umhverfisfræði

Vor 2022:

- Vélvirkjabraut
- List- og skapandi greinar: Myndlist, leiklist, listir og menning, höte, nými
- Grunnám hársnyrtiiðna
- Hestamennska
- Tölvufræði og tölvunotkun
- Ísan
- Ergó
- Næringafræði
- Viðskiptagreinar: Bókfærsla, viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði.

Stýrihópurinn ræddi mögulegar breytingar á þessu skipulagi fyrir næstu umferð, meðal annars til að jafna fjölda hópa á milli þessara þriggja anna, en í ljós kom að talsvert færri hópar voru metnir vorið 2022 en síðustu tvær annirnar á undan.

Svarhlutfall í kringum 70% verður að teljast ásættanlegur árangur, en þó er vilji til að hækka það hlutfall.

Þegar niðurstöður GNOK-sins eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára má sjá að á heildina litið eru þær nokkuð líkar, þ.e. ekki er hægt að greina miklar breytingar. Þó skal þess getið að samanburður milli ára er nú ef til vill ekki alveg marktækur, enda færri námsgreinar og áfangar nú metnir í einu. Það er ánægjulegt að sjá að nemendur eru almennt séð ánægðir með sína kennara og kennsluna. Kennurum var birt niðurstaðan eftir að niðurstöður matsins lágu fyrir og þeir beðnir um að skoða niðurstöður sínar. Aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að niðurstöðum allra.

Niðurstöður sjálfsmatsfunda haustannar og vorannar voru nýttar til að bæta ákveðna hluti í skólastarfinu. Ákveðin atriði sem komu þar fram voru þess eðlis að ekki var hægt að koma til móts við þau en munu þó nýtast áfram í þeirri umbótavinnu sem framundan er í skólanum.

Samantekt og ábendingar

Óhætt er að segja að það að geta notað Innu til að leggja hinar ýmsu kannanir fyrir starfsfólk og nemendur með tiltölulega einföldum hætti reyndist afar gagnlegt. Þó má nefna að áfram þarf að minna nemendur og starfsfólk á að svara þessum könnunum til að svarhlutfallið verði áfram gott.

Talsverður tími fór í að fá nemendur til að mæta á og taka þátt í sjálfsmatsfundum. Í ljós kom að þeim tíma er mjög vel varið þar sem nemendur hafa innsýn í skólastarfið sem kennarar og stjórnendur hafa ekki endilega.

Ekki náðist að leggja könnun fyrir aðstandendur nemenda en það er á áætlun fyrir næsta skólaár.

Umbótaáætlun

Stýrihópurinn mun nýta vorönn næsta vetrar til að endurskoða markmið skólans í heild sinni áður en annað starfsfólk kemur að þeirri vinnu, meðal annars til að samræma þau við þau markmið sem skólinn hefur sett sér á öðrum sviðum. (*Mynd hér fyrir neðan: Oddi, aðalbygging og bóknámsstofur.*)



Litið um öxl frá vorönn 2012

Önn	Nánnar
V2012	Nám og kennsla (GNOK) – unnið.

H2012	Mennska – unnið.
	Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
V2013	Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
	Heimasíða skólans var metin.
	Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
H2013	Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
	Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
V2014	Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
	Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót.
	Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
	Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.
H2014	Mennskan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
	Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.
V2015	Jafningjamat fór fram.
	GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum.
	Ytra mat var framkvæmt.
	Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.
H2015	Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
	Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.

V2016	Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
	Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni.
H2016	Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „How good is our school“ kerfinu í september.
	Skólapúlsin lagður fyrir í fjórða sinn.
V2017	Nám og kennsla (GNOK).
	Mennskan tekin fyrir.
H2017	Starfsumhverfi verður metið (H).
	Skólapúlsinn?
	Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu.
V2018	Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H).
	Hvernig getum við metið grunnþættina? Erum við að sinna þeim? → Setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.
H2018	Endurskoða markmið skólans.
V2019	Nám og kennsla metið?
	GNOK lagt fyrir aftur.
H2019	Mennska (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).
V2020	Starfsumhverfi (upplýsingar, rekstur, aðbúnaður o.fl.) og GNOK.
H2020	Skoða sjálfsmatskerfið með starfsfólki.
V2021	Meta markmiðin.
	GNOK endurskoðað og lagt fyrir.
H2021	GNOK lagt fyrir.
	Nám og kennsla metið.
V2022	GNOK lagt fyrir.
	Mennska (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).

Áætlun fyrir komandi skólaár

Önn	Nánnar
H2022	GNOK lagt fyrir.
	Starfsumhverfi metið á sjálfsmatsfundi.
	Könnun lögð fyrir aðstandendur nemenda á Innu.
V2023	GNOK lagt fyrir.
	Stýrihópur endurskoðar markmið skólans í samráði við stjórnendur